## Þessi saga á við svo marga

Edda, Tinna og Aníta leika mæðgur með leyndarmál í kvikmyndinni Skjálfta. ➤ 30



## Út með Instagram-förðunina

Förðunarfræðingurinn Ísak Freyr veit sínu viti þegar kemur að því heitasta. ➤ 34






FRÉTTABLAÐIÐ

65. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 2. APRÍL 2022

# Við trúum á herinn okkar

Karl Garðarsson og Iryna Novakovska kynntust í Kænugarði árið 2014. Þau vöknuðu upp við vondan draum þegar Rússar réðust inn í Úkraínu og segja frá því hvernig er að ræða við fimm ára dóttur sína um stríðið, þar sem amma og afi hennar eru enn. ➤ 26



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Tesla var mest seldi bíllinn í mars

ser@frettabladid.is

**BÍLAR** Tesla var mest seldi bíllinn á Íslandi í mars með 240 selda bíla samkvæmt nýjum tölum frá Bílgreinasambandinu, en Toyota kemur þar á eftir með 217 selda bíla.

Sala nýrra fólksbíla heldur áfram að aukast jafnt og þétt frá áramótum, en fyrstu þrjá mánuði þessa árs hafa 3.218 bílar selst í samanburði við 2.089 bíla í sömu mánuðum á síðasta ári.

Sala nýrra fólksbíla í mars jókst um ríflega 50 prósent miðað við mars í fyrra, en alls var skráður 1.451 nýr fólksbíll í mars í ár en 956 nýir fólksbílar í sama mánuði í fyrra.

Til einstaklinga seldust 734 nýir fólksbílar í mars samanborið við 570 á sama tíma í fyrra og er því aukning í sölu til einstaklinga nærri 30 prósent milli ára í mars. Á árinu 2022 hafa selst 1.675 nýir fólksbílar til einstaklinga en í fyrra hafði selst 1.261 nýr fólksbíll á sama tíma sem þýðir aukningu í sölu til einstaklinga um þriðjung á þessu ári.

Á árinu 2022 hefur sala nýrra fólksbifreiða í ökutækjaleigur aukist gríðarlega og hefur sú aukning hlutfallslega mest áhrif á sölukipp nýrra fólksbifreiða á þessu ári.

Nýorkubílar eru tæplega 66 prósent allra seldra nýrra fólksbíla á árinu en hlutfall nýorkubíla heldur áfram að aukast jafnt og þétt samkvæmt þessari talnasamantekt Bílgreinasambandsins. ■

## Stangveiðitímabilið hafið



Stangveiðitímabilið hófst formlega í gær og voru margir veiðimenn eflaust ánægðir að komast aftur út með stöngina eftir langan vetur. Myndin er tekin af stangveiðimönnum í Leirá í Leirársveit en þar veiddust í gær tuttugu og tveir fiskar, var þeim öllum sleppt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Langt í ræktað kjöt

arib@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Þónokkrir féllu fyrir aprílgabbi Fréttablaðsins sem birtist í blaðinu í gær. Þar sagði frá fölskum fiski og kjöti af tilraunastofu í boði á veitingastaðnum Brút.

Þeir Ólafur Örn Ólafsson og Ragnar Eiríksson, veitingamenn á Brút, sátu fyrir á mynd með kjöt- og fiskbita í tilraunaskálum. Með því fylgdi hvatning til að smakka þessa afurð sem ræktuð hafði verið á tilraunastofum Háskóla Íslands og Íslenskrar erfðagreiningar.

Fréttablaðið vill þakka Ólafi, Ragnari og Kára Stefánssyni, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, fyrir þátttöku sína í gabbinu. Nokkrir munu hafa viljað smakka þetta ræktaða kjöt, þá hafði annar fjölmiðill samband vegna umfjöllunar um þetta stórmerkilega framtak. Það er því miður eitthvað í að boðið verði upp á tilraunastofuræktað kjöt og fisk á veitingastöðum höfuðborgarinnar. ■



Kjötið og fiskurinn hjá Ragnari Eiríkssyni og Ólafi Erni Ólafssyni voru af gamla skólanum, ekki frá tilraunastofu Kára Stefánssonar.






# Fiskvinnslur Eyjamanna eiga masago-markaðinn

**Íslensk loðnuhrogn eru eftirsótt sem aldrei fyrr til sushigerðar, líklegt er að sá sem sest niður á fínum sushi-stað á vesturströnd Bandaríkjanna fái afurð frá Vestmannaeyjum.**

ser@frettabladid.is



Masago skreytir sushi-réttina og gefur þeim lit, en Eyjamenn hafa stóraukið markaðshlutdeild sína á þessum litríka mat í Vesturheimi.

**SJÁVARÚTVEGUR** Íslensk loðnuhrogn eru eftirsótt sem aldrei fyrr til sushi-gerðar, jafnt í Japan sem og á veitingastöðum um allan heim sem leggja áherslu á matargerð úr landi hinnar rísandi sólar.

Þetta þekkja útflytjendur á íslenskum fiskafurðum, á borð við Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, öðru nafni Binni í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum, en sá hinn sami framkvæmdastjóri eins öflugasta útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækis landsins segir það vera með ólíkindum hvað hrognaframleiðendur í Eyjum hafi náð sterkri markaðsstöðu vestra, einkum og sér í lagi á vesturströnd Bandaríkjanna.

„Ef menn setjast niður á sushistað á þessum slóðum má heita öruggt að allt að 70 prósent af því masago sem menn eru að neyta þar eiga uppruna sinn í Vestmannaeyjum,“ segir Binni, en masago er einmitt japanska heitið á loðnuhrognum sem þykja lostæti í japanskri matargerð fyrir nú utan að skreyta réttinn með ágengum og alla vega litum sínum.

Spyrja má hver ástæðan sé fyrir þessum einstaka árangri í útflutningi loðnuhrogna til margra bestu og viðurkenndustu sushi-staða í Vesturheimi. Og það stendur ekki á svari hjá Binna í Vinnslustöðinni í Eyjum. „Margra áratuga þróunarvinna okkar manna,“ svarar hann að bragði og vitnar í söguna.

> **Ef menn setjast niður á sushi-stað á þessum slóðum má heita öruggt að allt að 70 prósent af því masago sem menn eru að neyta þar eigi uppruna sinn í Vestmannaeyjum.**
>
> Binni í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum

Japanskir kaupendur loðnuhrogna hafi fyrir hálfri öld eða svo horft upp á fiskvinnslufólkið í Eyjum missa hrognin í gólfið. „Þeir sáu þarna mikil verðmæti fara í súginn og strengdu því kjötgrisju undir affallið af loðnunni sem tók þá á móti því sem út af féll. Þar með héldu menn eftir verðmætum sem áður höfðu skilað sér niður í ræsin.“

Þessi vakning hafi hrint af stað nýsköpun. Eyjamenn áttaðu sig ekki einasta á því að það þurfti að halda hrognunum til haga heldur urðu þau þeim mun verðmætari sem hreinsun þeirra batnaði.

„Og nú hjálpaði hraunið í Eyjum,“ útskýrir Binni. „Með því að bora tuttugu til þrjátíu metra ofan í hriplekt yfirborðið hér í Eyjum komu menn niður á ómengaðan og örverufrían sjó sem reyndist kjörinn til að hreinsa hrognin.“

Hann kveðst vonsvikinn fyrir þær sakir að verkafólkið í Eyjum, um og upp úr gosi, hafi ekki fengið eitt klapp fyrir að þróa þessar hreinsunaraðferðir sem nú skili árangri á heimsvísu í útflutningi á masago frá eyjunni undan Íslandi á marga bestu sushi-staði vestanhafs og víðar um lönd. ■


EQB
OPNAR
NÝJAR VÍDDIR.
Nýr EQB. Meira rými fyrir lífið og þá sem þér þykir vænt um. EQB frá Mercedes-EQ er með einstakt innra rými, 20 cm veghæð og pláss fyrir allt að sjö manns. Magnaður rafdrifinn sportjeppi með allt að 474 km drægi og einnig fáanlegur með 4MATIC drifbúnaði sem tryggir enn meira öryggi og einstaka akstursupplifun.
Verð frá 7.590.000 kr.
Komdu og reynsluaktu EQB.
Askja · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi
Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram.

## Tölur vikunnar

**46**
prósent Reykvíkinga vilja að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni.

**6.153**
krónur eru meðallaunakostnaður á Íslandi.

**865**
hafa sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi síðan 1. janúar.

**21,3**
prósent telja að sveitarfélögin eigi að fara með málefni fatlaðra.

**6**
hafa smitast þrisvar af Covid-19 á Íslandi.

## Þrjú í fréttum

**Will Smith,**
kvikmyndaleikari



vakti heimsathygli þegar hann sló grínistann Chris Rock utan undir á Óskarsverðlaunahátíðinni. Kinnhesturinn var tilkominn vegna brandara Rocks um eiginkonu Smiths, Jödu, sem féll illa í kramið hjá hjónunum. Smith, sem vann til verðlauna sama kvöld, baðst síðar afsökunar á hegðun sinni og Rock tilkynnti að hann myndi ekki kæra málið til lögreglu.

**Edda Sif Pálsdóttir,**
íþróttafréttakona



tjáði sig í fyrsta skipti opinberlega um alvarlega líkamsárás sem hún varð fyrir árið 2012. Í forsíðuviðtali Vikunnar sagðist hún hafa kært fjölmiðlamanninn Hjört Hjartarson fyrir líkamsárás en þar sem þau hefðu náð samkomulagi sín á milli hefði málið aldrei farið fyrir dóm.

**Bubbi Morthens,**
tónlistarmaður



Bubbi kallaði eftir nýjum tónlistarverðlaunum. Sagði hann að Íslensku tónlistarverðlaunin væru komin „í svo mikið bull“ þar sem vinsælustu lögin í landinu væru hunsuð ár eftir ár. ■

# Hætta þjónustu við Skorradalshrepp náist ekki samningar í mánuðinum

Hætta er á að eitt fámennasta sveitarfélag landsins missi þjónustusamninga sína um skóla, félagsþjónustu, slökkvilið og fleiri lögbundnar skyldur. Oddviti segir sveitarfélagið hafa fleiri möguleika.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Borgarbyggð sinnir stórum hluta af þjónustu við íbúa Skorradalshrepps. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VESTURLAND** Borgarbyggð mun hætta að þjónusta Skorradalshrepp frá og með 1. júní næstkomandi verði ekki komnir á þjónustusamningar fyrir 1. maí. Samningar hafa verið lausir í meira en ár og viðræður ganga afar illa.

Í Skorradalshreppi búa 58 manns og því þarf hann að kaupa mjög stóran hluta af þjónustunni, sem hreppnum er lagalega skylt að sinna, af nágrönnum sínum. Leikskólavist, grunnskólavist, félagsþjónustu, tómstundir og slökkvilið þar á meðal.

Stóra ágreiningsefnið eru grunnskólamálin. Borgarbyggð vill að greitt sé hlutfall af rekstrarkostnaði en Skorradalur vill greiða samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar, segir hana aðeins eiga við um skammtímaúrræði.

„Við viljum að Skorradalshreppur greiði því sem nemur kostnaði þjónustunnar,“ segir Þórdís. „Við teljum eðlilegt að sveitarfélagið sé ekki að greiða með þjónustu við íbúa Skorradalshrepps.“

Samningarnir losnuðu um þar síðustu áramót. „Við gerðum um daginn tillögur að samningum og hreppurinn kom með athugasemdir sem við gátum ekki sætt okkur við. Í apríl verður haldinn lokafundur um hvort hægt sé að ná samningum eða ekki,“ segir Þórdís.

> ”
> Það hefur orðið breyting á mannahaldi og þarna eru komnir inn aðilar sem ætla að snúa upp á höndina á Skorradal.



Árni Hjörleifsson, oddviti Skorradalshrepps

Árni Hjörleifsson, oddviti Skorradalshrepps, er harðorður í garð Borgarbyggðar og segir fulltrúa hennar sýna hroka. „Það hefur orðið breyting á mannahaldi og þarna eru komnir inn aðilar sem ætla að snúa upp á höndina á Skorradal,“ segir Árni. „Þeir segja alla samninga sem gerðir hafa verið ónýta og skrifa þurfi þá upp á nýtt.“

Hann segir fráleitt að halda því fram að nemendur úr Skorradal auki kostnaðinn, greitt sé fyrir alla sérþjónustu. „Það ætti nú að vera tekjuauki að fá nemendur úr Skorradal,“ segir Árni og líkir þessu við viðskiptavini hjá fyrirtæki.

„Við erum að borga margfalt hærra fyrir þjónustu í Borgarbyggð en önnur sveitarfélög borga fyrir sambærilega samninga,“ segir Árni en auk grunnskólasamningsins sé slökkviliðssamningurinn erfiður. Íbúar í Skorradal greiði hátt í 140 þúsund krónur á haus en íbúar Borgarbyggðar aðeins 15 þúsund. Slökkviliðsbíll Skorradals, sem Borgarbyggð eigi að hýsa á Hvanneyri, sé á hrakhólum. „Við erum mjög ósátt við hvernig umhirðan hefur verið á þessum bíl,“ segir Árni.

Í Fréttablaðinu í gær lýsti framkvæmdastjóri Þroskahjálpar áhyggjum af því að minnstu sveitarfélögin gætu ekki sinnt skyldu sinni gagnvart fötluðu fólki. Skorradalshreppur er eitt af þeim sveitarfélögum sem mótmælt hafa þvinguðum sameiningum. Könnun var gerð á sameiningarkostum við Borgarbyggð eða Hvalfjarðarsveit árið 2014 sem íbúarnir höfðu ekki áhuga á. Hefur engin umræða um þetta verið síðan.

Árni segir að Skorradalshreppur hafi aðra möguleika til að þjónusta íbúana náist ekki samningar við Borgarbyggð. Til dæmis við Akranesbæ og Hvalfjarðarsveit. Hann segist þó bjartsýnn á að málið leysist. „Í samningum eiga báðir aðilar að vera álíka sáttir. Annar á ekki að valta yfir hinn,“ segir hann. ■




FÁRANLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.
Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

**Dekkja- og felgugangar:**
32” 255/75R17 - 199.000 kr.
33,5” 285/60R20 - 199.000 kr.
33” 275/70R18 - 179.000 kr.

**Dekkjagangur:**
15” 185/55R15 - 49.800 kr.
30” 265/60R18 - 69.960 kr.
33” 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði. Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00







Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull
verslun af merkjavöru!
40-60%
afsláttur af öllum vörum
BOSS
HUGO BOSS
Stenströms
HUGO
HUGO BOSS
gardeur
SAND
COPENHAGEN
EMPORIO
ARMANI
bugatti
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
POLO
RALPH LAUREN
eterna
LES DEUX
copenhague
LLOYD
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512



Búast má við um 700 þátttakendum á æfinguna. Helmingur þeirra verður á Keflavíkurflugvelli.

## Norður-Víkingsæfingin hefst í dag

lovisa@frettabladid.is

**ÖRYGGISMÁL** Í dag hefst varnaræfingin Norður-Víkingur 2022. Æfingin fer fram á Íslandi og á hafinu í kringum landið frá 2. til 14. apríl. Megintilgangur æfingarinnar er að æfa varnir sjóleiða umhverfis Ísland og mikilvægra öryggisinnviða en einnig leit og björgun á sjó og landi. Um er að ræða reglubundna tvíhliða varnaræfingu Íslands og Bandaríkjanna með þátttöku fleiri vina- og bandalagsríkja.

Æfingin á 40 ára afmæli í ár en hefur þó ekki verið haldin síðan árið 2011. Það átti að halda hana árið 2020 en vegna heimsfaraldurs þurfti að fresta henni. Stærstur hluti æfingarinnar fer fram á sjó en þó munu fara fram æfingar á landi og mun almenningur að öllum líkindum verða mest var við æfingar sem fara fram þann 11. apríl við Miðsand í Hvalfirði en þar verður æfð landganga bandarískra landgönguliða.

Umfang æfingarinnar er svipað og áður. Alls er reiknað með að heildarfjöldi þátttakenda í æfingunni á Íslandi verði rúmlega 700 manns og má gera ráð fyrir að um helmingur þeirra verði á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Þegar æfingunni lýkur munu að öllum líkindum tvö til fjögur herskip koma til hafnar í Reykjavík og áhafnir þeirra fara í stutta stund í land. ■

# Óvenjumörg dauðsföll í febrúar og mars skapa álag á útfararstofur

Mikið álag er á útfararstofum og kirkjum landsins vegna útfara. Stundum kemst fólk ekki að og þarf að skipta um kirkju. Aflétting hafta er talin líkleg skýring á þessu.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Fjöldi jarðarfara hefur reynt á líkkistubirgðir landsins. MYND/AÐSEND

**SAMFÉLAG** Dauðsföll hafa verið óvenjumörg að undanförnu og skipulagning útfara hefur verið krefjandi. Presta og starfsfólk útfararstofa grunar að þessi aukning tengist afléttingu samkomutakmarkana.

„Þetta er búið að vera stærsti mánuðurinn hjá okkur,“ segir Lára Árnadóttir, skrifstofustjóri hjá Útfararstofu kirkjugarðanna. En það er stærsta útfararstofa landsins. „Samstarfið á milli útfararstofanna hefur verið gott og við höfum leyst þetta. Það hefur allt gengið upp sem betur fer,“ segir Lára.

Meðal þess sem hefur verið krefjandi er að geta boðið upp á nægt framboð af líkkistum. Seinkun á gámasendingu í síðustu viku hafi ekki hjálpað til. Lára segir hins vegar að stofan hafi þurft að leysa mál þessu tengt. „Við létum þá suma kúnna njóta góðs af því að fá eitthvað betra,“ segir hún.

Mest er það eldra fólk sem er að falla frá. Lára segir að sig gruni að opnanir hjúkrunarheimila hafi sín áhrif, en fullorðið fólk er viðkvæmara fyrir smitandi veirum.

„Í Grafarvogskirkju höfum við verið með fjórar jarðarfarir á viku í svolítinn tíma og stundum tvær á dag,“ segir séra Guðrún Karls Helgudóttir sóknarprestur. „Það er óvenjulegt að haldnar séu tvær jarðarfarir á dag en það er búið að gerast nokkrum sinnum,“ segir hún.

Aðspurð um hvenær þessi bylgja hófst segir hún hana hafa byrjað um áramótin en einkum í febrúar. Veltir hún því fyrir sér hvort þetta tengist afléttingu haftanna.

> ” Það er óvenjulegt að haldnar séu tvær jarðarfarir á dag en það er búið að gerast nokkrum sinnum.



Guðrún Karls Helgudóttir, sóknarprestur í Grafarvogskirkju

Grafarvogskirkja hefur ekki getað tekið við öllum bókunum og Guðrún segir að þurft hafi að færa margar athafnir í aðrar kirkjur. Kirkjan haldi ekki biðlista en mikið álag sé í bókunum. Engar reglur eru í gildi um hversu langt megi líða frá andláti til útfarar. Flestar eru þó haldnar 10 til 14 dögum eftir andlát.

Séra Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur í Lindakirkju í Kópavogi, hefur einnig fundið fyrir aukningu. „Það hafa verið margar útfarir í Lindakirkju undanfarið. Ég get staðfest það,“ segir hann.

Hann man þó aðeins eftir einu tilfelli þar sem þurft hafi að færa útför í aðra kirkju. Skipulagið sé þó búið að vera krefjandi.

„Við reynum alltaf að finna lausnir með fólki og stundum þarf að breyta dagsetningum,“ segir Guðmundur. Á veturna er safnaðarstarfið láta ganga fyrir. Á þriðjudögum og miðvikudögum er fermingarfræðslan. „Þá eru fáir dagar eftir sem úr er að spila,“ segir hann.

101 andlát tengt Covid-19 hefur verið tilkynnt til Embættis landlæknis. Þá hefur inflúensan einnig verið afar skæð í vetur. Um miðjan mars greindi Fréttablaðið frá því að umframdauðsföll um áramót, umfram meðaltal síðustu ára, hefðu verið 30,3 prósent. Það er það mesta síðan faraldurinn hófst og öfug þróun miðað við önnur Evrópulönd. ■








Sex landeigendur kærðu eignarnámið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vegagerðin sýknuð af kröfum sex landeigenda vegna eignarnáms

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SUÐURLAND** Vegagerðin var í gær sýknuð af kröfum sex landeigenda í Hornafirði vegna eignarnáms í tengslum við breytingar á Þjóðvegi 1. Málið er búið að taka langan tíma og er ekki lokið enn.

Samið var við tugi landeigenda vegna breytingarinnar, sem tengist gerð nýrrar brúar yfir Hornafjarðarfljót. Ellefu neituðu hins vegar að semja og gert var eignarnám á hluta jarða þeirra og bætur ákveðnar 76 milljónir samanlagt.

Sex töldu eignarnámið ólöglegt og höfðuðu málið, sem var tekið fyrir árið 2020. Töldu þau þá veglеið sem Vegagerðin vildi upphaflega, númer 1, bæði ódýrari og umhverfisvænni. Sveitarfélagið Hornafjörður hafi hins vegar viljað þá veglеið sem á endanum var valin, númer 3b, til þess að stytta leiðina inn að Höfn.

Málsvörn Vegagerðarinnar var hins vegar sú að leið 3b væri öruggari.

Helgi Sigurðsson, dómari í Héraðsdómi Reykjavíkur sem kvað upp dóminn, viðurkenndi að málið væri gríðarlega matskennt. „Þetta er mál sem á ábyggilega heima á æðra dómstigi,“ sagði hann við landeigendur eftir uppkvaðningu. Þá var allur málskostnaður látinn niður falla.

Fari svo að málinu verði ekki skotið til æðri dómstóls á að minnsta kosti eftir að útkljá gagnstefnu Vegagerðarinnar gegn landeigendunum. En Vegagerðin vill að eignarnámsbæturnar verði lækkaðar.

Í umfjöllun Fréttablaðsins þann 13. nóvember árið 2020 kom fram að Vegagerðin hefði talið landsvæðið of stórt og of hátt metið af matsnefnd. Einnig hefði rask af framkvæmdum verið lítið. ■


APPOLO LAKKRÍS
PÁSKAEGG
5
MEÐ PIPARFYLLTUM LAKKRÍS
APPOLO LAKKRÍS
PÁSKAEGG
5
PÁSKAEGG MEÐ LAKKRÍS
APPOLO LAKKRÍS
PÁSKAEGG
5
MEÐ FYLLTUM LAKKRÍS
APPOLO LAKKRÍS
BITA
PÁSKAEGG
5
PÁSKASMELLUR
APPOLO LAKKRÍS
PÁSKAEGG
5
MEÐ FYLLTUM LAKKRÍS
FYRIR ÞAU SEM ELSKA APPOLO LAKKRÍS
ÚT Í GEIM OG AFTUR HEIM!

# Sjúkratryggingar leita lausnar í máli Sævars eftir umfjöllun

urduryrr@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkratryggingar Íslands munu reyna að leita lausnar í máli Sævars Inga Örlygssonar, nítján ára drengs sem var synjað um niðurgreiðslu til að ljúka meðferð vegna skarðs í gómi.

Sjúkratryggingar höfðu samband við Elínu Maríu Óladóttur, móður Sævars, í kjölfar fréttaflutnings um málið. Sævari var boðið að koma í endurmat með það að markmiði að finna ásættanlega lausn í málinu.

„Ég er rosalega ánægð með það að fá viðbrögð og ómetanlegan stuðning frá öllum í kringum mig,“ segir Elín. „Ég held að við séum í ágætum málum eins og staðan er núna.“

Elín segir að Sævari hafi verið boðið endurmat hjá Tannlæknadeild Háskóla Íslands og í kjölfarið yrði fundin ásættanleg lausn á málinu.

Að sögn Elínar var upprunalega ákveðið að halda niðurgreiðslum ekki áfram þar sem talið var að tannréttingalæknir Sævars væri að fresta aðgerðunum um of langan tíma. Reynir ætli þó að skoða málið.

„Þannig að það hafði áhrif að kasta þessu í blöðin,“ segir Elín. „Eitthvað verður maður kannski að gera til að kveikja á þessu.“

Elín segir að það hafi tekið allt síðasta ár að reyna að fá meðferðina tryggða, meðal annars kærði hún niðurstöðu Sjúkratrygginga til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Nefndin felldi synjun Sjúkratrygginga um framlengingu en gaf ekki frekari leiðbeiningar.

Þá segist Elín hafa verið ósátt við svör heilbrigðisráðuneytisins um að það teldi sig ekki geta aðhafst neitt í einstaka málum.

Tannlæknadeild Háskóla Íslands faglegt mat í hverju tilviki. ■



Elín María Óladóttir segist vera ánægð með viðbrögð Sjúkratrygginga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fengu óljósar ábendingar

arib@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir utanríkisráðherra hafnaði því á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í gær að íslensk stjórnvöld hefðu beitt sér í þágu kjörræðismanns Íslands í Hvíta-Rússlandi.

Fram kom í nýlegri fréttaskýringu Stundarinnar um Alexander Moshenskíj, auðkýfing og kjörræðismann Íslands, að sumir þar í landi teldu að hann hefði notið góðs af sambandi sínu við Ísland og það komið í veg fyrir að hann hefði orðið fyrir refsiaðgerðum vegna tengsla sinna við Alexander Lúkashenko, einræðisherra Hvíta-Rússlands.

Þórdís Kolbrún sagði íslensk stjórnvöld hafa fengið óljósar ábendingar um að hann myndi verða á lista yfir þá sem beittir yrðu efnahagsþvingunum en stjórnvöld hafi ekkert aðhafst. ■

## Úthlutun lóða muni tvöfaldast

georg@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Dagur B. Eggertsson sagði á opnum fundi í Ráðhúsinu í morgun að í garð væri gengið eitt stærsta uppbyggingarskeið í sögu borgarinnar.

Lóðaúthlutun muni tvöfaldast á næsta ári þar sem farið verði úr tæpum þúsund úthlutunum á ári yfir í að úthluta rétt undir tvö þúsund lóðum á ári.

Nú sé að hans mati komið að öðrum aðilum sem koma að húsnæðismarkaðinum til að bregðast við þessu aukna framboði á lóðum og vinna að uppbyggingu. ■

# Færri liggja á sjúkrahúsi með Covid

**Inniliggjandi sjúklingum með Covid-19 fer fækkandi bæði á Landspítala og á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Frá því að fyrsta smit greindist hér á landi hafa yfir 180 þúsund smit verið staðfest. 101 einstaklingur hafði látist vegna Covid-19 í gær.**

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Klukkan níu í gærmorgun voru 39 sjúklingar með Covid-19 inniliggjandi á Landspítala. Einn var á gjörgæslu í öndunarvél. Meðalaldur sjúklinga var 73 ár.

Inniliggjandi sjúklingum með veiruna hefur farið ört fækkandi undanfarna daga en síðastliðinn mánudag lágu 60 sjúklingar með Covid á Landspítalanum. Í gær voru þeir 52.

Þá var spítalinn færður af neyðarstigi á hættustig í upphafi vikunnar. Þann 25. október árið 2020 var Landspítalinn settur á neyðarstig í fyrsta sinn í sögu spítalans. Nú þegar Landspítalinn er á hættustigi eru enn í gildi umfangsmiklar sýkingavarnir á spítalanum.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum fer spítalinn á hættustig þegar starfa þarf eftir viðbragðsáætlun. „Aukið og breytt álag er á fjölmargar starfseiningar. Þetta getur falið í sér bæði breytta starfsemi og tilflutning á verkefnum og starfsfólki.“

Inniliggjandi sjúklingum með Covid-19 hefur einnig fækkað á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAk). Í gær lágu þar inni tveir sjúklingar með virkt Covid-smit og annar þeirra var á gjörgæslu í öndunarvél. Einnig lágu þar inni tveir til þrír sjúklingar með inflúensu.

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga og handlækningasviðs SAk, segir álag vegna Covid-19 á sjúkrahúsinu fara minnkandi en þar sé þó enn mikið álag vegna annarra þátta. Í mars var Sjúkrahúsið á Akureyri við það að fara á neyðarstig vegna álags og segir Sigurður starfsfólk hafa unnið ötullega að því að allt gengi upp.

„Það voru ákveðnar einingar sem voru við það að fara á neyðarstig sem felur í sér að spítalinn þyrfti utanaðkomandi hjálp, en með því að færa til innanhúss og draga úr annarri starfsemi þá tókst okkur að komast yfir þann skafl án þess að setja allt sjúkrahúsið á neyðarstig,“ segir Sigurður.

„Við gerðum okkar besta, eða réttara sagt starfsfólkið, þau eru þvílíkar hetjur sem hafa staðið sig ótrúlega vel og það er ekki nógu oft sagt,“ bætir hann við.

Frá því að fyrsta Covid-19 smit greindist hér á landi, þann 28. febrúar 2020, hafa 181.830 smit verið staðfest, rúmlega fjögur þúsund manns hafa smitast oftar en einu sinni af sjúkdómnum. 48,3 prósent íbúa landsins hafa greinst með Covid-19. Tekin hafa verið fleiri en 1,3 milljónir sýna innanlands, það eru að meðaltali 3,5 sýni á hvern íbúa. 101 einstaklingur hafði í gær látið lífið vegna Covid hér á landi.

Fyrsti íbúi landsins var bólusettur gegn Covid-19 þann 29. desember 2020, síðan þá hafa verið gefnir yfir 800 þúsund skammtar bóluefnis og eru nú 82 prósent allra landsmanna fimm ára og eldri fullbólusett. ■



Í gær lágu 39 sjúklingar með Covid inni á Landspítalanum. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri voru tveir sjúklingar inniliggjandi með Covid. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga og handlækningasviðs SAk

**1.302.190**
sýni hafa verið tekin

**3,5**
innanlandssýni á hvern íbúa að meðaltali



**48,3 %**
íbúa landsins hafa greinst með Covid-19.



**800.000**
skammtar bóluefnis hafa verið gefnir

**82 %**
allra landsmanna fimm ára og eldri fullbólusettir.





# KRÓNAN

Ódýrt

# Mmm ...
## Allt í brönsinn!




Þú finnur allt á einum stað í öllum okkar verslunum!

Eða verslaðu allt með einum smelli í Snjallverslun Krónunnar!

**Bröns fyrir fjóra = 3.882 kr.***

# 971 kr. á mann

*Pönnukökumix, egg, beikon, bakaðar baunir, appelsínusafi, baguette, pestó, músli, grísk jógúrt og jarðarber.

# Starfsfólk og ráðamenn vilja læra af frásögnum kvenna

odduraevar@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsfólk fæðingarþjónustu Landspítala sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem þau segjast vilja læra af frásögnum þeirra kvenna sem stigið hafa fram í vikunni með sögur af mistökum, vanrækslu og óhöppum í heilbrigðiskerfinu.

Í yfirlýsingu sinni segist starfsfólkið ekki hafa farið varhluta af þeirri umræðu sem kviknaði í samfélaginu eftir að Bergþóra Birnudóttir sagði frá því í Kveik að hún hefði örkumlast við fæðingu eins stærsta barns sem fæðst hefur hér á landi.

Starfsfólk fæðingarþjónustunnar segir að umræðan sé öllum nauðsynleg. Mjög mikilvægt sé að foreldrar upplifi ekki óöryggi og kemur fram í yfirlýsingunni að vinna sé þegar hafin við að læra af frásögnum vikunnar.

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra ítrekaði að sama skapi í gær, að loknum ríkisstjórnarfundi, að mikilvægt sé að hlustað verði á sögur kvennanna. Ráðherra segir réttarstöðu sjúklinga og starfsfólks ekki nægilega skýra og hefur endurvakið starfshóp sem vinnur að bættu öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólks.



Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra

> **»** Fjöldi foreldra hefur stigið fram síðustu daga og lýst erfiðleikum við fæðingu.

„Því miður verða alvarleg tilvik og um þau eigum við ferla þar sem atburðarás og málsatvik fara í rannsókn hjá Embætti landlæknis og markmiðið hlýtur alltaf að vera að styrkja þessa öryggismenningu í kringum heilbrigðisþjónustu fyrir sjúklinga, og ef við hlustum og lærum af þá getum við bætt verklag og ferla og aðferðir,“ sagði heilbrigðisráðherra. ■

## Hægt að nota síma í hraðbanka

birnadrofn@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Viðskiptavinir Íslandsbanka munu geta notað síma í stað debet- eða kreditkorts í hraðbönkum eftir páska. Viðskiptavinir bankans munu þurfa að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum.



Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri Íslandsbanka

Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri Íslandsbanka, segir breytinguna fyrir viðskiptavini. „Þetta verður mikill munur fyrir fólk, það eru margir hættir að ganga með kortin á sér og það eru ansi margir sem nota bara símana til að greiða fyrir verslun og þjónustu.“ ■

## Birta ummæli vændiskaupenda

lovisa@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Aðgerðahópurinn Stuðningsfólk þolenda vændis hefur birt ógrynni skjáskota úr lokuðum hópi vændiskaupenda hér á landi þar sem finna má niðurlægjandi lýsingar af konum.

Ummælin eru frá árabilinu 2017 til 2022 og er sá hluti sem birtur var í vikunni aðeins lítill hluti þess sem búið er að safna saman. Til stendur að birta fleiri ummæli opinberlega á næstunni. ■

# Sjá fram á mikinn skort á íslenskum leiðsögumönnum yfir sumartímann

**Íslenskir leiðsögumenn óttast að erlendir starfsbræður þeirra með litla reynslu af íslenskum aðstæðum streymi til landsins næsta sumar vegna skorts á heimamönnum í fagið.**

ser@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTA** Útlit er fyrir mikinn skort á fagmenntuðum íslenskum fararstjórum hér á landi í sumar á sama tíma og búist er við mikilli viðspyrnu í komu erlendra ferðamanna til landsins.

Þetta staðfestir Friðrik Rafnsson, formaður Leiðsagnar, stéttarfélags leiðsögumanna á Íslandi, en flótti brast á í stéttinni á tímum farsóttarinnar og hafa fjölmargir leiðsögumenn yfirgefið fagið vegna ótryggs starfsöryggis, ýmist tímabundið eða til langframa.

„Það gengur þokkalega að ráða leiðsögumenn til starfa í sumar, en langt í frá í þeim mæli sem við vonuðumst eftir,“ segir Friðrik í ljósi fyrirséðrar fjölgunar á komu erlendra ferðamanna til landsins. „Það verður skortur á fólki, það er augljóst,“ bætir hann við.

Hann segir starfsgreinina enn þá vera vankaða af þungu höggi í upphafi heimsfaraldursins og að hún hafi varla komist til meðvitundar vegna þess hvað kreppan af hennar völdum varði lengi. „Fjöldi leiðsögumanna hélt til annarra starfa og sá fjöldi er ekki að koma til baka nema að takmörkuðu leyti af því að hann sér fram á það að ekkert er fast í hendi.“

Um átta hundruð manns eru í Leiðsögn en talsverður fjöldi segir fólki til á ferðum sem eru utan félagsins. Friðrik skiptir hópnum í fernt, fasti kjarni leiðsögumanna, fjórðungurinn í faginu, er mikið bókaður, rétt eins og í hans tilviki, „en ég er uppseldur fram í október,“ segir Friðrik en það eigi við í tilviki reyndra fagmanna. Annar hópur og reynsluminni, helmingur stéttarinnar, sem helgaði sig starfinu áður, taki nú varla að sér leiðsögn nema til viðbótar við aðra vinnu. Þá komi leiðsögumenn á ellilífeyrisaldri alltaf að sérstöku verkefni sem eftil vill telji fjórðung fagmanna.

„En lausamennskuhópurinn er ekki lengur auðfenginn til starfa. Það gerir óvissan. Það er breytan og þar er vandinn,“ útskýrir Friðrik og óttast að ferðaþjónustufyrirtæki mæti þessum skorti á íslenskum fagmenntuðum leiðsögumönnum með stórauknum innflutningi á erlendu starfsfólki sem fáir ef nokkrir viti hvaða menntun hefur að baki, ef nokkra.

„Þar er hættan, sýnir reynslan, en þar fer stundum fólk sem þekkir ekki til aðstæðna og getur skapað meiri hættu en öryggi í tilviki ferðamannanna.“

En hann greinir viðsnúninginn. „Viðspyrnan er gríðarleg. Það verður einhver slaki í apríl, en það fer allt á fullt í maí og fram á haust – og þess vegna svíður að allt það fólk sem er að koma til landsins fái ekki þá leiðsögn sem það á skilið,“ segir Friðrik Rafnsson. ■



„Viðspyrnan er gríðarleg. Það verður einhver slaki í apríl, en það fer allt á fullt í maí og fram á haust – og þess vegna svíður að allt það fólk sem er að koma til landsins fái ekki þá leiðsögn sem það á skilið,“ segir Friðrik Rafnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> ” En lausamennskuhópurinn er ekki lengur auðfenginn til starfa. Það gerir óvissan. Það er breytan og þar er vandinn
>
> Friðrik Rafnsson, formaður Leiðsagnar






# Í fremstu röð á alþjóðavísu.

with. Intelligence
EuroHedge Awards 2021
Nominee
Emerging Manager & Smaller Fund - Macro, Fixed Income & Relative Value
Akta Alvidra

Fjárfestingarsjóðurinn Akta Alviðra var tilnefndur til hinna virtu, alþjóðlegu EuroHedge Awards í flokki upprennandi sjóða sem fjárfesta á grundvelli efnahagsgreiningar.

Akta Alviðra er blandaður fjárfestingarsjóður í rekstri Akta sjóða með áherslu á erlend hlutabréf og innlend skuldabréf. Alþjóðleg efnahagsgreining og ítarlegt mat á horfum fjármálamarkaða eru lykilatriði í virkri stýringu sjóðsins og búa sjóðstjórar yfir umfangsmikilli innlendri og erlendri starfsreynslu. Akta Alviðra er á sínu fimmta starfsári í dag og er opinn öllum einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum.

## Fjárfestu með Akta.

Hafðu samband á sjodir@akta.is | akta.is

AKTA

KONTOR REYKJAVÍK / kontor.is

/Augljos

Fríar forskoðanir fyrir laseraðgerðir út apríl

Tímapantanir 414 7000

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

## Húðflúrsbann áfram í gildi í Suður-Kóreu

georg@frettabladid.is

**SUÐUR-KÓREA** Stjórnlagadómstóll Suður-Kóreu staðfesti húðflúrsbann sem verið hefur í gildi í landinu frá tíunda áratugnum.

Reuters greinir frá því að dómstóllinn hafi úrskurðað með naumum meirihluta að lögin brjóti ekki í bága við stjórnarskrána og að húðflúrun sé áhættusöm og gæti valdið heilsufarslegum skaða.

Suður-Kórea er eitt örfárra iðnríkja sem skilgreina húðflúrun sem læknisaðgerð og því aðeins á færi viðurkenndra lækna að framkvæma slíkar aðgerðir. Brot á banninu varðar sektir allt að 50 milljónum won, sem nemur rúmum 5 milljónum íslenskra króna, og allt að tveggja ára fangelsisvist.

Samtök húðflúrara í landinu höfðuðu mál til að fá banninu hnykkt árið 2017. Þau hafa harðlega gagnrýnt úrskurðinn, sem þeim þykir litast af afturhaldssemi og skorti á skilningi á menningarlegu gildi greinarinnar.

Talið er að rúmlega 50 þúsund húðflúrarar starfi í leyfisleysi í landinu. ■



Ragnhildur Gyða glímdi við hárlos í kjölfar bílslyss. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ósanngjarnt að fá dóm fyrir að neyta hamps

Hampbóndi er ekki sáttur við dóm fyrir fíkniefnaakstur þar sem um sé að ræða löglega neysluvöru.

arib@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Ragnhildur Gyða Magnúsdóttir, hampbóndi og íþrótta- og heilsufræðingur, segir það óheyrilega ósanngjarnt að henni sé nú gert að greiða sekt og missa ökuréttindi í hálft ár vegna neyslu á hampi.

Ragnhildur Gyða var í desember síðastliðnum dæmd í héraðsdómi til að greiða 100 þúsund krónur í sekt, 166 þúsund krónur í sakarkostnað og tæpar 1,2 milljónir króna í málsvarnarlaun, fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna. Málinu fæst ekki áfrýjað.

Ragnhildur lenti í alvarlegu bílslysi fyrir nokkrum árum og glímdi við mikið hárlos í kjölfarið.

„Fyrir nokkrum árum var keyrt í hliðina á mér á 90 kílómetra hraða. Ég var að fara yfir á grænu ljósi, það síðasta sem ég sá var bílstjórinn með andlitið í símanum hjá farþeganum. Ég var í mastersnámi, ég var að keppa í vaxtarrækt, og þarna endaði líf mitt,“ segir Ragnhildur. „Hárlosið var bara ein af fjölmörgum afleiðingum af þessu slysi. Ég var í nokkur ár í rannsóknum og prufaði alls konar lyf við hárlosinu sem höfðu lítið sem ekkert að segja.“

Ragnhildur fann þó að lokum lausn við vandanum, hamp sem hún ræktar núna sjálf og borðar blómin og laufin. Meðal virkra efna í hampinum er CBD en hann inniheldur einnig lítið magn af vímugjafanum THC sem mælist í þvag- og blóðprufum. Hann var ekki löglegur fyrst þegar hún byrjaði að rækta hann. „Daginn eftir að við fengum háan rafmagnsreikning kom lögreglan og tók plönturnar og ekki leið þá á löngu áður en ég missti aftur allt hárið sem ég hafði fengið til baka.“

Fyrir tveimur árum veitti heilbrigðisráðherra Lyfjastofnun undanþáguheimild fyrir innflutningi og ræktun á iðnaðarhampi, þá með minna en 0,2 prósenta hlutfalli af THC. „Ég sótti auðvitað strax um heimild til ræktunar á iðnaðarhampi og erum við nú með tilraunaræktun í gangi.“

Fram kemur í dómnum að blóðsýni gefi til kynna að Ragnhildur hafi neytt efnanna reglulega. Hún hafnar því alfarið að hafa verið undir áhrifum við akstur. Vill hún að hætt verði að notast við blóð- og þvagprufur til að skera úr um aksturshæfni, þess í stað verði notast við ökuhæfnismat. „Ég færi aldrei að stefna öðrum í hættu með því að keyra undir áhrifum, það síðasta sem ég vil er að einhver lendi í því sama og ég,“ segir Ragnhildur.

„Þetta er bara ekkert annað en ranglæti, kúgun og stórkostlegt brot á mannréttindum. Þetta er fullkomlega lögleg neysluvara og í öðru lagi þá er þetta það eina sem hefur fengið hárið á mér til að vaxa á ný. Samt er komið fram við mann eins og maður sé stórhættulegur og útúrdópaður ökuníðingur og manni refsað harðlega.“ ■

## Genamengi mannsins kortlagt að fullu

georg@frettabladid.is

**VÍSINDI** Vísindamönnum hefur tekist að búa til heilsteyptan gagnagrunn af erfðafræðilegum upplýsingum manna. Um tímamótaskref er að ræða en fram að þessu vantaði upp á rúm átta prósent af erfðafræðilegu upplýsingunum til að fá heillega mynd af genamengi manna. Verkefnið hefur tekið áratugi og mun afurðin koma til með að gagnast vísindamönnum við að skilja betur hvernig frumur myndast í mannslíkamanum, sem mun nýtast við að greina og meðhöndla ýmsa sjúkdóma. Rannsóknir við túlkun á genamengi manna hófust fyrir rúmum þrjátíu árum og upphaflega gátu vísindamenn aðeins skoðað lítil bil í genamengi manna. Með tækniframþróun síðustu ára hafa menn geta skoðað stærri hluta genamengisins sem gefur af sér innihaldsríkari niðurstöður um erfðir og eðlisþætti manna. ■







Athafna- og iðnaðarlóðir Grundartanga

Faxaflóahafnir sf. óska eftir umsóknum um leigu á athafna- og iðnaðarlóðum á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Á Grundartanga eru aðstæður góðar til uppbyggingar á fjölbreyttri athafna- og iðnaðarstarfsemi; úrval lóða, iðnaðarhöfn, góðar samgöngur innan svæðis og góðar tengingar við Þjóðveg 1. Atvinnustarfsemi á svæðinu þarf að falla vel að markmiðum græns hringrásargarðs eins og lýst er á heimasíðu Grundartanga: **www.grundartangi.is**

Upplýsingar um stærðir lóða, staðsetningu og afhendingarskilmála er hægt að nálgast á heimasíðu Faxaflóahafna sf.: **www.faxafloahafnir.is**

Umsóknarfrestur er til **22. apríl 2022**

HVALFJARÐARSVEIT

GRUNDARTANGI ehf. ÞRÓUNARFÉLAG – HVALFJARÐARSVEIT

Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports


GARÐHEIMAR
Vorgleði
2.-3. apríl
FÖGNUM VORINU OG UNDIRBÚUM GARÐINN FYRIR SUMARIÐ.
FULL BÚÐ AF FERSKUM VORPLÖNTUM, FRÓÐLEIK OG TILBOÐUM
20%
FRÆ, VORLAUKAR, VERKFÆRI, KLIPPUR, POTTAR, ÁBURÐUR, KRYDDPLÖNTUR OG SÍGRÆNAR PLÖNTUR
DAGSKRÁ
PÁSKAEGGJALEIT FYRIR KRAKKANA Á LAUGARDEGINUM
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
ÓLÖF ÁGÚSTA GARÐYRKJUFRÆÐINGUR
VEITIR RÁÐGJÖF UM RÆKTUN VORLAUKA, SÁNINGU OG ÁBURÐARGJÖF, LAUGARDAG MILLI KL 12 OG 16
JÓNAS FREYR GARÐYRKJUMAÐUR
VEITIR RÁÐGJÖF UM VORVERKIN OG FRAMKVÆMDIR Í GARÐINUM, LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI KL 12 OG 15
JAKOB AXEL GARÐYRKJUGÚRÚ
VEITIR RÁÐGJÖF UM PLÖNTUVAL OG UMHIRÐU, LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI KL 12 OG 16
GRILLAÐAR PYLSUR OG GOS Á 300KR
LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI KL 12 OG 15
ÍSPINNAR FYRIR KRAKKANA
LAKKRÍS OG SÚKKULAÐITRUFFLUSMAKK O.FL.
GARÐHEIMAR
afslátturinn gildir frá 1. - 4. apríl.

# TAX FREE

LÝKUR 4. APRÍL




## SCOTT

Hornsófi úr sterku koníaksbrúnu bonded leðri (leðurblöndu).
Sterkir fætur úr svörtu járni. Hægra eða vinstra horn (ekki færanlegt).
Stærð: 293 x 217 x 85 cm.

**225.812 kr.** ~~279.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**11 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**11 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



AF ÖLLUM VÖRUM*
www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN
* Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum nema Iittala, Bitz, Skovby og sérpöntunum. Afsláttur jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.
HÚSGAGNA
HÖLLIN

# Tíminn á þrotum fyrir íbúana í Maríupol

**Rauði krossinn þurfti að hörfa frá Maríupol í gær vegna árása Rússa. Rússar hörfa nú frá Kænugarði.**

arib@frettabladid.is

„Þetta er í höndum Pútíns. Það er hann sem hóf þetta stríð að ástæðulausu. Það er hans ábyrgð að ljúka þessu,“ sagði Annalena Baerbock, utanríkisráðherra Þýskalands, við CNN í gær. Sagði hún að unnið væri að því dag og nótt að rjúfa þörfina á því að kaupa gas frá Rússlandi.

Staðan í suðurhluta Úkraínu hefur lítið breyst síðustu daga. Til stóð að Rauði krossinn myndi fylgja á sjötta tug rúta frá umsetnu borginni Maríupol í gær. Erfiðlega hefur gengið að fá rússneska herinn til að framfylgja samningum um að flytja óbreytta borgara frá átakasvæðum.

Petro Andríúsjhenko, aðstoðarmaður borgarstjórans í Maríupol, sagði við fjölmiðla í gær að Rússar hefðu markvisst reynt að koma í veg fyrir að mannúðaraðstoð bærist til íbúa borgarinnar. Úkraínumenn halda enn miðborginni en litlar sem engar líkur eru á þessum tímapunkti á að það takist að rjúfa hring Rússa um borgina. Ekkert vatn er í borginni og hafa íbúar þurft að bræða snjó til að drekka. Enginn matur er eftir.

Ewan Watson, talsmaður Rauða krossins, sagði að ekki hefði verið hægt að halda áfram vegna skothríðar. „Það er ekkert plan B. Við erum búin að vera að vinna í margar vikur. Tíminn er á þrotum fyrir íbúana.“ Til stendur að reyna aftur í dag.



Bíll sem slapp í gegn frá úthverfi Maríupol. Skemmdirnar má rekja til sprengjubrota. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> ” **Það er ekkert plan B.**
>
> Ewan Watson, talsmaður Rauða krossins

Fleiri hafa sagt Rússa fara með fleipur. Vladíjslav Atrosjenko, borgarstjóri Tjernív, sagði ekkert að marka orð Rússa um að hætt verði árásum á borgina og sakaði þá um að hafa skotið á spítala. Matarbirgðir og lyf klárast innan viku.

Rússar hafa sakað Úkraínumenn um að senda tvær Mi-24 þyrlur yfir landamæri Rússlands til að gera eldflaugaárás á olíubirgðastöð í bænum Belgorod. Ef þetta er rétt þá er það fyrsta árásin innan landamæra Rússlands. Úkraínumenn hafa ekki viljað viðurkenna að hafa staðið að baki árásinni en ekki neitað því heldur. Rússar fordæma árásina og segja eldsneytið ekkert hafa að gera með innrásarlið sitt. Sagði Dmítríj Peskov, talsmaður stjórnvalda í Kreml, að árásin myndi gera friðarviðræður erfiðari.

Vítalíí Klitsjko, borgarstjóri Kænugarðs, sagði að stórar orrustur væru nú norðan og austan megin við borgina. „Það er töluverð hætta á að deyja, ég bið þá sem vilja snúa aftur að bíða,“ sagði hann. Úkraínumenn hafa náð stjórn á bænum Írpín norðvestan við Kænugarð, rúmlega helmingur bæjarins er rústir einar. Unnið er að því að bera kennsl á þá látnu og leita að fleirum.

Úkraínumenn og Rússar skiptust á stríðsföngum í gær. Úkraínumenn vildu staðfesta að 86 hermenn, þar af 15 konur, væru lausir úr haldi eftir skiptin.

Evrópuríki setja nú mikinn þrýsting á Kína að taka þátt í refsiaðgerðum gegn Rússum. Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, átti rafrænan fund með Xi Jinping Kínaforseta í gær. Eftir fundinn sagði hún að orðspor Kína væri undir, stjórnmálaskýrendur telja ólíklegt að Kína muni veita Rússum einhverja fjárhagslega aðstoð þar sem það væri þeim ekki til hagsbóta til lengri tíma. ■


**BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR 14. MAÍ 2022**

Reykjavíkurborg

## Auglýsing frá yfirkjörstjórn Reykjavíkur um móttöku framboðslista og aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag

Framboðsfrestur til borgarstjórnarkosninga 14. maí 2022 rennur út **föstudaginn 8. apríl kl. 12 á hádegi.**

Yfirkjörstjórn Reykjavíkur tekur á móti framboðslistum miðvikudaginn **6. apríl kl. 11-12 og föstudaginn 8. apríl kl. 11-12** í fundarherbergi borgarráðs, Ráðhúsi Reykjavíkur.

Á framboðslista skulu vera nöfn 23 frambjóðenda að lágmarki og 46 að hámarki. Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þau hafi leyft að setja nöfn sín á listann, undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift.

Framboðslista skal einnig fylgja skrifleg yfirlýsing kjósenda í kjördæminu um stuðning við listann sem skal undirrituð eigin hendi á eyðublöðum með tölusettum blaðsíðum. Tilgreina skal fullt nafn meðmælanda, kennitölu hans og lögheimili. Fjöldi meðmælenda skal vera 160 að lágmarki og 320 að hámarki. Enginn kjósandi getur mælt með fleiri en einum framboðslista. Frambjóðendur á lista geta ekki verið meðmælendur hans og fulltrúar í kjörstjórnum geta ekki verið meðmælendur framboðslista.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og lögheimili. Skulu nöfn frambjóðenda rituð á framboðslista að lágmarki með einu eiginnafni og kenninafni eins og þau birtast í þjóðskrá. Mælst er til að framboðslistum verði einnig skilað á rafrænu formi og meðmælendalistar skráðir rafrænt á þar til gert vefsvæði á: https://island.is/medmaelendalistar-skraning-fyrir-frambod.

Loks skal fylgja framboðslista tilkynning frá þeim stjórnmálasamtökum sem bjóða fram listann um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans ásamt tengiliðaupplýsingum þeirra.

**Tilkynning um framboð og yfirlýsing frambjóðenda** skal skilað til yfirkjörstjórnar í frumriti ef þær eru undirritaðar eigin hendi, en rafrænt skjal með fullgildri rafrænni undirskrift skal sent sem viðhengi í tölvupósti á netfangið kosningar@reykjavik.is. Æskilegt er að sem flestar rafrænar undirskriftir séu á sama skjalinu.

**Yfirlýsingu kjósenda um stuðning við framboðslista** skal skilað til yfirkjörstjórnar í frumriti undirrituð eigin hendi. Eyðublöð fyrir allt framangreint eru aðgengileg á www.reykjavik.is/kosningar.

Að öðru leyti er vísað til ákvæða kosningalaga nr. 112/2021 með síðari breytingum og reglugerðar dómsmálaráðuneytis nr. 330/2022 um framboð og meðmæli við sveitarstjórnarkosningar.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 14. maí nk., verður aðsetur yfirkjörstjórnar Reykjavíkur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Að kjörfundi loknum fer talning atkvæða fram í Laugardalshöll og mun aðsetur yfirkjörstjórnar flytjast þangað. Talning er öllum opin meðan húsrúm leyfir og verður streymt frá henni á vef Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.reykjavik.is/kosningar eða með því að hafa samband við skrifstofu borgarstjórnar í s. 411-4706 eða með tölvupósti á kosningar@reykjavik.is.

*Reykjavík, 1. apríl 2022*

**Yfirkjörstjórn Reykjavíkur**
*Eva Bryndís Helgadóttir*
*Ari Karlsson*
*Tómas Hrafn Sveinsson*




Pútín hefur sjálfur verið bendlaður við notkun sálfræðihernaðar.

# Vestrænar leyniþjónustur þjarma að Vladímír Pútín með sálfræðihernaði

georg@frettabladid

Á meðan vopnuð átök geisa í Úkraínu þá há Vesturveldi annars konar hernað gegn Rússum á bak við tjöldin. CNN greinir frá því að Bandaríkjamenn og bandalagsríki þeirra hafi undanfarið tekið upp á því að beita forseta Rússlands upplýsinga- og sálfræðihernaði. Mikið magn af gögnum frá vestrænum leyniþjónustum hefur nýlega verið gert opinbert, þar sem upp er dregin mynd af hægfara og illa skipulagðri sókn rússneska hersins í Úkraínu, sem og miklu mannfalli þeirra á vígstöðvunum. Á sama tíma berast frá sömu aðilum fregnir um óeiningu og spennu meðal ráðamanna í Kreml. Þá hefur forsetinn verið sagður einangraður og illa upplýstur um gang mála í Úkraínu.

Öll þessi umfjöllun er talin vera liður í refsiaðgerðum Vesturvelda gegn Rússlandi, sem miðast að því að skilgreina stríðið og gengi þess í alþjóðlegri umræðu og móta umræðuna í Rússlandi, sem lýtur strangri stjórn þarlendra yfirvalda.

Pútín er sjálfur ekki alls ókunnugur þessum aðferðum en hann hefur gjarnan verið bendlaður við að beita upplýsingaóreiðu til að hafa áhrif opinbera umræðu og á kosningar í öðrum ríkjum víða um heim. Nú virðist hann fá skammt af eigin meðali.

> » **Mikil upplýsingaóreiða einkennir innrásina í Úkraínu. Lítið er að marka tölfræði beggja þjóða, hafa því upplýsingar frá leyniþjónustum Vesturlanda gefið bestu myndina af stöðunni.**

Rússar standa þó ekki aðgerðalausir í þessu átökum og vart hefur orðið við mikla njósnastarfsemi í Evrópu. Mörgum rússneskum ríkisborgurum hefur verið vísað úr landi vegna gruns um njósnir í löndum víða um Evrópu. Nýlega ákærðu þýsk yfirvöld yfirmann varaliðs þýska hersins fyrir að hafa um langt skeið látið rússnesk yfirvöld fá mikilvæg gögn og upplýsingar um þýska herinn. ■


VERBÚÐIN
ÍSLAND
FUNDARÖÐ UM SJÁVARÚTVEG OG KVÓTA
4. apríl Hafnarfjörður, Kænan kl. 20:00
5. apríl Þorlákshöfn, Kiwanishúsið kl. 20:00
6. apríl Seyðisfjörður, Aldan kl. 17:30
7. apríl Akureyri, Bryggjan kl. 17:00
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Hanna Katrín Friðriksson
Daði Már Kristófersson
Guðbrandur Einarsson
Benedikt Jóhannesson
Þorsteinn Pálsson
VIÐREISN
HUGINN VE 55

# Antonio



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það er hverjum manni mikilvægt að fara inn í fiskvinnsluhús landsmanna, hringinn í kringum landið. Þar sér hann ekki einasta verðmætasköpunina í landinu og útflutningsverðmætin, heldur líka hið raunverulega Ísland.

Erlent vinnuafl heldur uppi hagvextinum á Íslandi. Án þess yrðu heimamenn að búa við lakari kjör. Og það er einmitt í krafti þessa fólks, sem kemur alls staðar að úr heiminum, að upprunalegir eyjaskeggjar búa við almennilegt lífsviðurværi.

Í einni fiskiðju sem skrifari þessara orða heimsótti nýverið voru yfir níutíu prósent fiskverkafólksins af erlendu bergi brotin þegar mest lét fyrir tíma farsóttarinnar. Eitthvað minnkaði sú tala þegar pestin stóð sem hæst. En í öllu falli gæti þessi fiskframleiðandi, fyrr og síðar, lokað fyrir starfsemi sína ef hann hefði ekki svo til óheftan aðgang að frjálsu flæði vinnuafls utan úr heimi.

Heimamenn gleyma þessari sannreynd. Þeir átta sig ekki á gráum veruleikanum fyrr en þeir standa andspænis honum í fiskvinnsluhúsi úti á landi. Og þar heilsar þeim Antonio, hartnær sjötugur maður sem hefur unnið á þessum sama vinnustað til ótal margra ára, ellefu mánuði í senn, en sent stærstan hluta launanna sinna heim til Portúgals í hverjum mánuði á meðan hann vinnur harðri hendi á Íslandi. Og fer svo tólfta mánuðinn heim til fjölskyldunnar og umvefur ástvini sína.

Þessar sögur eru Íslandssögur okkar tíma.

Og þegar Antonio er spurður af hverju í ósköpunum hann leggi þetta á sig í skiptum fyrir stuttan tíma úr ári fyrir fjölskylduna svarar hann því blíðlega til að hvergi fái hann tryggari og öruggari vinnu til að styðja við framtíð barna sinna og barnabarna. Og maður situr hugsi eftir.

Antonio er okkar hagvöxtur. Hann er fulltrúi þeirra þúsunda – og ef til vill tugþúsunda – sem eru dag hvern að bjarga íslenskum efnahag.

Kannski látum við hin okkur fátt um finnast. Og kannski þurfum við hin að standa í nógu mikilli nálægð við þennan veruleika til þess að átta okkur á mikilvægi hans – og sömuleiðis þeirri breytingu, líklega varanlegri, sem er að verða á atvinnuþátttökunni á Íslandi.

Margt af okkar erlenda vinnuafli sest að hér á landi, til skamms eða langs tíma. Margt af því verður að venjulegum Íslendingum þegar tímar líða fram. Og margir fara aftur heim. En mikilvægi erlends vinnuafls er aldrei skýrara. ■

> „Antonio er okkar hagvöxtur. Hann er fulltrúi þeirra þúsunda – og ef til vill tugþúsunda – sem eru dag hvern að bjarga íslenskum efnahag.




## Gunnar




## Mín skoðun

# Kærleikur kinnhestsins



Sif Sigmarsdóttir

Af hverju setja Hafnfirðingar alltaf bjór út á svalir á kvöldin? Svo að tunglið verði fullt.

Fyrr á tímum, þegar fólk sagði enn Hafnarfjarðarbrandara, var refsingin við lélegu gríni vandræðaleg þögn. En nú er öldin önnur.

Óskarsverðlaunin voru veitt í vikunni. Það voru þó ekki kvikmyndasigrar og kjólar sem voru á allra vörum næsta dag. Eftir að grínistinn Chris Rock sagði brandara um krúnurakað höfuð leikkonunnar Jödu Pinkett Smith, sem þjáist af hárlossjúkdómi, rauk eiginmaður hennar, Will Smith, upp á svið og rak Rock löðrung.

Á frumstæðum tímum Hafnarfjarðarbrandara hefðu viðbrögð við athæfinu vafalaust verið einsleit: Sá sem gefur öðrum utan undir skipar sér í röð með ofbeldismönnum. Svo einstrengingsleg afstaða til ofbeldis virðist hins vegar ekki eiga upp á pallborðið lengur.

„Löðrungurinn er það fallegasta sem ég hef séð,“ sagði leikkonan Tiffany Haddish sem sá kærleik í kinnhestinum. „Nú trúi ég því að enn fyrirfinnist karlmenn sem elska og passa upp á konurnar sína.“ Þótt sumir hafi kallað eftir því að Smith yrði kærður fyrir líkamsárás voru aðrir sem töldu Smith heldur eiga hrós skilið fyrir að taka upp hanskann fyrir þá sem minna mega sín.

Lélegir brandarar eru ekkert gamanmál eins og listrænn stjórnandi setningarhátíðar Ólympíuleikanna í Tókýó fékk að kynnast síðasta sumar. Kentaro Kobayashi var rekinn daginn fyrir leikana vegna brandara sem hann sagði tuttugu og þremur árum fyrr um helförina. Kobayashi baðst afsökunar og sagðist nú sjá að „það er ekki starf skemmtikrafta að valda fólki óþægindum.“

Veröld án brandara um hárlos og helförina kann að virðast álitleg. Ekki er þó allt sem sýnist.

Einn þekktasti grínisti Breta, Jimmy Carr, komst í hann krappan á dögunum. Í nýju uppistandi á Netflix leitast Carr við að gera grín að myrkari hliðum mannlegs eðlis. „Þegar fólk talar um Helförina á það við harmleikinn þegar sex milljónir gyðinga létu lífið í stríðsmaskínu nasista,“ segir Carr á Netflix. „En við minnumst aldrei á þúsundir sígauna sem nasistar drápu. Það nennir aldrei neinn að tala um hið jákvæða.“

Brandarinn olli uppþoti. Þingmaður krafðist þess að Carr yrði bannað að vera með uppistand því „það væri nóg af fasisma í Evrópu“. Menningarmálaráðherra Breta sagðist íhuga að semja lagafrumvarp sem bannaði streymisveitum að sýna „særandi efni“. Jimmy Carr sagði brandarann hafa átt að vekja athygli á skuggalegri vanþekkingu okkar flestra á fjöldamorðum nasista á sígaunum.

**Það kallaðist brandarar**

Tölfræðingurinn Nassim Taleb segir misheppnaðar tilraunir liggja til grundvallar öllum árangri. „Í hvert sinn sem flugvél hrapar minnka líkurnar á að flugvél hrapi aftur. Farþegaskipið Títanik bjargaði mannslífum því að nú smíðum við stærri og stærri skip. Fjöldi fólks lést en í kjölfarið jukum við öryggi kerfisins – mistökin voru ekki til einskis.“

Brandarar lúta sömu lögmálum. Á síðasta ári gagnrýndi Chris Rock slaufunarmenningu. „Misheppnaðar tilraunir eru hluti af list,“ sagði Rock. „Það eru mjög skýr skilaboð þegar áhorfendur hlæja ekki.“ Hann sagði ótta grínista við að taka áhættu leiða til leiðinlegrar skemmtunar.

Jimmy Carr tekur í sama streng og varar við dauða uppistandsins. „Eftir tíu ár eigið þið eftir að geta sagt við barnabörnin ykkar: „Ég sá einu sinni mann standa á sviði og tala af léttúð um alvarlega hluti. Það kallaðist brandarar og fólk hló að þeim.““

Ásetningurinn kann að vera góður. En ofbeldi er ekki ást. Skemmtun án óþæginda er sefjun. Takmörkun tjáningarfrelsisins er ekki barátta gegn fasisma. Ekki frekar en stríð er „sérstök hernaðaraðgerð“. ■

> „Veröld án brandara um hárlos og helförina kann að virðast álitleg. Ekki er þó allt sem sýnist.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*





## Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!

Nóa páskaeggin eru tilbúin. Við vönduðum okkur alveg sérstaklega. Litlu páskakanínurnar eru líka komnar aftur og þær eru svo sætar að þær eru ætar! Páskaeggin eru af öllum stærðum og gerðum, svo að allir ættu að finna egg við sitt hæfi.

**Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!**

NÓI SÍRÍUS

cocoa HORIZONS



# Stjörnurnar sem munu skína í sumar

Besta deildin rúllar af stað eftir 16 daga, en opnunarleikurinn verður milli Íslandsmeistara Víkings og FH. Stjörnur deildarinnar fá þá ábyrgð að draga fólk á völlinn en nú er hægt að mæta án grímu og hafa gleðina við völd í stúkum landsins. Flest lið ætla að leggja mikið upp úr upplifun áhorfenda, en það er leikmannanna að draga fólkið á völlinn. Fréttablaðið skoðaði hvaða leikmenn munu skína skærast.

hoddi@frettabladid.is



## Aron Jóhannsson

31 árs
**sóknarmaður**

Þessi 31 árs gamli framherji kemur heim úr atvinnumennsku og miklar væntingar eru gerðar til hans. Hefur alla hæfileikana til þess að leika sér að Bestu deildinni í sumar. Hefur ekki spilað mikið í vetur en Valsmenn hafa farið vel með Aron. Vonir standa til að Aron verði eins og kálfur að vori þegar mótið fer af stað.



## Kristinn Freyr Sigurðsson

30 ára
**miðjumaður**

Það trúa því fáir að Valur hafi ekki viljað halda í Kristin Frey sem hefur verið jafnbesti leikmaður íslenska boltans síðustu ár. Kristinn og Heimir Guðjónsson, þjálfari Vals, náðu ekki saman en Ólafur Jóhannesson þjálfari FH kann að ná því besta fram úr Kristni. Blómstri Kristinn gæti FH farið í titilbaráttu.



## Viktor Karl Einarsson

25 ára
**miðjumaður**

Var einn besti leikmaður Íslandsmótsins í fyrra og með nýjan fjögurra ára samning í vasanum eru væntingar til þess að hann leiði liðið til sigurs í Bestu deildinni. Viktor er snöggur og klókur miðjumaður sem getur gert usla í vörn andstæðinga með klókindum.



## Kristall Máni Ingason

20 ára
**miðjumaður**

Töframaður á vellinum sem var frábær þegar Víkingur fór á skrið síðasta sumar þegar liðið vann Íslands- og bikarmeistaratitilinn. Kristall er klókur leikmaður með góðan sprengikraft og búast Víkingar við því að hans stjarna skíni svo skært í sumar að hann haldi út í atvinnumennsku fyrr en síðar. Fjöldi erlendra félaga fylgist með töfrum hans innan vallar.



## Óskar Örn Hauksson

37 ára
**miðjumaður**

Listamaðurinn Óskar Örn fær það verkefni að koma silfurskeiðinni í Garðabæ aftur í hóp þeirra bestu. Eftir magnaðan feril með KR ákvað Óskar að taka nýrri áskorun, hefur virkað frískur í vetur og gæti verið lykilmaður í því að Stjarnan berjist á toppi deildarinnar.



## Hólmar Örn Eyjólfsson

31 árs
**varnarmaður**

Hólmar er varnarmaður á besta aldri og kom frítt til félagsins frá Rosenborg í Noregi. Hólmar var í 14 ár í atvinnumennsku og á að baki 19 A-landsleiki fyrir Ísland en hann hætti að spila fyrir landsliðið á síðasta ári. Lék fyrir West Ham, Bochum og fleiri lið á ferlinum og ætti að verða besti varnarmaður deildarinnar.



## Hallgrímur Mar Steingrímsson

31 árs
**miðjumaður**

Hefur verið með lyklavöldin að fótboltanum á Akureyri síðustu ár en hefur lítið verið með í vetur vegna meiðsla. Hallgrímur er hins vegar byrjaður að æfa af krafti og á að vera klár í slaginn þegar Besta deildin fer af stað. Er með hæfileikaríkari leikmönnum deildarinnar og skemmtikraftur af Guðs náð.



## Theodór Elmar Bjarnason

35 ára
**miðjumaður**

Hefur sagt frá því að hann ætli sér að verða besti leikmaður deildarinnar í ár og hefur klárlega hæfileikana til þess. Elmar átti frábæran atvinnumannaferil og var í stóru hlutverki hjá landsliðinu í kringum Evrópumótið árið 2016.



OPIÐ UM HELGINA

# PERSNESK TEPPA ÚTSALA

## ALLT AÐ 78% AFSLÁTTUR

### PERSNESK TEPPI SELJAST Á GJAFAVERÐI
### ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

**NÁÐU ÞÉR Í DRAUMATEPPIÐ Á DRAUMAVERÐI!**

Verðið segir allt sem segja þarf


SPARIÐ 435.900
Tabriz 350x250cm
582.500 ~~172.500~~ NÚ 146.600


SPARIÐ 179.950
Kashgay 250X150cm
240.950 ~~71.950~~ NÚ 61.000


SPARIÐ 153.800
Hamadan 210X80cm
195.750 ~~54.950~~ NÚ 41.950


SPARIÐ 252.850
Nain 250X80cm
342.750 ~~105.750~~ NÚ 89.900


SPARIÐ 314.000
Nahawand 200X150cm
398.500 ~~99.500~~ NÚ 84.500


SPARIÐ 392.750
Kashan 210X160cm
520.750 ~~150.750~~ NÚ 128.000


SPARIÐ 130.950
Koliay 210X150cm
169.950 ~~45.950~~ NÚ 39.000


SPARIÐ 388.000
Með silki!
Nain 200x150cm
519.500 ~~154.500~~ NÚ 131.500

## Vöruhúsið er opið fyrir almenning

Laugardag ......2/4
Sunnudag .......3/4

Víkurhvarf 2
Sími 835 70 70

LAUGARDAG
**10-22**
SUNNUDAG
**12-22**

Meðan birgðir endast

**Cromwell Rugs® ehf.**
Víkurhvarf 2 • Sími 835 70 70

# Vorhát

## í Húsasmiðjunni og Blómavali



15%

**Trampolín,**
12 ft Durasport
3,66 metrar, 6 fætur 72 gormar, öryggisnet fylgir, hámarksþyngd á trampolíni er 150 kg. 3900557

**39.990 kr**
~~47.990 kr~~

**Trampolín,** 14 ft Durasport
4,26 metrar, 6 fætur, öryggisnet fylgir. 3900586

**45.990 kr**
~~54.990 kr~~



**Vorerikur**
Blómapottar seldir sér.

**799 kr/stk.**

## Vorerikurnar eru komnar

AUTHOR

**Barnareiðhjól** Energy
Stærð: 20" dekk, 10" grind með Silfurgrind og rauðum gaffli. Grind: 9", grind úr álblöndu 6061. Bremsur: Handbremsur Tektro V bremsur. Skipting: 6 gíra (Shimano). Dekk: 20" x 1,50", þyngd: 10,6 kg. 3901788

**39.890 kr**

Hjólin eru komin
Ótrúlegt úrval



20" reiðhjól
Hentar 115-135 cm á hæð

IKRA mogatec



**Rafmagns-hekkklippur**
550W, blað 45 cm.
5083754

**7.995 kr**

Trjáklippur
**20%**
**afsláttur**
FISKARS
WOLF Garten



**Nilfisk**
**Háþrýstidælur**
**20%**
**afsláttur**
af öllum Nilfisk háþrýstidælum

AUTHOR

**Barnareiðhjól** A-Matrix
Stærð: 26" dekk, 13,5" grind. með svartri grind og gulum gaffli. Grind: 13,5", grind úr álblöndu 6061. Bremsur: Tektro V, skipting: 18 gíra. Dekk: 26" x2,00", þyngd: 12,6 kg. 3901795

**53.890 kr**



26" reiðhjól
Hentar 135-160 cm á hæð

## Túlípanasýning í Skútuvogi

Ræktendur sýna úrval túlípana



40%

## Túlípanatilboð

**Túlípanar**
10 stk. 10000088

**1.490 kr**
~~2.490 kr~~

Nokkrir litir, 10 stk., í búnti

blómaval

20%



**Ástareldur**
10,5 cm pottur.
11328305

**1.190 kr**
~~1.490 kr~~



**Páskaliljur**
Tete a tete
keramik pottar fylgja ekki.
10323020

**990 kr**



**Laugardag og sunnudag í Skútuvogi**

## Ráðgjöf um trjáklippingar

Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur, verður í Skútuvogi um helgina og veitir ráðgjöf með vorverkin í garðinum, trjáklippingar og fleira. kl. 13-17 alla helgina í Skútuvogi.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

ÍÐ

blómaval HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

**Garðsófasett**
Lipson, einingagarðsett, býður upp á margar útfærslur eins og hornsetustofu, setuhóp eða sólbekk. Nútímalegt borð og hillur með veðurþolinni alvöru viðarplötu. Púðar fylgja. 3880031



Kynningarverð
**99.990kr**
~~129.990kr~~



20%
**Skjólveggur**
Útdraganlegur skjólveggur, 300x140 cm, dökkgrár að lit. Pólýester efni 220 g/m². Vatnsfráhindrandi, þyngd 5,8 kg. 2991037
**11.992kr**
~~14.990kr~~



**Garðsófasett, 4 sæta**
Willa Alu. 3880032
**80.742kr**
~~94.990kr~~



20%
**Pizzasteinn á grillið**
Cook it. 2991019
**3.592kr**
~~4.490kr~~



15%
cozze
**Pizzaofn 13"**
Búðu til þína eigin pizzu á 2 mínútum. Með breiðu opi og bökunarsteini, tekur Ø34 cm pizzur. 3002400
**39.940kr**
~~46.990kr~~




15%
OUTBACK
**Gasgrill** Graphite 3b
Grillflötur: 560x380 mm, með þremur ryðfríum brennurum og hliðarhellu, afköst 12,4 kW, hliðarhella 3,1 kW. 3000390
**39.990kr**
~~49.990kr~~

Rafmagnsnuddpottar
Nokkrar gerðir, 4-6 manna



25%
Verð frá:
**89.990kr**
~~119.990kr~~




**Allir fá íspinna**
í Skútuvogi kl. 12-16
Meðan birgðir endast



BJORK@FRETTABLADID.IS

# Að útskýra stríð fyrir barni

Við höfum ekki beint talað við hana um stríðið. Hún skilur ekki þetta orð stríð og hún er það ung að þótt við reyndum, myndi hún ekki skilja nákvæmlega hvað er í gangi, annað en að fólk sé vont við hvert annað," segir Karl Garðarsson aðspurður um viðbrögð hálf-úkraínskrar dóttur sinnar við voveiflegum fréttum frá heimalandi móður hennar.

Karl og eiginkona hans, Iryna Novakovska, prýða forsíðu þessa tölublaðs ásamt dóttur sinni, Lilju, sem skírð er eftir úkraínskri móðurömmu sinni.

Þetta svar Karls segir sína sögu af hinum grimmilegu átökum sem nú eiga sér stað af hendi Rússa í Úkraínu. Hvernig útskýrir maður slíkt fyrir saklausu barni? Barni sem alið er upp í öryggi á Íslandi auk þess sem það hefur varið flestum sumrum ævi sinnar í sumarparadísinni hjá ömmu og afa í Úkraínu. Ömmu og afa sem nú neita að yfirgefa heimalandið án sonar síns sem er á herskyldualdri.

Það er ekki hægt.

Prófaðu nú að ímynda þér barnið í myrkum kjallara í Úkraínu, á flótta frá heimalandi sínu eða hið allra versta, illa slasað eða jafnvel látið. ■

» Hvernig útskýrir maður slíkt fyrir saklausu barni?

## Við mælum með

**Söfnunarþætti fyrir Úkraínu**
Í kvöld, laugardagskvöld, verður í beinni útsendingu söfnunarþáttur á RÚV sem er sannarlega ekki af verri endanum. Í þættinum koma fram landsþekktir tónlistarmenn og flytja lag þáttarins, endurgerð á hinu sívinsæla Diskó Frískó með nýjum texta Braga Valdimars Skúlasonar. Meðal flytjenda eru Daníel Ágúst, Birgitta Haukdal, Páll Óskar og Helga Möller og er markmiðið að fjölga í hópi Heimsforeldra og styðja við neyðaraðgerðir UNICEF í Úkraínu.





**Allra síðustu veiðiferðinni**
Stundum þarf maður bara að geta sest niður og skemmt sér. Ekki hugsa, bara horfa og hlæja. Allra síðasta veiðiferðin svíkur engan sem vill geta gleymt sér og fylgst með okkar bestu og fyndnustu leikurum fara á kostum. Það reynir sannarlega á magavöðvana að horfa á Allra síðustu veiðiferðina. ■



María Ösp Ómarsdóttir, Kristín Stefánsdóttir, Sólveig Kristín Björgólfsdóttir og Helga Hreiðarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fannst vanta samastað fyrir barnafjölskyldur

Hópur kvenna ákvað að taka málin í sínar hendur þegar þær fundu fyrir vöntun á stað til að hittast með börn sín og bjóða þær í dag, laugardag, alla velkomna á styrktarviðburð Fjölskyldulands.

bjork@frettabladid.is

Hópnum, sem samanstendur af fagfólki í uppeldisgeiranum, fannst skorta aðstöðu hér á landi þar sem fólk gæti leitað skjóls fyrir veðri, léttklætt, berfætt og notið saman, allt árið um kring.

Hópurinn hefur undanfarið unnið hörðum höndum við að undirbúa slíka fjölskyldumiðstöð, Fjölskylduland, sem stefnt er að því að opna í sumar. Það mun hýsa fyrsta innanhússleikvöllinn á Íslandi undir sama þaki og kaffihús og fjölskyldumiðstöð þar sem foreldrar, börn og umönnunaraðilar geta leikið, fræðst og nærst, bæði á líkama og sál.

**Hannað á ævintýralegan hátt**
Til að fjármagna verkefnið brá hópurinn á það ráð að hefja söfnun á Karolina Fund auk þess sem í dag verður hægt að styrkja verkefnið og skemmta sér um leið í húsnæði Fjölskyldulands, Dugguvogi 4.

„Húsnæðið er hrátt iðnaðarhúsnæði sem þarfnast aðhlynningar en býður upp á mikla möguleika, það er hátt til lofts og bjart sem var algjört skilyrði fyrir okkur," segir Sólveig Kristín Björgólfsdóttir úr Þorpinu – tengslasetri, einu fyrirtækjanna sem að verkefninu standa.

„Arkitekt og leikmyndahönnuður eru búnir að hanna rýmið á ævintýralegan hátt og strax eftir helgi verður tréhús byggt sem hluti af leiksvæðinu. Iðnaðarmenn bíða í startholunum og vinda sér í framkvæmdir um leið og nægt fjármagn safnast."




Í dag verður styrktarviðburður í Fjölskyldulandi og dagskráin fjölbreytt.

**Söfnun á Karolina Fund**
Sólveig segir búið að þróa þá þjónustu sem verður í boði og að skapa vettvang fyrir þá sem vilja styðja við barnafjölskyldur með einum eða öðrum hætti innan Fjölskyldulands. „Söfnunin á Karolina Fund er því til þess gerð að fjármagna standsetningu á húsnæðinu sem mun halda utan um þann vettvang en það er töluvert fjármagn sem fer í að gera það upp."

Innanhússleikvöllurinn verður sérsniðinn fyrir börn á grunnskólaaldri en þjónusta miðstöðvarinnar býður upp á eitthvað fyrir alla fjölskylduna, hvort sem það er saman eða hvert í sínu lagi.

„Fólk getur mætt og keypt stakt skipti en ef það kaupir meðlimakort, sem gildir fyrir alla fjölskylduna, fær það 40 prósenta afslátt af aðgangseyri fyrir hvert barn og afslætti af annarri þjónustu í Fjölskyldulandi. Foreldrar fá aðgang að leiksvæðinu sér að kostnaðarlausu," segir Sólveig.

**Fjölbreytt dagskrá í dag**
Eins og fyrr segir stendur hópurinn í dag fyrir viðburðinum Reisum fjölskylduland, þar sem opið verður leiksvæði fyrir yngstu börnin og pop-up leikvöllur fyrir tveggja ára og eldri.

Enginn aðgangseyrir verður rukkaður en tekið er á móti frjálsum framlögum sem fara í það að gera Fjölskylduland að veruleika sem fyrst.

„Dagskráin er fjölbreytt og er eitthvað fyrir alla fjölskylduna," segir Sólveig.

„Boðið verður upp á fjölbreyttar tengslaeflandi upplifanir frá klukkan 10 til 17 sem endurspegla þá tíma sem verða í stundatöflu þegar Fjölskylduland verður opnað. Þar má meðal annars nefna fjölskyldujóga, fræðslu með leikívafi og sögustund ásamt samvinnutíma umönnunaraðila og barna. Dagskráin einkennist af léttleika, flæði og sköpun," segir hún að lokum.

Dagskrána er hægt að kynna sér nánar á samfélagsmiðlum Fjölskyldulands.

Þeir sem sjá sér ekki fært að mæta, geta kynnt sér verkefnið og lagt því lið á karolinafund.com/project/view/3748 ■

## ■ Í vikulokin

# Þjóðarviljinn, ekki þingsins, skiptir öllu máli



Ólafur Arnarson

Í nýlegum Þjóðarpúlsi Gallup kom fram að 60 prósent þjóðarinnar eru hlynnt fullri aðild Íslands að ESB.

Innrás Rússa í nágrannaríkið Úkraínu hefur gerbreytt heimsmyndinni. Sviss horfið frá hlutleysisstefnu og Finnar og Svíar íhuga nú í fullri alvöru aðild að Nató.

ESB hefur frá öndverðu verið friðarbandalag og skýr viðbrögð aðildarríkja bandalagsins við innrás Rússa er ekki hægt að túlka nema á einn veg. Í framtíðinni verður ESB varnarbandalag Evrópuríkja.

Ógnin úr austri er slík að Evrópa getur ekki lengur reitt sig eingöngu á varnarmátt Bandaríkjanna, eða vilja þeirra til að verja Evrópu. Reynslan af forsetatíð Trumps er víti til varnaðar fyrir bandalagsþjóðir Bandaríkjanna.

Þegar ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hætti viðræðum við ESB 2014 sveik forysta Sjálfstæðisflokksins gefin loforð og flokkurinn klofnaði í kjölfarið.

Á Alþingi er komin fram þingsályktunartillaga um að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu frá þingmönnum Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata.

Rök Sjálfstæðismanna 2014 fyrir því að hætta viðræðum voru að þingmeirihluta skorti fyrir aðild að ESB og þau rök eru komin fram á ný.

Þau rök halda hins vegar ekki. Aðild að ESB er svo stór ákvörðun að einungis þjóðin getur tekið hana. Þinginu ber að virða vilja þjóðarinnar í grundvallarmálum.

» Breska þingið taldi sér skylt að framfylgja þjóðarvilja.

Í Bretlandi var ekki þingmeirihluti fyrir Brexit þegar breska þjóðin kaus útgöngu úr ESB. Engu að síður taldi breska þingið sér skylt að framfylgja vilja naums meirihluta þjóðarinnar.

Þingmenn sem ekki treysta sér til að framfylgja skýrum þjóðarvilja ættu alvarlega að íhuga tafarlausa afsögn.

Alþingi ber að gefa þjóðinni tækifæri til að taka ákvörðun um framhald aðildarviðræðna að ESB. Annað er ofbeldi gegn lýðræðinu. ■

# GLÆSILEG BÍLASÝNING Í DAG

**VERIÐ VELKOMIN Í SÝNINGARSAL OKKAR Í DAG KL. 12–16.**

4xe
PLUG-IN HYBRID




JEEP WRANGLER PLUG-IN HYBRID

## ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF OG NÝ ÆVINTÝRI MEÐ JEEP

Jeep® Wrangler Rubicon, goðsögnin rafmagnaða, hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Þessi kraftmikli jeppi er nú fáanlegur sem Plug-In Hybrid með einstökum drifbúnaði og hlaðinn tækninýjungum. Alvöru fjórhjóladrif fyrir ferðir sem krefjast alvöru jeppa. 35“, 37“ og 40“ breytingapakkar í boði fyrir þá sem vita nákvæmlega hvernig búnað þarf í íslensk ævintýri.




JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID

## JEEP® COMPASS PLUG-IN HYBRID. ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

Jeep® Compass Plug-In Hybrid jepparnir koma í þremur útgáfum; Limited, Trailhawk og S. Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif. Alvöru jeppar með alvöru fjórhjóladrifi sem koma troðfullir af aukabúnaði á góðu verði.

**Jeep 4xe Plug-In Hybrid jepparnir henta fjölskyldum við íslenskar aðstæður um allt land.**

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep®

# Vonast eftir kraftaverki



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

**Karl og Iryna kynntust í Úkraínu á umbrotatímum í sögu landsins. Þau vöknuðu upp við vondan draum í febrúar þegar Rússar réðust inn í landið og segja frá því hvernig er að ræða við fimm ára dóttur sína um stríðið í heimalandinu.**

Karl Garðarsson og Iryna Novakovska kynntust í Kænugarði í ársbyrjun 2014. Karl, sem er fjölmiðlamaður og fyrrverandi alþingismaður, var þá staddur í Úkraínu við kosningaeftirlit á vegum Evrópuráðsins og Iryna, sem er úkraínsk, vann á skrifstofu Evrópusambandsins.

**Iryna:** „Úkraína var þá byrjuð að breytast, það voru miklar breytingar í loftinu,“ segir hún, en þau Karl kynntust skömmu eftir Maidanbyltinguna þegar forsetanum Viktor Janúkovítsj var steypt af stóli. Með Karli og Irynu tókst vinátta sem blómstraði yfir í hjónaband og árið 2017, skömmu eftir að Iryna flutti til Íslands, eignuðust þau dótturina Lilju.

**Iryna:** „Á þessum fimm árum síðan ég flutti frá Úkraínu hef ég séð miklar breytingar í landinu mínu. Fólkið er orðið þjóðræknara, er farið að tala úkraínsku og klæða sig þjóðlega, maður sér þetta sérstaklega hjá ungu kynslóðinni og á götum Kíjív, þær eru orðnar mun evrópskari.“

Iryna er alin upp í þorpinu Horodníjtsíja í Shíjtomíjr-héraði, um 300 kílómetra norðvestur af höfuðborginni Kænugarði og skammt frá landamærum Hvíta Rússlands. Hjónin eiga nú saman íbúð í miðborg Kænugarðs en Karl viðurkennir þó að honum hafi hreint ekkert litist á blikuna í fyrstu heimsókn sinni þangað árið 2014.

**Karl:** „Þetta er eina skiptið á ævinni sem ég hef komið til borgar þar sem ég var hræddur um öryggi mitt úti á götu. Ég gekk þarna fyrsta daginn um miðborgina og það voru þarna alls konar menn í herklæðum með skotvopn starandi á mann. Mér leið eins og ég væri eini útlendingurinn, sem ég var nánast á þessum tíma, rétt eftir byltingu. Eins og Iryna kom réttilega inn á áðan hefur þessi borg gjörbreyst á sjö, átta árum. Hún er orðin bara eins og hver önnur austur-evrópsk borg með iðandi mannlífi, menningu og tækniþekkingu.“



Karl og Iryna ásamt dóttur þeirra Lilju sem varið hefur flestum sumrum ævi sinnar í sumarparadís ömmu og afa í Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ég hef miklar áhyggjur en þegar maður situr ekki sjálfur í sprengjubyrginu þá veit ég ekki hvort maður geti raunverulega skilið það og fundið á eigin skinni.
>
> Iryna

### Vakin klukkan fjögur um nótt

Karl og Iryna hafa fylgst grannt með stöðu mála í Úkraínu síðan stríðið hófst. Þegar blaðamaður settist niður með hjónunum á heimili þeirra í Kópavogi, nákvæmlega mánuði eftir að Rússar hófu innrás sína í Úkraínu var sjónvarpið stillt á úkraínsku fréttirnar sem sýndu Selenskíj forseta í miðri ræðu.

**Iryna:** „Þetta var sjokk, það voru mörg tár, þetta var eins og hryllingsmynd eða martröð. Ég bjóst alls ekki við þessu, af því Pútín ítrekaði stöðugt að hann myndi aldrei ráðast á Úkraínu, að við værum sama þjóðin, með sömu trúarbrögðin og sama tungumálið.“

Allt kom þó fyrir ekki og þrátt fyrir að Pútín haldi áfram að endurtaka þrástefið um að einungis sé um að ræða „sérstaka hernaðaraðgerð“ þá er staðreyndin sú að þann 24. febrúar hóf rússneski herinn innreið sína yfir landamæri Úkraínu á sama tíma og byrjað var að varpa sprengjum yfir helstu borgir og hernaðarleg skotmörk landsins.

**Iryna:** „Við vöknuðum klukkan fjögur um nóttina. Dóttir mín vaknaði fyrir tilviljun og svo vaknaði Karl og sagði mér að stríðið væri byrjað. Ég hringdi auðvitað í bróður minn sem var vakandi af því þau höfðu heyrt sprengingar. Ég sagði honum að yfirgefa Kíjív strax. Ég var mjög hrædd. Ég sagði honum að fara til foreldra okkar, það væri betra að þau væru saman á þessari stundu.“

**Karl:** „Bróðir hennar og kona hans bjuggu í íbúð sem við eigum í Kíjív og þegar hún hringdi í þau fyrsta daginn um morguninn og sagði „Stríðið er byrjað“, þá fóru þau strax yfir í þorpið þar sem foreldrar hennar búa og eru þar enn.“

### Íhugaði að gerast sjálfboðaliði

Iryna segist hafa farið í gegnum þrjú tilfinningaleg stig eftir upphaflega áfallið þegar stríðið hófst.

**Iryna:** „Fyrst afneitar maður þessu, eftir það verður maður reiður og loks samþykkir maður það. Af því að þetta er augljóslega eitthvað sem gerðist og það er ekkert sem maður getur gert til að breyta því. Ég hugsaði mjög mikið um hvað ég gæti gert til að hjálpa héðan frá. Karl vildi upphaflega fara og bjóða sig fram sem sjálfboðaliða.“

**Karl:** „Þetta eru svona fyrstu viðbrögð, sem eru mjög eðlileg. Hins vegar, ef maður hugsar málið betur, þá getur það að fara til Úkraínu sem sjálfboðaliði verið mjög hættulegt. Og ég hefði í sjálfu sér aldrei getað farið í herinn, því ég er of gamall.“

Karl ákvað því að halda kyrru fyrir á Íslandi en þau Iryna fylgjast grannt með stöðunni í Úkraínu og ræða við ættingja sína og vinafólk á hverjum degi. En þótt Iryna sé vel upplýst um stöðu mála í heimalandinu segir hún það geta verið erfitt að setja sig í spor fólksins sem er í miðju átakanna.

**Iryna:** „Jafnvel ég get ekki skilið sorgina sem þau eru að upplifa. Ég hef miklar áhyggjur, en þegar maður situr ekki sjálfur í sprengjubyrginu þá veit ég ekki hvort maður geti raunverulega skilið það og fundið á eigin skinni. Það var mikil sorg hjá þeim fyrstu dagana og þau voru mjög þunglynd. Ég tala við þau á hverjum degi í einn klukkutíma og þau reyna að halda í vonina, þau binda vonir við herinn okkar, en vita ekki hvenær þessu mun ljúka.“

> Þetta var sjokk, það voru mörg tár, þetta var eins og hryllingsmynd eða martröð.
>
> Iryna

### Vel tekið á móti flóttamönnum

Að sögn Irynu hefur fjölskylda hennar í Úkraínu enn sem komið er ekki reynt að flýja land og þau kjósa heldur að vera öll saman í heimabænum á meðan þau geta. Bróðir Irynu, Dmíjtro Novakovskíj, er tölvuverkfræðingur og getur ekki yfirgefið landið frekar en flestir karlmenn undir sextugu, því hann er skráður í varalið úkraínska hersins.

**Karl:** „Hann getur ekki farið út af herskyldu. Konan hans vill ekki fara nema hann komi með og foreldrar hennar held ég vilja ekki fara á meðan sonurinn er í Úkraínu, þannig að þau eru öll föst saman.“

Iryna kveðst þó eiga nokkra fjarskylda ættingja sem hafi flúið til Póllands. Þrátt fyrir að hafa hlotið góðar viðtökur þar hafa þau ekki hug á að setjast að utan heimalands-


Bestur í heimi?
Næstum því.
HEIMSMEISTARAMÓT
TOPP TÍU
OSTA 2022
Feykir 24+ hreppti áttunda sæti í sínum flokki á Heimsmeistaramóti osta 2022.
EINN AF TÍU BESTU OSTUM Í HEIMI
Feykir
24+
Goðdalir

ins: „Þau vilja ekki koma til Íslands af því þau vonast til að geta snúið aftur til Úkraínu. Þau eru núna öll nálægt Póllandi og bíða bara eftir að stríðinu ljúki.“

Á þeim tíma sem þetta er ritað hafa rúmar fjórar milljónir Úkraínumanna flúið yfir til annarra landa, langflestir til Póllands, en þegar hafa á sjötta hundrað Úkraínumanna sótt um hæli á Íslandi. Spurður um hvort hann telji íslensku þjóðina vera að gera nóg til að rétta þessu fólki hjálparhönd segir **Karl**:

„Já, ég held að Íslendingar hafi staðið sig gríðarlega vel í að taka á móti þessu fólki og Íslendingar hafa náð að skipuleggja sig mjög fljótt. Það er alveg prýðilega haldið utan um þetta. Það sem þarf að passa sig á er að það verður að sjá til þess að þetta fólk fái vinnu sem fyrst. Það er mjög mikilvægt, því Úkraínumenn eru mjög vinnusamir og það verður erfitt fyrir þá ef þeir eiga ekki kost á að fá vinnu og þurfa að sitja heima.“

Iryna tekur í svipaðan streng og Karl og telur að vel verði tekið á móti þeim löndum sínum sem koma hingað. „Ég held að Ísland sé eitt besta landið fyrir flóttamenn að koma til hvað varðar viðhorf og aðstæður flóttamanna.“


Karl á fundi í úkraínska þinginu. MYNDIR/AÐSEND


Mæðgurnar Iryna og Lilja fá sér hressingu í Kænugarði um síðustu jól.


Lilja úti á engi við þorpið Horodníjtsíja í Úkraínu.

**Úkraína gæti staðið stríðið af sér**

Veður skipast skjótt í lofti í stríði og staðan í Úkraínu breytist dag frá degi. Spurður um hvernig hann meti ástandið nú, eftir fimm vikur af átökum, segir **Karl**:

„Það er stundum sagt að sannleikurinn sé það fyrsta sem deyr í stríði og ég held að það sé mikið til í því. Maður þarf að taka öllum upplýsingum sem eru að berast frá báðum aðilum með fyrirvara. Ég hef nú verið þeirrar skoðunar hingað til að þetta sé stríð sem Rússar muni „vinna“ að því leyti að þeir muni hugsanlega ná tökum á höfuðborginni og koma á leppstjórn. En vandamálið verður alltaf það að þeir munu ekki geta haldið neinum borgum vegna þess að þeir þyrftu að auka fjölda hermanna fimmfalt. Það þyrfti að vera allt að ein milljón manns til þess að halda þeim.“

Að sögn Karls hefur sú breyting orðið á stríðinu undanfarið að Úkraínumenn eru farnir að sækja sífellt meira á. Rússar tapa gríðarlegum fjölda hermanna á degi hverjum, allt að þúsund manns, þar með talið hermenn sem falla í stríðsátökum, þeir sem særast, þeir sem eru handteknir og þeir sem flýja. NATO áætlaði nýlega að á bilinu 7 til 15 þúsund rússneskir hermenn hafi fallið á fyrsta mánuði stríðsins og að Rússar hafi í heildina misst á bilinu 30 til 40 þúsund hermenn.

**Karl:** „Ef þetta er raunin, þá finnst mér líklegt að Úkraínumenn eigi núna þokkalega möguleika á að standa þetta af sér. Þannig að áður en langt um líður myndu nást einhvers konar samningar á milli þessara þjóða. Það er voðalega erfitt fyrir báða aðila að bakka, þeir eru mjög harðir á sínu, en þetta er eiginlega það eina skynsama í stöðunni. Ef þetta gerist ekki og það verða áframhaldandi árásir næstu sex til tólf mánuði, þá verður mannfallið alveg gríðarlegt, eyðileggingin verður gríðarleg og heilu borgirnar verða lagðar gjörsamlega í rúst eins og Maríupol. Það er eitthvað sem ég held að enginn vilji í raun.“

**Ólíkur vestrænum pólitíkusum**

Sá leikmaður sem hefur komið einna mest á óvart í öllum þessum hildarleik er án efa forseti Úkraínu, Volodímír Selenskíj. Þessi 44 ára fyrrum gamanleikari, sem tók við embætti forseta án nokkurrar pólitískrar reynslu árið 2019, hefur stigið fram sem sannkölluð þjóðhetja og vakið athygli allrar heimsbyggðarinnar. Iryna segir Úkraínumenn ekki hafa haft miklar væntingar til Selenskíjs fyrst um sinn en hann hafi þó sannað sig á endanum.

**Iryna:** „Við héldum fyrst að hann væri kannski með einhverja ólígarka á bak við sig. En hann er greinilega með mjög gott teymi. Á síðustu árum hefur hann umkringt sig mjög góðu fólki, ungu, skapandi fólki. Auðvitað viljum við sjá svona breytingar. Ég held að fyrrverandi forsetinn, Petro Porosjenko, hafi leitt til þeirra vandamála sem við erum að glíma við í dag, sem er harmleikur. Diplómatískt samband okkar við Rússland var þegar orðið mjög slæmt.“

*Vesturlönd virðast vera mjög hrifin af Selenskíj, líta Úkraínumenn öðrum augum á hann?*

**Karl:** „Nei, ég held að það sé líklega enginn þjóðarleiðtogi á síðustu áratugum sem hefur komið jafnmikið á óvart og Selenskíj. Eins og Iryna benti réttilega á þá var hann litinn hornauga þegar hann var kjörinn fyrst í Úkraínu 2017. Hann þótti bara gamanleikari, en fólki fannst hann skárri en Porosjenko sem þótti ekki nógu sterkur á svellinu. Fyrst þegar Selenskíj heimsótti hermenn þá var hlegið að honum. En það gerðist eitthvað ótrúlega mikið þegar stríðið byrjaði og hans ára gjörsamlega breyttist á einum degi.“

> ” **Hún skilur ekki þetta orð stríð og hún er það ung að þótt við reyndum, myndi hún ekki skilja nákvæmlega hvað er í gangi, annað en að fólk sé vont hvert við annað.**
>
> Karl

Að sögn Karls tókst Selenskíj að stíga inn í hlutverk sitt sem þjóðarleiðtogi strax og stríðið byrjaði. Margir bjuggust við því að hann myndi hreinlega flýja land eins og Ashraf Ghani, fyrrverandi forseti Afganistans, gerði í kjölfar valdatöku Talibana. En Selenskíj sat sem fastast í höfuðborginni Kænugarði og gerir raunar enn. Þá hafa ræður Selenskíjs, sem hann beinir ýmist til Úkraínumanna, Rússa eða heimsbyggðarinnar, vakið mikla athygli fyrir skýr og afdráttarlaus skilaboð.

**Karl:** „Venjulegir evrópskir pólitíkusar eru ekkert vanir að tala svona, þannig að þeim bregður en þeim finnst þetta ótrúlega flott innst inni. Þetta er ekki sá kúltúr sem Vesturlönd eru vön. Hann er náttúrlega vanur leikari, vanur að koma fram og tala, og það hefur hjálpað honum alveg ofboðslega mikið núna síðasta mánuðinn.“

**Bíður eftir að komast til Úkraínu**

Lilja, dóttir Karls og Irynu, varð fimm ára á dögunum. Hún hefur varið flestum sumrum ævi sinnar í Úkraínu í sannkallaðri sumarparadís hjá afa sínum, Victori, og ömmu sinni, Líliu, sem hún heitir eftir. Lilja á því skiljanlega erfitt með að samræma fréttir frá móðurlandinu við sínar eigin minningar þaðan.

**Karl:** „Við höfum ekki beint talað við hana um stríðið. Hún skilur ekki þetta orð stríð og hún er það ung að þótt við reyndum, myndi hún ekki skilja nákvæmlega hvað er í gangi, annað en að fólk sé vont við hvert annað. Hún hins vegar sér myndir í sjónvarpinu og hún skilur tungumálin, úkraínsku og rússnesku. Þannig að hún stoppar oft við sjónvarpið og byrjar stundum að spyrja mig hvað sé í gangi. Ég leiði það svolítið hjá mér að svara henni, vegna þess að ég veit að þetta er mjög erfitt fyrir hana.“

**Iryna:** „Hún áttar sig á því að það er eitthvað í gangi, er svolítið stressuð og óróleg. Ég geri allt bara á sjálfstýringu en hugur minn er annars staðar. Hugsanir mínar eru alltaf hjá fólkinu mínu í Úkraínu. Ég vorkenni börnunum sem eru þar enn og Lilja þjáist líka af því hún finnur fyrir sorginni minni. Hún átti fimm ára afmæli fyrir nokkrum dögum. Við vorum með gesti svo ég sleppti mér aðeins og á sama tíma var hún að syngja lagið Let It Go úr Frozen.“

Um þetta leyti í viðtalinu byrja að heyrast köll frá svefnherbergi Lilju sem hafði skömmu áður ráfað inn um dyrnar klædd í einkennisbúning sinn, eftirlíkingu af kjól Elsu úr Frozen. Iryna stendur upp til að athuga með dóttur sína.

**Karl:** „Hún er að bíða eftir því að komast aftur til Úkraínu. Hún er búin að verja síðustu sumrum í Horodníjtsíja og man eftir góða veðrinu þar sem hún er nánast nakin úti í garði hjá afa sínum og ömmu. Þetta er svona þorp eins og maður sé kominn aftur í þorp á Íslandi 1930 þar sem þú vaknar við hanagal á morgnana, það eru hestvagnar og kýr á götunum og fullt af krökkum hlaupandi um. Þetta er hennar mynd af Úkraínu. Síðast í gær var hún að tala um hvað hún væri spennt að fara þangað aftur í sumar og hitta vini sína og geta hlaupið um á malarstígunum.“

**Vonast eftir kraftaverki**

Spurður um hvort hann bindi vonir við að friður muni nást í Úkraínu segist Karl vona innilega að stríðinu muni ljúka innan mánaðar eða tveggja.

**Karl:** „Ég vona það svo sannarlega fyrir Úkraínu og fyrir allt þetta vesalings fólk sem þjáist þar alla daga. Það er eiginlega óbærilegt að hugsa til þess að fólk sé niðurgrafið í kjöllurum án þess að hafa mat, hita og rafmagn. Þetta er fólk sem er kannski komið undir nírætt, þetta eru ungbörn, fatlað fólk og svo framvegis. Það getur enga björg sér veitt og það fær enga hjálp. Þetta er bara óbærilegt og getur ekki haldið áfram mikið lengur. Það er orðið siðferðislegt spursmál fyrir Evrópu, NATO og Evrópusambandið að gera meira heldur en verið er að gera því þetta er ekki boðlegt í siðuðu samfélagi að horfa upp á mikið lengur.“

Iryna tekur í svipaðan streng en stríðið hefur tekið svo mikið á hana að hún neitar jafnvel að segja nafn Vladímírs Pútín upphátt á heimili sínu.

**Iryna:** „Ég vonast auðvitað til þess að eitthvað kraftaverk gerist. Ef við myndum gefast upp væru það svik við alla hermennina okkar sem hafa dáið fyrir Úkraínu. Selenskíj getur ekki stoppað og þessi hræðilegi maður sem byrjaði þetta mun heldur ekki stoppa. Hvað mun gerast? Hver mun verða okkar friðargæslumaður? Erdogan eða Kim Jong-un? Ég veit það ekki, en unga kynslóðin og ég, við trúum á herinn okkar. Við verðum að trúa, við höfum engan annan kost í stöðunni en að trúa á sigur.“ ■

# PÁSKA TILBOÐ

Kíktu við hjá Höfðabílum og gerðu funheit bílakaup

Allt að **600.000** kr. afsláttur

**Allir bílar með ábyrgð**

Allt að **100%** bílalán.
Fjármögnum á staðnum.

Hér eru aðeins nokkur sýnishorn - **það fylgir páskaegg öllum seldum bílum**

**- 600.000 kr.**




**Land Rover Discovery Sport**
Nýsk. 6/17 Ekinn 221 þ. km
Sjálfskiptur, Dísel
Ásett verð: 3.490.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.890.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Ford Kuga**
Nýsk. 3/18 Ekinn 174 þ. km
Sjálfskiptur, leður, lúga og fl.
Ásett verð: 2.790.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.290.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Hyndai I-20**
Nýsk. 6/17 Ekinn 226 þ. km
Beinskiptur
Ásett verð: 890.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 590.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Nissan Qashqai**
Nýsk. 6/18 Ekinn 206 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.190.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.790.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Honda CR-V**
Nýsk. 4/17 Ekinn 186 þ. km
Beinskiptur
Ásett verð: 2.690.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.290.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Toyota Auris Live Station**
Nýsk. 5/14 Ekinn 122 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 1.390.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.090.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Nissan X-Trail**
Nýsk. 5/16 Ekinn 171 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.490.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.990.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**VW Golf Trendline**
Nýsk. 6/15 Ekinn 191 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 1.490.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 990.000. KR.**

**- 240.000 kr.**




**VW Up**
Nýsk. 7/15 Ekinn 204 þ. km
Beinskiptur, bensín
Ásett verð: 690.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 450.000. KR.**

**-300.000 kr.**




**Subaru Forester**
Nýsk. 7/18 Ekinn 147 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 3.290.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.990.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Ford Kuga Titanium**
Nýsk. 7/18 Ekinn 198 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.390.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.990.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Suzuki Swift GL+**
Nýsk. 4/17 Ekinn 166 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 1.390.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.090.000. KR.**

Bílafjármögnun Landsbankans

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast

FOSSHÁLSI 27
110 REYKJAVÍK
SÍMI: 577 4747

FÖS: 10-17
LAU: 12-16
SUN: LOKAÐ

# Þetta er týpískt fjölskyldumynstur

**Þær Tinna Hrafnsdóttir, Aníta Briem og Edda Björgvinsdóttir fara með hlutverk mæðgna í kvikmyndinni Skjálfta þar sem þrúgandi fjölskylduleyndarmál er rauði þráðurinn.**



Í Skjálfta leika þær Edda, Tinna og Aníta mæðgur sem búa yfir leyndarmáli sem eitrar allt þeirra líf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Handrit myndarinnar er byggt á skáldsögu Auðar Jónsdóttur, Stóra skjálfta, og fjallar um Sögu Gunnarsdóttur sem Aníta Briem túlkar. Söguþráðurinn hverfist um karakter hennar og leit hennar að sannleikanum um fjölskyldu sína sem býr yfir harmþrungnu leyndarmáli og hefur bæling þess haft slæm áhrif á líf og heilsu Sögu. Tinna, sem bæði skrifar handrit myndarinnar og leikstýrir henni, fer jafnframt með hlutverk Jóhönnu, eldri systur Anítu.

**Tinna:** „Þetta eru mæðgur sem hafa upplifað ýmislegt."

**Aníta:** „Það er eitthvað svo kunnuglegt að vera svo náinn einhverjum en sjá þó heiminn á allt annan hátt," segir hún aðspurð um samband systranna. „Það er mikill skilningur á milli þeirra og þær deila miklu en nálgast hlutina á ólíkan hátt."

**Tinna:** „Það kristallast einna helst í því að eldri systirin veit eitthvað sem fjölskyldan er að fela. Hún veit jafnframt að yngri systirin veit ekki af því og þess vegna verður ábyrgðartilfinning hennar gagnvart yngri systur sinni svo sterk."

> **Kynslóð ömmu minnar og afa átti engin verkfæri til að ræða erfiða hluti eða einu sinni setja fingur á það hvað ætti að tala um.**
>
> Aníta

**Aníta:** „Jafnvel þótt þær séu báðar fullorðið fólk þá er þessi dýnamík sterk. Önnur sér um að allt sé eins og það á að vera og hin er meira með allt niður um sig."

**Tinna:** „Eldri systirin lifir í skýrum ramma, tekur engar áhættur og neitar sér um ýmislegt í lífinu. Það að elska er í ákveðnum skilningi stórhættulegt því ef maður elskar af heilindum og öllu hjarta er svo mikið í húfi ef eitthvað kemur fyrir þann sem þú elskar. Að elska er hugrekki og í þessari sögu hefur elsku Jóhanna ekki það hugrekki."

### Lífið hjákátlegt í dramatíkinni

Svo er það móðirin, Dídí, sem Edda túlkar.

**Edda:** „Já, það er svo fallegt hvernig móðirin hefur ákveðið alveg frá byrjun hvernig samband systranna er og hefur einfaldað það rosalega mikið. Hún virðist hafa ákveðið að það sé ekkert í æsku þeirra sem þarf að tala um. Það virðist hafa verið þögult samkomulag fjölskyldunnar hver veit hvað, hver man hvað og hvernig er farið með það ef einhver man eitthvað."

Leitin að sannleikanum um fortíðina hefst þegar Saga fer að fá óútskýrð flogaköst sem hún hafði verið laus við frá æskuárum.

**Edda:** „Það er brugðist við þeim á þann hátt sem fólk sem ekki þorir að takast á við stórar tilfinningar gerir. Lausnirnar sem blasa við eru að eldri systir flytji til yngri og svo framvegis. Þetta eru svona ekta mömmu-lausnir og við tölum svo bara saman yfir kjötsúpunni og gerum eins og mér finnst best," útskýrir Edda með sínum einstöku tilþrifum.

„Þetta er týpískt fjölskyldumynstur. Ég grét svo mikið yfir bókinni hennar Auju en ég grét og hló yfir myndinni. Tinnu tekst svo vel að ná fram svo mörgum litum. Það finnst mér svo mikilsvert."

**Tinna:** „Lífið getur verið svo hjákátlegt í allri sinni dramatík. Það að geta hlegið að hlutum er ákveðin sjálfsbjargarviðleitni."

**Edda:** „Það er svo mikil heilun í því."

### Getur maður fyrirgefið allt?

**Aníta:** „Ef ég bara horfi á mína eigin fjölskyldu: frá afa og ömmu, foreldrum mínum og til mín og þau ólíku verkfæri sem við höfum til að takast á við heiminn. Kynslóð ömmu minnar og afa átti engin verkfæri til að ræða erfiða hluti eða einu sinni setja fingur á það hvað ætti að tala um. Það finnst mér svo fallegt við Dídí, ég upplifði að hún hefði ekki tungumálið til að tala um hlutina. Hér áður fyrr var rétt að vera hugrakkur og harka af sér. Það var það besta sem fólk gat gert."

**Edda:** „Þar eru þau fjölskyldan til fyrirmyndar."

**Aníta:** „Þeir sem ræddu hlutina voru kannski frekar álitnir vera að velta sér upp úr hlutunum. Það var frekar merki um veikleika og að fólk hefði ekki styrk til að halda áfram."

**Tinna:** „Eins og Auður Jóns segir einhvers staðar þá erum við samnefnari okkar eigin reynslu og minninga. Mér finnst þetta svo sterk og rétt setning og tengi við það sjálf persónulega. Ég finn svo margt í sjálfri mér sem ég tengi við reynslu sem ég hef gengið í gegnum og náð betur stjórn á núna, að hún fari ekki með mig á þær villigötur sem hún fór með mig á þegar ég var yngri. Þess vegna langaði mig svo að segja þessa sögu þar sem er bókstaflega klippt á þessa keðjuverkun þegar minningarnar sem Saga bældi sem barn, fara að brjótast fram og ekki verður aftur snúið. Þá stendur hún frammi fyrir því að vita af hverju hún er eins og hún er og spyrja sig hvort hún ætli að láta það bitna á barninu sínu, sem hún er óafvitandi búin að gera, eða horfast í augu við þetta.

Ætlar hún að fyrirgefa sjálfri sér og fjölskyldunni? Getur maður fyrirgefið allt? Þessum spurningum er varpað fram. Það er þessi keðjuverkun sem ég tengdi svo ofboðslega sterkt við sjálf og vildi miðla og miðað við viðbrögð á erlendum kvikmyndahátíðum þá er þetta það sem fólk tengir svo sterkt við sínar fjölskyldur."

> **Þú sem einstaklingur þarft að bera ábyrgð á sjálfum þér til að geta borið ábyrgð á öðrum.**
>
> Tinna

> **Ef læknavísindin myndu bara byrja á samtali áður en hrúgað er í fólk töflum og skoða hvað býr að baki.**
>
> Edda

**Aníta:** „Getum við breytt hegðunarmynstrum? Mynstrum fjölskyldustrúktúrsins sem er svo djúpur eins og allir þekkja. Það er auðvelt fyrir fólk að setja sína eigin sögu inn í þessa."

**Edda:** „Hún á við svo marga."

**Tinna:** „Í raun er flogaveikin bara rammi sem er valinn utan um söguna sem hefur ekkert með flogaveiki að gera. Þetta er saga um manneskju sem missir stjórn á eigin lífi og þarf að hugsa hlutina upp á nýtt. Við vitum að eftir að hafa hlaupið á vegg förum við ekki aftur á sama stað. Þá þarftu að fara í rannsókn á sjálfinu og fara í gegnum það ferli sem einstaklingur óháð öllu. Þú sem einstaklingur þarft að bera ábyrgð á sjálfum þér til að geta borið ábyrgð á öðrum. Saga veit að til að verða góð móðir þarf hún að verða heil."

### Sístækkandi ruslahaugur

Aðspurðar hvort þær hafi persónulega getað tengt söguþráðinn við sig sjálfar og sínar fjölskyldur stendur ekki á svörum frá leikkonunum.

**Aníta:** „Biddu fyrir þér."

**Edda:** „Já, biddu fyrir þér. Í svo mörgum fjölskyldum er verið að fela alkóhólisma og þá verður ruslahaugurinn stærri og stærri. Sem aðstandandi þarf maður að skoða svo mikið þegar farið er í sjálfsvinnuna. Það er í raun doktorsnám og ef maður sleppir því endar maður skakkur úti í horni enda búinn að nota einhvern feluleik sem hækju. Ef læknavísindin myndu bara byrja á samtali áður en hrúgað er í fólk töflum og skoða hvað býr að baki."

**Aníta:** „Sjúkdómur eins og alkóhólismi er ekkert öðruvísi en til að mynda krabbamein en honum getur fylgt skömm sem er ástand og tilfinning sem er mjög erfitt fyrir fjölskyldudýnamík að díla við og liggur eins og svört þoka undir yfirborðinu."

**Tinna:** „Það að hafa gengið í gegnum erfiða hluti eða fundið fyrir vanmætti sinum er ekki eitthvað til að skammast sín fyrir. Það er gott að geta endurstillt sýnina og hugsað: Þetta er ekki skömm heldur aðstæður sem ég réð ekki við og hafa mótað mig. Það að reyna að finna réttar leiðir út úr því er hinn stærsti styrkleiki og hugrekki; að geta sagt: Ég er manneskja, ég er breysk, ég get ekki allt og ég þoli ekki allt. Ég hef ekki þak til þess að bera allar þær byrðar sem á mig hafa verið lagðar. En ég get reynt að finna mínar leiðir til að vinna úr þeim." ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 2. apríl 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Jeff Koons vill stofna listagallerí á Tunglinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Tunglstaða listarinnar

jme@frettabladid.is

Jeff Koons, einn þekktasti myndlistarmaður veraldar í dag, ætlar að sjálfsögðu að taka þátt í geimferðakapphlaupi milljarðamæringanna með því að ferja á þessu ári skúlptúra eftir sjálfan sig til tunglsins og skilja þá eftir þar um aldur og ævi.

**Hugmyndafræðilegt verðmæti**

Verkefnið verður tengt sérstöku NFT (non-fungible tokens) safni og verða skúlptúrarnir til sölu hér á jörðu niðri í formi NFT-myntar. NFT-gjaldmiðillinn er stafrænt fyrirbæri sem skekur myndlistarheiminn í dag. NFT stendur fyrir hugmyndafræðilegt verðmæti sem hægt er að kaupa og selja, og hagnast á eða tapa, líkt og á við um veraldleg verðmæti.

Um verkið, sem nefnist Moon Phases, segir Koons: „Það á sér rætur í húmanisma og heimspeki. Geimferðir hafa gefið manninum sjónarhorn og getu til þess að ná út fyrir efnisheiminn. Verkefnið er áframhald og lofsöngur um afrek mannkynsins á og út fyrir plánetuna okkar.“ ■







Sjálfboðaliðar taka virkan þátt í undirbúningi og skipulagningu Styrkleikanna með Evu Írisi verkefnastjóra. Eva situr í fremri röð ásamt G. Herbert Bjarnasyni en fyrir aftan eru Guðbjörg Jónsdóttir og Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóra Krabbameinsfélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Taktu þátt í Styrkleikunum á Selfossi – einstök upplifun

Styrkleikar Krabbameinsfélags Íslands verða haldnir í fyrsta sinn á Selfossi 30. apríl og standa yfir í sólarhring. Um alþjóðlegan viðburð er að ræða sem fer fram árlega á yfir 5.000 stöðum í yfir 30 löndum um allan heim. Hátt í 10 milljónir taka þátt á hverju ári. 2

Eva Íris Eyjólfsdóttir er verkefnastjóri Styrkleikanna hún er sannfærð um að viðburðurinn sé kominn til að vera og hvetur alla til að vera með. Eva segir Krabbameinsfélag Íslands hafa gengið til liðs við Global Relay for Life, samtök á vegum ameríska krabbameinsfélagsins, og öðlast þar með rétt til að halda Styrkleika hér á landi, eða viðburðinn Relay for Life, eins og hann heitir í Bandaríkjunum. Íslenska nafnið á viðburðinum er Styrkleikarnir sem er orðaleikur og minnir okkur á styrkinn sem við finnum í samstöðunni, við það að ganga saman til að standa með fólki sem hefur verið snert af krabbameinum.

**Hvað eru Styrkleikarnir?**
„Styrkleikarnir eru fjölskylduviðburður sem snýst um að styðja við, heiðra eða minnast þeirra sem hafa fengið krabbamein. Leikarnir standa yfir í sólarhring, sem er táknrænt fyrir að það fæst engin hvíld frá krabbameini. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa. Heiðursgestir leikanna eru þeir sem greinst hafa með krabbamein og sérstök dagskrá tileinkuð þeim.“

Viðburðurinn er opinn öllum og það kostar ekkert að vera með. Það er mjög gott hjólastólaaðgengi og svæðið hentar vel fyrir fólk sem er með einhverjar sérþarfir. „Við leggjum mikið upp úr því að viðburðurinn sé fyrir alla og allir fari þetta á sínum hraða,“ segir Eva.

**Stór eða lítil lið**
Fjölskyldur, vinahópar, fyrirtæki, félagasamtök eða aðrir skrá sig sem lið á styrkleikarnir.is og vinna svo saman að því að hafa fulltrúa á hreyfingu með boðhlaupskefli allan sólarhringinn. Algengt er að liðsfélagar skiptist á að ganga í einn til tvo tíma í senn.

> **Styrkleikarnir eru einstök upplifun fyrir alla aldurshópa.**

Þú þarft ekki að vera hluti af liði til að vera með því þú getur skráð þig í Landsliðið, það er öllum opið.

„Liðin og einstaklingarnir í liðunum eru það sem gefur viðburðinum lit. Styrkleikarnir eru kjörið tækifæri til þess að hrista hópa saman með sameiginlegt markmið. Hvert lið ákveður hversu mikið það vill leggja í sína þátttöku en því meira sem liðið vinnur að því að gera viðburðinn einstakan, því stærri verður upplifunin fyrir hvern og einn.

Liðin eru af öllum stærðum og gerðum, stór og lítil, við vitum um hundrað manna lið þar sem fjórir til tíu gengu saman en það er líka hægt að vera einn á ferð,“ segir hún.

**Góðar aðstæður á Selfossi**
Styrkleikarnir eru haldnir í samvinnu við Krabbameinsfélag Árnessýslu á Selfossi og í góðu samstarfi við Sveitarfélagið Árborg. „Aðstæður eru einstaklega góðar á Selfossi til að halda þennan viðburð og ef veður verður slæmt getum við alltaf fært okkur inn í nýju íþróttahöllina. Þar er mjög góð göngubraut og fallegt útivistarsvæði er allt í kring,“ segir Eva Íris.

„Við viljum hvetja alla til að vera með, þetta er einstök upplifun – sjáumst á Selfossi 30. apríl,“ segir Eva að lokum.

Allar nánari upplýsingar um Styrkleikana má finna á styrkleikarnir.is




Krakkar sem tóku þátt í Styrkleikunum í Noregi, en þau skiptust á að hlaupa eða ganga með keflið í heilan skóladag. Með þessu söfnuðu þau fyrir norska krabbameinsfélagið, en í hópnum eru tvö börn sem hafa greinst með krabbamein.






Þessi mynd var tekin á Styrkleikunum í Noregi þar sem fjölskyldur komu saman og skemmtu sér.



Hægt er að fá leigð tjöld á Styrkleikunum þar sem fólk getur haft sína heimastöð eins og hér er gert.



Ljósaathöfn fer fram á Styrkleikunum. Seldir eru ljósapokar sem fólk getur skrifað kveðju á til ástvinar sem það vill minnast.

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.


MAARUD
MAARUD
POTETGULL
Paprika
Tynne, sprø potetchips
MAARUD
POTETGULL
Classic Salt
MINDRE PLAST
MER
POTETGULL
I MINDRE POSE
Tynne, sprø potetchips
MAARUD
POTETGULL
Salt & Pepper
MINDRE PLAST
MER
POTETGULL
I MINDRE POSE
Rifla, sprø potetchips
MINNA PLAST
MEIRA
SNAKK
MINNI POKI
GERIR GOTT ENN BETRA

# Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star, en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim, en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

**Finnur mikinn mun á sér**

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum.

-Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu.

Magnús Friðbergsson hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér, ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun.

Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í nokkur ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann. Magnús, sem er 71 árs, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“ ■



Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. MYND/AÐSEND

> „Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í nokkur ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var.

Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 fást í flestum apótekum og heilsubúðum ásamt Hagkaupum, Fjarðarkaupum og á Heimkaup.is.







# Einstaklega góð í húðinni og hún ljómar

Jóhanna Laufdal Friðriksdóttir byrjaði að taka inn Protis® Kollagen fyrir um ári, eftir að hafa lesið sér til um góð áhrif þess á líkamann, liði, hár, neglur, húð og fleira.

Kollagen hefur margvísleg áhrif á líkamsstarfsemina. Kollagen er eins og lím í líkamanum sem hefur áhrif á liði, hrukkumyndun, hárið og margt fleira. Þegar við eldumst byrjar líkaminn að framleiða sífellt minna magn af þessu mikilvæga efni. Þá er ekki úr vegi að taka kollagenið inn sem bætiefni.

„Undanfarið hef ég verið að kynna mér hvað kollagen getur gert fyrir líkamann. Það vakti sérstaklega áhuga minn þegar ég las um áhrif þess á liðina. Ég er 43 ára gömul og byrjaði að finna fyrst fyrir liðaverkjum um 35 ára aldurinn. Aðallega hef ég fundið fyrir liðaverkjum í tám og fingrum. Þetta er ættgengt í fjölskyldunni minni. Langamma mín var svona, amma líka og mamma og líka systur mömmu. Þetta kemur þá helst fram í fingrum og tám. Stundum eru þær svo slæmar að þær festast í liðunum,“ segir Jóhanna.

**Hætt að finna fyrir pirringi í liðum**

„Þegar maður er kominn á ákveðinn aldur er gott að huga að því hvað maður getur gert til að njóta lífsins lengur. Hvort sem það er að styrkja liðina, bæta ónæmiskerfið eða hægja á öldrun, til dæmis hrukkumyndun. Ég byrjaði að taka inn kollagen frá Protis fyrir ári síðan til að fyrirbyggja frekari liðavandamál. Ég var farin að finna fyrir miklum pirringi í tánum sérstaklega.

Ég veit ekki hversu lengi ég hafði tekið kollagenið inn, en á ákveðnum tímapunkti fann ég að ég var orðin miklu betri af liðaverkjunum, sem versna alla jafna þegar það tekur að kólna. Þrátt fyrir að veturinn sé hafinn þá finn ég ekki lengur fyrir þessum ofsapirringi í tánum og ég er orðin mun betri í liðunum í fingrum.“

**Húðin ljómar**

„Annað sem ég hef tekið eftir er að hár og neglur vaxa ótrúlega hratt á mér. Húðin hefur líka verið einstaklega góð og fín. Það er eins og hún ljómi. Ég myndi ekki segja að bólur hafi verið veigamikið vandamál hjá mér, en ég hef varla fengið eina einustu bólu síðan ég byrjaði að taka inn kollagen frá Protis.

Ég hef prófað að taka kollagenið inn í duftformi en það hentar mér ekki þar sem mér finnst bragðið ekki gott. Margir blanda því út í kaffi, en sjálf drekk ég ekki kaffi. Það hentar mér því mjög vel að kollagenið frá Protis fæst í töfluformi. Ég get bara gleypt töfluna og þarf ekki að finna neitt bragð. Ég er líka rosalega léleg í að muna eftir að taka inn bætiefni, því ég borða ekki morgunmat.

Til að sporna við því að ég gleymi að taka inn kollagenið hef ég dolluna á skrifborðinu mínu í vinnunni. Þá man ég eftir að taka það inn að minnsta kosti á virkum dögum. Svo á ég aukaskammt heima fyrir helgarnar.“






Jóhanna Laufdal kynntist mætti kollagens fyrir um ári og hefur það hjálpað henni mjög í baráttunni við liðaverki í höndum og tám. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Íslensk framleiðsla**

„Það skiptir mig máli að vita hvaðan bætiefnin koma sem ég bæti inn í mitt mataræði. Kollagenið frá Protis er unnið úr íslenskum hráefnum og inniheldur kollagen úr íslensku fiskroði. Mér finnst gott að vita til þess að framleiðslan fari fram hér heima, enda treysti ég íslenskri framleiðslu og vil styrkja hana eftir fremsta megni,“ segir Jóhanna að lokum.

**Um Protis® Kollagen**

Kollagen er náttúrulegt prótín og eitt helsta byggingarefni líkamans. Gott að vita um Protis® Kollagen:

- Ekkert gelatín eða sykur.
- Meira magn virkra efna en hjá flestum samkeppnisaðilum.
- Engin aukaefni.
- Sýnilegur árangur á 30 dögum.
- Íslenskt hugvit og framleiðsla.

Protis® Kollagen er framleitt úr íslensku fiskroði hjá PROTIS. Varan er einstök blanda af bestu innihaldsefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagen úr fiski er áhrifaríkara en kollagen úr landdýrum, þar sem upptaka úr meltingarvegi er betri.

**Helstu innihaldsefni:**

- SeaCol® er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskprótíni úr íslenskum þorski. SeaCol® tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika.
- C-vítamín tekur þátt í myndun kollagens í líkamanum.
- Hýalúron-sýra er eitt mest rakagefandi efni náttúrunnar og viðheldur meðal annars raka húðarinnar.
- Kóensím Q10 er að finna í nær öllum frumum líkamans. Það er mikilvægt fyrir endurnýjun fruma eins og húðfruma.
- B2- og B3-vítamín, sink, kopar og bíótín fyrir hárvöxt, endurnýjun húðar og vöxt nagla. ■

Protis® Kollagen fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun og stórvöruverslun.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

**Sölufulltrúar:** Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job


Landbúnaðarháskóli Íslands



## LAUS STÖRF

## ENDURMENNTUNARSTJÓRI

**Landbúnaðarháskóli Íslands óskar eftir því að ráða endurmenntunarstjóra við skólann. Um er að ræða fullt starf.**

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**

- Umsjón með rekstri, fjármálum og daglegri starfsemi Endurmenntunar Lbhí
- Umsjón með stefnumótun, þróun og uppbyggingu námskeiðsframboðs í samstarfi við hagaðila
- Umsjón með námskeiðum og faglegu framboði Endurmenntunar Lbhí
- Ábyrgð á faglegri kennslu og umsýslu námskeiða
- Samskipti, samningagerð og miðlun upplýsinga til kennara og nemenda
- Nýsköpun og þróun tækifæra á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu í samstarfi við hagaðila
- Markaðssetning námskeiðsframboðs í samvinnu við markaðs- og kynningarstjóra Lbhí
- Umsjón með vefsíðu og samfélagsmiðlum Endurmenntunar Lbhí
- Önnur tilfallandi verkefni

**HÆFNISKRÖFUR**

- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, fullorðinsfræðslu eða sambærileg menntun
- Reynsla af fjármálum og rekstri
- Reynsla af stjórnun og stefnumótun
- Reynsla af markaðs- og kynningarstörfum
- Reynsla af fullorðinsfræðslu
- Þekking á íslensku atvinnulífi sem og á helstu áherslusviðum skólans æskileg
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Reynsla af störfum úr háskólaumhverfi/opinberri stjórnsýslu er kostur

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR**

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri Lbhí - gudmunda@lbhi.is

Sótt er um á starfatorg.is - **Umsóknarfrestur 19. apríl 2022**

## VERKEFNASTJÓRI Í ENDURMENNTUN LBHÍ OG KENNARI Í HESTAFRÆÐUM

**Landbúnaðarháskóli Íslands óskar eftir því að ráða verkefnastjóra í Endurmenntun sem jafnframt kemur að kennslu í hestafræðum. Um er að ræða fullt starf.**

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**

- Umsjón með námskeiðsframboði, námsgögnum og skipulagi í samstarfi við endurmenntunarstjóra
- Þróun og uppbygging námskeiðsframboðs einkum á sviði reiðmennsku og hestafræða
- Samskipti og miðlun upplýsinga til kennara og nemenda
- Samskipti við helstu hagsmunaaðila innan og utan skólans
- Undirbúningur og umsýsla námskeiða
- Þróun námskeiða og kennsla í hestafræði og tengdum greinum við endurmenntun og aðrar deildir Lbhí
- Önnur tilfallandi verkefni

**HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólapróf í reiðkennslu/tamningum og reynsla af þjálfun hrossa
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af kennslu og fullorðinsfræðslu
- Góð tölvukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt og sem hluti af hóp
- Samstarfshæfni og lipurð í samskiptum

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR**

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri Lbhí - gudmunda@lbhi.is

Sótt er um á starfatorg.is - **Umsóknarfrestur 19. apríl 2022**

## LEKTOR Í SKÓGFRÆÐI

**Laust er til umsóknar 100% starf lektors í skógfræði við deild Náttúru og skóga hjá Landbúnaðarháskóla Íslands með áherslu á ræktun skóga og tengingu við sjálfbæra landnýtingu. Viðkomandi er ætlað að styrkja núverandi starf deildar á sviði rannsókna, kennslu og þjónustu við samfélagið. Hlutverk deildarinnar er að byggja brú á milli náttúru og samfélags með rannsóknum, kennslu, þjálfun og ráðgjöf á sviði sjálfbærrar landnýtingar og endurheimtar vistkerfa.**

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**

- Uppbygging alþjóðlega viðurkenndra rannsókna á sviði skógfræði
- Birting ritrýndra vísindagreina, öflun rannsóknarstyrkja og virk þátttaka í alþjóðlegu og innlendu samstarfi
- Kennsla og þróun námskeiða á grunn- og framhaldsstigi
- Leiðbeining nemenda í rannsóknarverkefnum
- Virk þátttaka í faglegu þróunarstarfi og uppbyggingu innan skólans

**HÆFNISKRÖFUR**

- Doktorspróf í skógfræði eða skyldum greinum
- Umsækjandi hafi birt rannsóknir sínar á viðurkenndum innlendum og erlendum vettvangi og hafi skýra framtíðarsýn á rannsóknum og þróun fræðasviðsins
- Reynsla af kennslu og áhugi til fjölbreyttrar þekkingarmiðlunar á fræðasviðinu
- Reynsla af þátttöku í rannsóknarverkefnum og öflun rannsóknarstyrkja
- Reynsla af rannsóknum og þróun er tengjast skógfræði, sjálfbærni og landnýtingu
- Samstarfshæfni og lipurð í samskiptum
- Íslenskukunnátta er æskileg

**FREKARI UPPLÝSINGAR VEITIR**

Isabel Pilar Catalan Barrio, deildarforseti - isabel@lbhi.is

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri Lbhí - gudmunda@lbhi.is - Sótt er um á starfatorg.is

**Umsóknarfrestur 26. apríl 2022**



**LBHI.IS • 433 5000**

*Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.*

**Hlutverk Landbúnaðarháskóla Íslands er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á Norðurslóðum**



travelshift

## Mannauðsstjóri

*Travelshift er leiðandi ferðatæknifyrirtæki. Félagið var stofnað árið 2012 og rekur meðal annars Guide to Iceland, markaðstorg sem er notað af yfir 1500 ferðaþjónustufyrirtækjum á Íslandi. Yfir milljón ferðamenn heimsækja vefsíðuna í hverjum mánuði. Auk Guide to Iceland, rekur félagið Guide to the Philippines, vinsælustu ferðaheimasíðu Filipseyja.*

*Travelshift er alþjóðlegur vinnustaður með um áttatíu starfsmenn, þar af er helmingur á Íslandi.*

*Travelshift hefur hlotið verðlaunin Iceland's Leading Travel Agency frá World Travel Awards 4 ár í röð, frá 2018-2021. Fyrirtækið er leiðandi á heimsvísu í framsækinni hugbúnaðargerð og sjálfvirknivæðingu.*

*www.travelshift.com*

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).**

Við leitum að framúrskarandi mannauðsstjóra til að taka þátt í ferðalaginu framundan.

Viðkomandi þarf að búa yfir forystuhæfni, samskiptafærni, styrk til að taka ákvarðanir og frumkvæði til að ná árangri í starfi. Góð laun og fríðindi í boði.

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgð á mótun stefnu í mannauðsmálum og framkvæmd.
- Ráðgjöf og stuðningur við starfsfólk á sviði mannauðsmála.
- Umsjón með umbótaverkefnum, fræðslumálum og starfsþróun.
- Mótun ferla og innleiðing umbótaverkefna.
- Þróun starfsumhverfis.
- Ýmis verkefni fyrir framkvæmdastjórn og stjórn.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála kostur.
- Þekking og marktæk reynsla á sviði mannauðsmála.
- Skipulögð vinnubrögð og geta til að vinna undir álagi.
- Reynsla af umbótaverkefnum, teymisvinnu og breytingastjórnun er kostur.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum, jákvætt viðmót og sveigjanleiki.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi.
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og mæltu máli.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl nk.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



# Skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólastjóra Grunnskóla Hornafjarðar.

Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi skólans, rekstri og mannauðsmálum. Hann gegnir lykilhlutverki í mótun skólastarfsins og samstarfi skóla og íbúa. Skólastjóri ber ábyrgð á að starfað sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Leitað er eftir metnaðarfullum leiðtoga með víðtæka reynslu af skólastarfi sem býr yfir áræðni og metnaði til að þróa skólastarfið til enn frekari árangurs.

**Helstu verkefni:**

- Veita skólanum faglega forystu og leita leiða til að efla nám og kennslu
- Skipulag náms og kennslu, skólaþróun og gerð skólanámskrár
- Umsjón með þróun innra mats
- Ber ábyrgð á rekstri skólans, gerð fjárhagsáætlana og stjórn mannauðs
- Stuðlar að góðu samstarfi við önnur skólastig innan sveitarfélagsins, foreldra og fræðsluyfirvöld

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf kennara og kennslureynsla skilyrði
- Viðbótarmenntun í stjórnun og/eða á sviði uppeldis- og menntunarfræða er skilyrði
- Reynsla af stjórnun skólamála og faglegri forystu á sviði kennslu, nýbreytni og þróunarstarfs skilyrði
- Þekking á stefnumótun og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Þekking og færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun
- Þekking á sviði upplýsingatækni
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni
- Framúrskarandi lipurð og færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Í Grunnskóla Hornafjarðar eru um 250 nemendur í tveimur aðskildum húsum auk frístundar fyrir 1. – 4. bekk.

Grunnskóli Hornafjarðar er framsækinn skóli sem setur nemendur og velferð þeirra í forgang og hefur menntun fyrir alla að leiðarljósi. Unnið er eftir hugmyndarfræði uppeldis til ábyrgðar og skólinn er bæði grænfánaskóli og heilsueflandi skóli.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2022.**

Nánari upplýsingar veita: Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is** og Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, **yrsa@hagvangur.is**

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Um framtíðarstarf er að ræða og eru laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

hagvangur.is

HAGVANGUR

## Forstöðumaður hæfingarstöðvarinnar Hvestu og skammtímavistunar

Hlutastarf | Forstöðumaður

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar leitar að kröftugum einstaklingi sem býr yfir miklum skipulagshæfileikum og sýnir frumkvæði og metnað í starfi.
**Umsóknarfrestur til 22.12.2021**

**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman

RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA

**Óskum eftir að ráða starfsfólk í borframkvæmdir. Viðkomandi þurfa að hafa meirapróf og/eða vinnuvélaréttindi. Suðukunnátta og reynsla af vinnu við málmsmíði er kostur. Unnið er á 12 tíma vöktum 7 daga í senn og 7 dagar í vaktafríi.**

Upplýsingar um störfin veitir Torfi Pálsson
í síma 858 5290 eða torfip@raekto.is.
Sækja skal um starfið á www.raekto.is fyrir 11. apríl næstkomandi.

Toyota Kauptúni

# HÓPSTJÓRI Á VERKSTÆÐI

**Við leitum að vinnusömum, metnaðarfullum og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstarf sem hópstjóri á verkstæðinu okkar.**

**STARFSSVIÐ:**
- Undirbúningur og útdeiling viðgerða verkefna
- Dagleg stjórnun bifvélavirkja á verkstæðinu
- Tilboðsgerð og samskipti við viðskiptavini
- Varahlutapantanir og samskipti við birgja
- Skýrslugerð og umsóknir til Toyota



**HÆFNISKRÖFUR:**
- Stjórnunarhæfileikar
- Bifvélavirkjamenntun æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum og heiðarleiki
- Stundvísi, ósérhlífni, sveigjanleiki og fyrirmynd.
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi.

Vinnutími: Mánudaga – fimmtudaga 08:00 – 17:00 og föstudaga 08:00 – 15:30

Í húsnæði Toyota að Kauptúni 6 í Garðabæ er glæsileg starfsmannaaðstaða, fullkomið mötuneyti, þægilegt vinnuumhverfi og frábærir vinnufélagar. Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 10. apríl n.k..

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast í gegnum ráðningarvef félagsins, **www.toyota.is/storf**
Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfanginu **fanny@toyota.is**

Toyota á Íslandi | Kauptúni 6 | 570-5070

# Verkefnastjóri

Starfsþróunarsetur háskólamanna leitar að kröftugri manneskju sem er tilbúin að taka þátt í uppbyggingarstarfi á sviði kynningarmála, ráðgjafar og styrkveitinga.

Verkefnastjóri hefur umsjón með ráðgjöf og samskiptum við viðskiptavini auk þess að vera virkur þátttakandi í uppbyggingu kynningarstarfs setursins. Verkefnastjóri vinnur náið með framkvæmdastjóra og þarf jafnframt að geta unnið sjálfstætt.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Ráðgjöf og þjónusta við fulltrúa stofnana og aðildarfélaga
- Virk þátttaka í kynningarstarfi, bæði í návígi og á netinu
- Úrvinnsla og afgreiðsla umsókna og samskipti vegna þeirra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Góð þekking og reynsla af kynningar- og markaðsstarfi
- Góð almenn tölvukunnátta

**Auk þess er kostur að umsækjandi hafi:**
- Reynslu af ráðgjöf og umsýslu styrkja
- Þekkingu og reynslu á sviði starfsþróunar
- Hæfni í notkun dk

Starfsþróunarsetur háskólamanna

Starfsþróunarsetur háskólamanna hefur það að markmiði að stuðla að framgangi háskólamenntaðs starfsfólks og framþróun stofnana með markvissri starfsþróun.
Setrið vinnur að þessu markmiði m.a. með styrkveitingum til starfsfólks, stofnana ríkis og sveitarfélaga auk 19 aðildarfélaga innan BHM.

Framundan er átak á sviði kynningarmála s.s. þróun nýs vefs, nýting samfélagsmiðla og heimsóknir til viðskiptavina. Auk þess eru fyrirsjáanleg aukin umsvif í ráðgjöf og styrkveitingum ásamt fleiri verkefnum.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur fyrir starfið er til og með 20. apríl 2022.**
Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is** og Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, **yrsa@hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Söluráðgjafi - pípulagnir

Brødrene Dahl

Brødrene Dahl óska eftir að ráða kraftmikla og árangursdrifna manneskju með víðtæka reynslu á sviði pípulagna í starf söluráðgjafa. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu á öllu sem viðkemur pípulögnum til fagaðila. Í boði eru samkeppnishæf laun, góð þjálfun og vandað alþjóðlegt starfsumhverfi. Um er að ræða framtíðarstarf.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Sala og þjónusta til fagaðila (B2B)
- Öflun viðskiptavina
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Pantanir og tilboðsgerð
- Samskipti við viðskiptavini og birgja

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskipta- og söluhæfileikar
- Reynsla á sviði pípulagna er skilyrði
- Metnaður til að ná árangri
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð kunnátta í ensku. Kunnátta í dönsku er kostur

Umsóknarfrestur er til og með **20. apríl 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Brødrene Dahl sérhæfa sig í framleiðslu á vörum og ráðgjöf í öllu er varðar pípulagnir, hvort sem um ræðir neysluvatnslagnir, miðstöðvalagnir, verkfæri, tæknibúnað, frárennslislagnir eða loka.

Fyrirtækið býr yfir 150 ára markaðsreynslu og er stærsti birgi Danmerkur á sviði pípulagna.

Skrifstofa fyrirtækisins á Íslandi er staðsett að Lyngási 11, Garðabæ.

Nánari upplýsingar má finna á: **www.bd.dk**.

Upplýsingar veita Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir




# Hefur þú reynslu af umsjón viðhaldsverkefna?

Við leitum að öflugum einstaklingi með menntun á sviði mannvirkjagerðar í starf þjónustustjóra viðhalds til að hafa umsjón með viðhaldsverkefnum og tengdum framkvæmdum leiguhúsnæðis á vegum FSRE. Um er að ræða fjölbreytt starf sem hefur það markmið að bæta þjónustu til viðskiptavina og bæta ástand og nýtingu leiguhúsnæðis.

## Helstu verkefni

- Umsjón með viðhaldsverkefnum og tengdum framkvæmdum.
- Dagleg stjórnun fyrirbyggjandi viðhalds og eftirfylgni vegna þess.
- Gerð viðhalds-, kostnaðar- og framkvæmdaráætlana og eftirfylgni vegna þess.
- Reglulegar heimsóknir til viðskiptavina sem liður í þjónustunni.
- Samskipti við verktaka, birgja og notendur vegna framkvæmda.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði mannvirkjagerðar.
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Reynsla af verkefnastjórnun framkvæmda er skilyrði.
- Reynsla af viðhaldsframkvæmdum er kostur.
- Þekking á rekstri og viðhaldi tæknikerfa er kostur.
- Þekking á opinberum framkvæmdum er kostur.
- Ríkir samskiptahæfileikar, jákvætt og lausnamiðað viðhorf.
- Frumkvæði, fagmennska og sjálfstæði.
- Þjónustumiðuð og skipulögð vinnubrögð.

## FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR

Þróar og rekur aðstöðu á vegum ráðuneyta, stofnana og annarra ríkisaðila og gegnir með því mikilvægu hlutverki í þjónustu við borgarana.

Við erum í dag rúmlega 60 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn og byggjum saman á gildunum: FRAMSÝNI, SAMVINNA OG FAGMENNSKA.

Eignasafn FSRE samanstendur af 530 þúsund m² húsnæðis í 380 eignum auk um 300 jarða og landsvæða.

Um þessar mundir vinnum við að um 130 þróunarverkefnum sem snerta flest svið mannlífsins; s.s. heilbrigðis- og velferðarmál, menningu, menntun, löggæslu, dómskerfi, náttúru og friðlýst svæði.

www.fsre.is

**FRAMLENGDUR UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 11. APRÍL**
**Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf.**
Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran, thelma@intellecta.is, og Hafdís Ó. Pétursdóttir hafdis@intellecta.is, í síma 511 1225

intellecta







# Við erum til taks!

Landhelgisgæsla Íslands leitar að áhugasömum einstaklingum til að slást í samhent teymi öflugs starfsfólks. Leitað er að traustum einstaklingum með ríka þjónustulund, framúrskarandi samskiptafærni og getu til að takast á við krefjandi verkefni.

## Umsjónaraðili á ratsjár- og fjarskiptastöðvar á Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi

Um er að ræða starf umsjónaraðila við ratsjár- og fjarskiptastöðvar Atlantshafsbandalagsins sem reknar eru af Landhelgisgæslu Íslands, annars vegar á **Stokksnesi** og hins vegar á **Gunnólfsvíkurfjalli**. Um er að ræða dagvinnustarf en viðkomandi þarf einnig að geta sinnt útköllum utan hefðbundins vinnutíma. Þar af leiðandi er búseta á nærsvæði æskileg.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Öryggis- og svæðisgæsla
- Viðbrögð við bilunum í rekstrarbúnaði, vélum og tækjum ásamt almennu viðhaldi
- Umsjón með ferðum og flutningi starfsfólks
- Eftirlit og umsjón með varahlutalagerum og birgðum
- Eftirlit með verktakavinnu, umhverfismálum og umsjón með bifreiðum, snjósleðum og vinnuvélum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla, menntun og færni sem nýtist í starfi
- Almenn kunnátta í íslensku og ensku
- Vinnuvélapróf og bílpróf skilyrði
- Reglusemi, nákvæmni og snyrtimennska
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott líkamlegt og andlegt atgervi

## Starf í stjórnstöð á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli

Fjölbreytt starfsemi fer fram í stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli sem rekin er af Landhelgisgæslu Íslands. Unnið er á þrískiptum átta tíma vöktum og er kostur ef viðkomandi býr á Suðurnesjum.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Loftrýmiseftirlit, eftirlit með umferð á hafi og stuðningur við loftrýmisgæslu
- Samskipti við stjórnstöðvar Atlantshafsbandalagsins
- Eftirlit með fjargæslukerfum
- Skýrslugerð og greining gagna
- Önnur verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Nám tengt tæknimálum, flugumferðarstjórn, flugfjarskiptum eða siglingafræði er kostur
- Góð tækniþekking og reynsla í tækniumhverfi er kostur
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reglusemi, snyrtimennska og stundvísi
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði

## Fulltrúi í flugrekstrardeild

Um er að ræða starf sem hentar vel fyrir jákvæðan einstakling sem vill takast á við fjölbreytt verkefni í líflegu og krefjandi umhverfi.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með handbókum
- Verkefnastjórn ýmissa þátta flugrekstrardeildar
- Verkefni tengd þjálfun áhafna
- Samskipti við flugmálayfirvöld og aðra flugrekendur
- Önnur tilfallandi verkefni í flugrekstrardeild

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Haldbær þekking á reglugerðarumhverfi flugstarfsemi
- Reynsla af verkefnastjórn kostur
- Þekking á WebManuals og SMS360 kostur
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

## Starf í stjórnstöð í Reykjavík - sumarstarf

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar sinnir verkefnum í tengslum við leit, björgun, löggæslu og fjarskiptaþjónustu við skip. Um sumarstarf er að ræða og er unnið á þrískiptum átta tíma vöktum.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Vöktun sjálfvirkra tilkynningarkerfa skipa
- Fjarskiptaþjónusta við skip
- Móttaka, greining og miðlun neyðarkalla auk tilkynninga um slys eða óhöpp
- Samhæfing verkefna Landhelgisgæslu Íslands vegna leitar og björgunar, löggæslu og fiskveiðieftirlits

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Siglingafræðiþekking og/eða reynsla tengd sjó eða flugi er kostur
- Reynsla af fjarskiptum er kostur
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og metnaður til faglegra starfa

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland.

Landhelgisgæslan fer einnig með daglega framkvæmd varnartengdra verkefna sbr. varnarmálalög nr. 34/2008 þ.m.t. er rekstur öryggissvæða, mannvirkja, kerfa-, ratsjár- og fjarskiptastöðva.

Hjá Landhelgisgæslunni starfar rúmlega 200 manna samhentur hópur sem hefur að leiðarljósi slagorðið: **Við erum til taks!**

Gildi Landhelgisgæslunnar eru:
**Öryggi - Þjónusta - Fagmennska**

Nánari upplýsingar um Landhelgisgæslu Íslands má finna á: **www.lhg.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **19. apríl.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu auglýsingar.

Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Vakin er athygli á því að starfsfólk Landhelgisgæslu Íslands skal uppfylla skilyrði fyrir öryggisheimild sbr. varnarmálalög nr. 34/2008 og reglugerð nr. 959/2012.



Ítarlegri upplýsingar um störfin má finna á **www.intellecta.is.** Upplýsingar veita Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

BAADER
SKAGINN 3X

# Sérfræðingur á fjármálasviði

*Skaginn 3X og Baader á Íslandi stilla nú saman strengi sína og leita því að starfsmönnum sem vilja bætast í hóp hinnar alþjóðlegu Baader-fjölskyldu.*

*Bæði eru fyrirtækin rekin á grunni aldargamallar reynslu við framleiðslu búnaðar, sem tryggir viðskiptavinum fyrirtækjanna sterkari stöðu við framleiðslu matvæla, á kröfuhörðustu markaði heims.*

*Skaginn 3X þróar og framleiðir hátæknibúnað fyrir matvælaiðnað víðs vegar um heiminn með áherslu á heildstæðar lausnir til lands og sjávar. Lausnir fyrirtækisins byggja á sjálfvirkum tækjabúnaði með skilvirkni og sjálfbærni að leiðarljósi. Baader er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði vinnslulausna í matvælaiðnaði sem byggir á yfir 100 ára sögu.*

*Við erum stolt af því að vera fjölskylduvænt fyrirtæki og góður vinnustaður þar sem fólk fær tækifæri til að vaxa og þróast í starfi.*

*Á Íslandi eru starfsstöðvar fyrirtækisins á Ísafirði, Akranesi, Reykjavík og í Kópavogi. Starfsmenn í dag eru ríflega 200 talsins.*

***www.baader.com | www.skaginn3x.com***

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum starfsmanni í starf sérfræðings á fjármálasviði fyrirtækisins í Reykjavík.

Um er að ræða fjölbreytt starf tengt greiningum, skýrslu- og áætlanagerð, uppgjörsvinnu ásamt ýmsum öðrum verkefnum á fjármálasviði. Leitað er að talnaglöggum einstaklingi sem hefur metnað til að ná árangri í starfi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Greiningar og upplýsingagjöf til stjórnenda.
- Þarfagreining og uppbygging stjórnendaskýrslna.
- Kostnaðargreining á framleiðslu.
- Arðsemisgreining fjárfestingarverkefna.
- Mánaðarleg uppgjörsvinna og ársreikningagerð.
- Umsjón með áætlanagerð í samráði við stjórnendur.
- Samstarf við stjórnendur í stefnumótandi verkefnum.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í verkfræði, viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af áætlanagerð og greiningu gagna.
- Góður skilningur á rekstri fyrirtækja og framleiðslubókhaldi er kostur.
- Gott vald á upplýsingatækni og viðskiptagreindartólum.
- Þekking á Navision er kostur.
- Góð samskiptahæfni.
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

# Aðstoðarmaður á fjármálasviði

Við leitum að sjálfstæðum og jákvæðum starfsmanni í fjölbreytt og krefjandi starf á fjármálasviði fyrirtækisins í Reykjavík.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Greiðsla innlendra og erlendra reikninga.
- Skjalaumsjón og utanumhald á samningum.
- Ferðabókanir starfsmanna.
- Umsjón með móttöku.
- Tilfallandi verkefni á fjármálasviði.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð þekking og færni af notkun viðskipta- og bókhaldskerfisins Navision er kostur.
- Reynsla af gjaldkerastörfum kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þjónustulund, jákvæðni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl nk.**

Sótt er um störfin á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með störfunum hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF




**Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík**
**Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is**

**RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF**

BAADER ////  SKAGINN 3X

# Your **NEW CAREER** starts here

## Be the future of food processing innovation

*Baader and Skaginn 3X have joined forces and together we are a strong united front under the Baader global umbrella.  As a global partner on food processing solutions with over 100 years' experience, Baader is a leading supplier of sophisticated machinery within the fishing industry and as such in constant transformation.*

*For many years, Baader and Skaginn 3X, have been global players in the production of high-tech equipment, which ensures the companies' customers a stronger position in food production in the most demanding markets in the world.*

*We are proud of being a family friendly company and a good place to work and where people will get an opportunity to grow their potential.*

*In Iceland, the company's offices are in Ísafjörður, Akranes, Reykjavík and Kópavogur. Today, there are more than 200 employees.*

***www.baader.com | www.skaginn3x.com***

### Project Manager - Process, QC and Infrastructure

- Portfolio and project management.
- Lead and participate in cross-functional organizational initiatives.
- Develop and continuously build engineering processes, infrastructure and standards.
- Define, monitor and improve performance metrics.
- Nurture performance, innovation and improvement culture.

### Multimedia Sales Engineer

- Design and optimization of processing system layouts.
- Preparation of equipment and system drawings.
- To develop processing solution layouts using the latest tools in multimedia.
- Participation in sales and preparation of system descriptions.
- Price and performance calculations on equipment and processing systems.

### Customer Success Manager

- Creation of Service products.
- Creating Service Sales material.
- Creating quotations and contracts.
- Customer satisfaction level.
- Managing active service contracts.

### Spare Part Specialist

- Create preventive maintenance schedule for equipment.
- Handling inquiries, quotations, orders, and delivery of spare parts.
- Mapping up spare part stock requirements.
- Quotations and preparation of spare parts packages.

### PLC Programmers

- Software design from idea phase to fully designed product.
- Testing the program using automation equipment for its reliability.
- Troubleshooting any faults in the system.
- Supervising the installation of PLC programs.
- Working in Agile working area with focus on a clear vision and projects.

### Service Coordinator

- Coordination of service requests, from registration to invoicing.
- Invoicing of service contracts and spare parts orders.
- Various data tasks and support within the service department.
- Warranty claims processing.

### Technical Team Manager

- Prioritize and assign tasks to team members.
- Align, maintain and support best practices and standards.
- Responsible for relevant HR tasks.
- Support good flow of information within Innovation and with other departments.

### Mechanical Engineers

- Working in teams on the development of concepts, testing, exploration and verification of concepts and designs.
- Secure the successful implementation of the prescribed function.
- To execute the maintenance and mechanical design of machinery, layouts, machine parts and components.

### Technical Support Engineers

- Installation, service and maintenance of food processing equipment and solutions.
- Testing and preparing equipment for delivery.
- Remote support to customers.
- Documentation, training and knowledge sharing.

### Process Consultant

- Commissioning of food processing equipment and solutions.
- Identify improvement opportunities and report.
- Remote support to customers.
- Documentation, training and knowledge sharing.

### Software and Electrical Engineers

- Experienced, ambitious software engineers for various positions.
- Have significant influence on our strategy by helping define and build the next wave of product features.
- Skilled in back-end and front-end development.
- Fields include automation, databases, and vision systems.

### Freezing/Thermodynamics Specialist

- Working in teams on the development of concepts, testing, exploration and verification of concepts and designs.
- Secure the successful implementation of the prescribed function.
- To execute the maintenance and mechanical design of machinery, layouts, machine parts and components.

### Sales - Baader Machinery

- Identify and pre-qualify new sales opportunities.
- Maintain and further develop existing sales leads.
- Prepare and execute sales budgets.
- Plan & attend relevant exhibitions.
- Plan and execute sales trips in the sales area independently.

### Welder

- Responsible for various tasks such as the preparation, welding, and finishing of complex welded items.
- Able to design welding fixture.
- Responsible for the correct completion of complex welded items.

**Further information about the jobs and qualification requirements at www.vinnvinn.is.**

The application must be in English, accompanied by a curriculum vitae and a cover letter stating the reason for the application and the reasons for the person's ability to perform in the job.

**Application deadline is April 11th.**

Apply for the jobs at **www.vinnvinn.is**.

**Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) and Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is) at Vinnvinn, oversee the recruitment process.**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Reykjavíkurborg
Fjármála- og áhættustýringarsvið

## Fjármálasérfræðingur á áætlana- og uppgjörsskrifstofu

**Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar leitar eftir öflugum starfsmanni í starf sérfræðings á áætlana- og uppgjörsskrifstofu. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli greiningarhæfni, sýnir frumkvæði og er lipur í samskiptum.**

Áætlana- og uppgjörsskrifstofa er ein af skrifstofum fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar. Helstu verkefni eru gerð fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar, uppgjör A-hluta og samstæðu, fjárhagslegar greiningar á rekstri og fjárfestingum og upplýsingargjöf til borgarstjóra og borgarráðs.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Undirbúningur og vinnsla fjárhagsáætlunar
- Þróun og gerð úthlutunar- og reiknilíkana Reykjavíkurborgar
- Meðhöndlun fjárheimilda
- Þróun og umsjón með fjárhagsáætlunarkerfi Reykjavíkurborgar
- Ritstjórn, vinnsla og umsjón með skýrslum og greinargerðum í tengslum við uppgjör og fjárhagsáætlun.
- Greiningar á fjárhagslegum sem og ófjárhagslegum gögnum, ásamt þróun á framsetningu lykiltalna og mælikvarða vegna greininga og eftirlits
- Samskipti, ráðgjöf og þjónusta við fagsvið og kjarnasvið

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun og/eða 3 ára reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Þekking og kunnátta á rekstri, áætlanagerð, reikningshaldi, fjármálalegum greiningum og opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Rík greiningarhæfni og færni í tölulegri gagnavinnslu
- Gott vald á upplýsingatækni og notkun hennar til úrvinnslu gagna og skýrslugjafar
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Jákvæðni, þjónustulund og lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl 2022.**

Nánari upplýsingar veitir Erik Tryggvi Striz Bjarnason skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörsskrifstofu í gegnum tölvupóstfangið erik.tryggvi.striz.bjarnason@reykjavik.is.

Um er að ræða 100% starf.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Framtíðarstörf á Akureyri

*Traustur vinnuveitandi og frábær starfsaðstaða.*

Höldur óskar eftir að ráða starfsfólk á glæsilegt bíla- og tjónaviðgerðaverkstæði að Þórsstíg 4 á Akureyri. Á verkstæðinu er tækjakostur og aðbúnaður allur í fremstu röð. Við viljum bæta við konum og körlum í frábæran hóp starfsfólks okkar.

### Tjónaviðgerðir
Hæfniskröfur: Starfsreynsla í faginu. Próf í bifreiðasmíði / bifvélavirkjun kostur eða lengra kominn nemi. Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð.

### Bílamálun
Hæfniskröfur: Starfsreynsla í faginu. Próf í bílamálun kostur eða lengra kominn nemi. Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð.

### Almennar viðgerðir
Hæfniskröfur: Starfsreynsla í faginu. Próf í bifvélavirkjun kostur eða lengra kominn nemi. Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð.

Upplýsingar um störfin veitir Áskell Þór Gíslason framkvæmdastjóri bílaþjónustu í síma 840 6011 á skrifstofutíma.

Umsóknir sendist á netfangið atvinna@holdur.is
Mikilvægt að ferilskrá og mynd fylgi umsóknum.




Höldur ehf. var stofnað árið 1974. Hjá fyrirtækinu starfa um 250 manns á starfsstöðvum vítt og breitt um landið. Bílaverkstæði Hölds er þjónustuaðili fyrir Öskju, Heklu og Bernhard. Auk þess annast verkstæðið viðgerðir á öllum tegundum bíla.

Höldur

**Höldur bílaverkstæði** • Þórsstíg 4 • Sími 461 6060 • verk@holdur.is • www.holdur.is/verk

# Bókhald

Slysavarnafélagið Landsbjörg leitar að reynslumiklum einstaklingi til að sjá um bókhald félagsins og launavinnslu. Um 100% starf er að ræða.

### Helstu verkefni

- Fjárhagsbókhald
- Birgðabókhald
- Afstemmingar
- Virðisaukaskattsskýrslur
- Launavinnsla
- Aðstoð við uppgjör og uppsetningu ársreiknings
- Önnur tilfallandi störf

### Hæfniskröfur

- Reynslumikill bókari eða viðskiptafræðingur með góða reynslu af bókhaldsvinnu
- Framúrskarandi þekking á Navision Business Central
- Reynsla í launavinnslu
- Góð færni í Excel
- Góð almenn tölvukunnátta
- Skipulögð, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Liðshugsun og þekking á félagsstörfum
- Góð samskiptahæfni, heiðarleiki, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Hreint sakavottorð

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um starfið veitir Margrét Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, í síma 570 5900 eða á margret@landsbjorg.is

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar fyrir **11. apríl** á netfangið starf@landsbjorg.is

Slysavarnafélagið Landsbjörg eru landsamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi. Félagið er ein stærstu samtök sjálfboðaliða á Íslandi.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

# VILTU UPPLIFA STEMNINGUNA Í FRÍHÖFNINNI?




## VIÐ LEITUM AÐ GÓÐUM LIÐSFÉLÖGUM Í SPENNANDI STÖRF

Fríhöfnin óskar eftir að ráða jákvæða og þjónustuglaða einstaklinga í sumarstörf í verslun og á lager. Ef þú ert 19 ára eða eldri með gott vald á íslensku og ensku, þá gætum við verið með starfið fyrir þig! Tímabilið er frá maí - ágúst. Möguleiki er á kvöld-, helgar- eða framtíðarstarfi að tímabili loknu.

**Verslun**: Þjónusta og sala til viðskiptavina auk áfyllinga í verslunum.

**Lager**: Almenn lagerstörf í vöruhúsi Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Unnið er á vöktum en sveigjanleiki er í vaktarfyrirkomulagi þar sem starfsfólk fær að velja sér vaktir sem henta sér og sínum lífstíl.

Umsóknarfrestur er til og með 15.apríl, unnið er úr umsóknum jafnt og þétt á umsóknartímabili.

**SKANNAÐU KÓÐANN TIL AÐ SÆKJA UM**



FRÍHÖFNIN

STARF

# Viltu véla um vélar hjá okkur?

Óskum eftir að ráða vélfræðing í öflugt teymi starfsfólks á Þjórsársvæði. Í starfinu felst **viðhald, eftirlit og rekstur** aflstöðva og veitumannvirkja. Fjölbreytt og krefjandi starf við ástandsmælingar og greiningar á vélbúnaði.

**Hæfniskröfur:**
- Vélfræðimenntun
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af raforkuvirkjum eða iðnaði er kostur
- Geta til að kynna starf sitt fyrir öðrum
- Góð tölvukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl**

Fyrirspurnir má senda á
starf@landsvirkjun.is

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf




Landsvirkjun

ÍSAFJARÐARBÆR

# Laus störf á skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær er bær í sókn og hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna öfluga grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf, öflugt tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika á að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins.

Í Ísafjarðarbæ búa um 4000 íbúar og þar eru fimm leikskólar og fjórir grunnskólar í fjórum byggðakjörnum. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli skólanna en þó sjálfstæði og fjölbreytni.

## Ísafjarðarbær auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:

**Grunnskólinn á Ísafirði**
- Umsjónarkennarar á öllum stigum 100%
- Umsjónarkennari á miðstigi 100% (tímab. til árs)
- Sérkennari 60-70% (tímabundið til árs)
- Þroskaþjálfi 100%

**Grunnskólinn á Suðureyri**
- Grunnskólakennari 60-70%
- Sundkennari (3 kennslust)

**Grunnskóli Önundarfjarðar**
- Grunnskólakennari 100%
- Sundkennari (1 kennslust)

**Leikskólinn Grænigarður Flateyri**
- Leikskólakennari 100%

**Heilsuleikskólinn Laufás Þingeyri**
- Leikskólakennari 100%

**Leikskólinn Sólborg Ísafirði**
- Leikskólakennarar 100%

**Leikskólinn Tjarnarbær Suðureyri**
- Leikskólakennari 100%

**Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með 21. apríl 2022**.

Frekari upplýsingar um störfin má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar (www.isafjordur.is) undir „Laus störf“.

Við hvetjum áhugasama, óháð kyni til að sækja um starfið. Vakin er athygli á markmiði mannréttindastefnu Ísafjarðarbæjar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreina og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

**-Við þjónum með gleði til gagns-**

# Við byggjum landeldi til framtíðar

SAMHERJI FISKELDI



Samherji fiskeldi leitar að drífandi og öflugum **byggingarverkfræðingi** í reynslumikið teymi sem vinnur að hönnun og undirbúningi framkvæmda sem tengjast fyrirhugaðri uppbyggingu félagsins á Reykjanesi og í Öxarfirði. Til stendur að reisa eldisgarð fyrir 40 þúsund tonna framleiðslu á laxi á landi í Auðlindagarðinum á Reykjanesi. Þar er markmið okkar er að framleiða frábæra vöru með lægra vistspori en þekkist annarstaðar með nýtingu affallstrauma.

**Við leitum að aðila með:**
- Menntun á sviði byggingarverkfræði/tæknifræði eða aðra menntun sem nýtist í starfið.
- Reynslu, þekkingu og getu til að skipuleggja framkvæmdir og fylgja þeim eftir.
- Reynslu úr stórum byggingarframkvæmdum, gerð útboðsgagna, samningum við verktaka og eftirfylgni.
- Þekkingu á Autodesk umhverfi og BIM/ACC.
- Góða tölvukunnátta, vald á helstu forritum.
- Góða enskukunnáttu.
- Lausnamiðað hugarfar og hugmyndaauðgi.
- Jákvæðni, hæfni og vilja til að takast á við flókin verkefni og starfa í hóp ólíkra einstaklinga með sama markmið

Umsóknarfrestur er til og með **18. apríl 2022** og sækja skal um á www.mognum.is og skila með fylgigögnum.

Nánari upplýsingar um starfið veita Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri í síma 560 9000 og Sigríður Ólafsdóttir hjá Mögnum, sigga@mognum.is.

MÖGNUM

**Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki Evrópu, með fjölbreytta starfsemi víðsvegar um heim. Samherji hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota, miklum aflaheimildum og fullkomnum fiskvinnslum í landi.**

**Samherji fiskeldi er dótturfyrirtæki Samherja og er fiskeldisfyrirtæki sem rekur fimm eldisstöðvar, tvær á Suðurnesjum, eina í Ölfusi og tvær í Öxarfirði. Hjá okkur starfa tæplega 100 manns með fjölbreytta menntun og reynslu. Samherji fiskeldi er sérhæft í landeldi á laxi og bleikju og rekur eina fullkomnustu fiskvinnslu landsins í Sandgerði sem er sérhæfð til vinnslu á bleikju. Félagið er stærsti bleikjuframleiðandi í heimi. Samherji fiskeldi hefur verið í landeldi á laxi í meira en tvo áratugi og hyggst stækka vaxa á því sviði á komandi árum. Nú standa yfir framkvæmdir við stækkun eldisstöðvar í Öxarfriði. Undirbúningur að 45 milljarða framkvæmda á Reykjanesi er í fullum gangi. Félagið og selur afurðir sínar ferskar og frosnar til kröfuhörðustu stórmarkaða og veitingahúsa víða um heim. Gæði og áreiðanleiki eldisferils Samherja fiskeldis er vottaður af óháðum aðila.**

AFLTAK

# Húsasmiður og kranamaður

Fullt starf | Iðnaðarmenn

Afltak ehf óskar eftir vönum húsasmið og kranamanni, næg verkefni framundan. Áhugasamir sendi tölvupóst á jonas@afltak.is eða hringið í síma 6600770

**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

# Sérfræðingur við húsasafn Þjóðminjasafns Íslands

Auglýst er eftir sérfræðingi við húsasafn Þjóðminjasafns Íslands. Helstu verkefni starfsmanns tengjast viðhaldi á húsum í húsasafni Þjóðminjasafns og innviðauppbyggingu þeim tengdum.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Stefnumótun og áætlunargerð fyrir húsasafnið
- Stjórnun og eftirlit með viðhaldsframkvæmdum
- Samnings- og skýrslugerð
- Öryggismál
- Samstarf við rekstraraðila
- Þátttaka í rannsóknarvinnu og fræðslu
- Þátttaka í öðrum verkefnum kjarnasviðs safneignar

**Hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, háskólapróf í arkitektúr æskilegt
- Reynsla af skipulagningu og verkstjórn verkefna í byggingariðnaði er kostur
- Þekking á íslenskum byggingararfi og torfhúsum og viðhaldi þeirra er kostur
- Reynsla af rannsóknarstörfum og skýrslugerð æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á teikniforritum
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli. Þekking á norðurlandatungumáli er kostur
- Starfinu fylgja talsverð ferðalög um landið og er bílpróf nauðsynlegt

**Umsóknarfrestur er til og með 19.04.2022**.
Sótt er um starfið á www.thjodminjasafn.is

**Nánari upplýsingar veita:**
Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri kjarnasviðs, netfang: agusta@thjodminjasafn.is sími: 620 7744

Þorbjörg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála og -þjónustu, netfang: Thorbjorg@thjodminjasafn.is sími: 864-7900.

*Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði menningarminja og starfar á grundvelli laga nr. 140/2011, safnalaga nr. 141/2011 og laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þjóðminjasafn Íslands starfar í almannaþágu og er hlutverk þess að stuðla sem best að varðveislu menningarminja á landsvísu, þekkingarsköpun og fjölbreyttri fræðslu um menningarsögu Íslands.*

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

# Tvö spennandi störf
## þar sem reynir á þekkingu, ábyrgð og lipurð

Komdu til liðs við frábæran hóp starfsfólks

## Verkefnastjóri stafrænnar þróunar

ÁTVR leitar að metnaðarfullum og öflugum einstaklingi til að leiða og fylgja eftir framþróun tæknistefnu fyrirtækisins. Um er að ræða nýtt og spennandi starf og mun viðkomandi vinna í nánu samstarfi við samstarfsfólk og stjórnendur fyrirtækisins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Dagleg stjórnun verkefna á sviði stafrænnar þróunar og upplýsingatækni
- Stefnumótun, áætlanagerð og þróun lausna
- Innleiðing upplýsingakerfa og þjálfun notenda
- Stuðla að markvissri nýtingu gagna
- Greining, samantekt og miðlun upplýsinga

**Hæfniskröfur**

- Háskólagráða sem nýtist í starfi
- A.m.k. tveggja ára reynsla af verkefnastjórnun
- Lipurð í þjónustu
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Hæfni til gagnaúrvinnslu og greiningar
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og frumkvæði til að viðhalda og auka menntun og hæfni á sínu sviði

## Öryggisstjóri

ÁTVR leitar að metnaðarfullum og ábyrgum einstaklingi til að sinna starfi öryggisstjóra fyrirtækisins. ÁTVR leggur mikla áherslu á að skapa öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og mun viðkomandi bera ábyrgð á öryggismálum fyrirtækisins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Þróun og eftirfylgni öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismála
- Umsjón og eftirfylgni vegna áhættumats starfa
- Umsjón og eftirlit með öryggiskerfum og brunakerfum ÁTVR
- Hönnun og skipulag öryggis í húsnæði fyrirtækisins
- Þjálfun og fræðsla starfsfólks um öryggismál
- Slysa- og atvikaskráningar

**Hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi, menntun á sviði öryggismála kostur
- A.m.k. 3 ára reynsla á sviði öryggismála
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á nýjustu tæknimálum er varða öryggiskerfi
- Áhugi á að viðhalda og auka menntun og hæfni á sínu sviði

**Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl nk.**
Umsókn skal fylgja starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Allir áhugasamir eru hvattir til að sækja um störfin á **vinbudin.is**.
**Nánari upplýsingar:** Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

JAFNLAUNAVOTTUN
2021 - 2024

VÍNBÚÐIN




### Leikskólastjóri í leikskólanum Efstahjalla

Efstihjalli er 5 deilda leikskóli í grónu hverfi í göngufæri við Fossvogsdal, Kópavogsdal og Digraneshæð. Leikskólinn er fjölmenningarskóli með tæplega 40% barna með annað móðurmál en íslensku. Unnið er að allsherjar viðhaldi og endurbótum á húsnæði leikskólans sem verður lokið í maí. Útileiksvæði skólans er nýuppgert.

Kópavogsbær er barnvænt samfélag sem er í stöðugri þróun og staða leikskólastjóra við Efstahjalla er tækifæri fyrir áhugasaman leikskólastjóra með framsæknar hugmyndir og faglegt frumkvæði til að þróa áfram metnaðarfullt starf með börnum og öflugum starfsmannahóp.

Leitað er að stjórnanda sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera leiðtogi í sínum skóla, veita faglega forystu og búa yfir hæfni og frumkvæði til að skipuleggja skapandi leikskólastarf í samvinnu við starfsmenn, forráðamenn og menntasvið.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af starfi og stjórnun í leikskóla
- Framhaldsmenntun (MA, MEd, MBA eða Diplóma að lágmarki) á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða
- Forystuhæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Reynsla af rekstri leikskóla og gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana er æskileg
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig bæði í ræðu og riti

**Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2022. Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2022 eða eftir nánara samkomulagi.**

Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar **https://kopavogur.alfred.is/**

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

**Sóltún**
HJÚKRUNARHEIMILI

## IÐJUÞJÁLFI

### yfirmaður iðjuþjálfunar í Sóltúni

Staða iðjuþjálfa er laus til umsóknar. Iðjuþjálfi hefur yfirumsjón með iðjuþjálfun íbúa á Sóltúni og ber ábyrgð á henni, ásamt því að skipuleggja og veita þjálfun og meta árangur iðjuþjálfunar í samræmi við hugmyndafræði, markmið og gæðakerfi heimilisins sem og rekstrar- og fjárhagsramma. Iðjuþjálfi er hluti af stjórnendateymi Sóltúns.

**Staða veitist frá 1. júní 2022 eða eftir samkomulagi.**

Nánari upplýsingar gefur Anna Birna Jensdóttir framkvæmdastjóri sími 5906000. Sótt er um stöðuna á www.soltun.is

## ÖRYGGISVÖRÐUR
(SUMARSTARF)

## SECURITY GUARD
(SUMMER POSITION)

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/

Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard.

Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/

Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA).



Okkur vantar grafískan hönnuð og viðskiptastjóra

Opnaðu QR-kóðann fyrir frekari upplýsingar.
Umsóknir ásamt ferilskrá berist
á **umsoknir@pipar-tbwa.is** fyrir miðnætti 10. apríl.

**Pipar\TBWA**

# AÐALBÓKARI

**Flugfélagið Atlanta ehf. leitar eftir öflugum aðalbókara (Director Accounting) til að leiða bókhaldsdeild félagsins.**
Aðalbókari hefur umsjón með fjárhags- og viðskiptabókhaldi félagsins og tryggir réttmæti fjárhagsupplýsinga. Jafnframt kemur aðalbókari að gerð ársreiknings og reglubundinna uppgjöra félagsins í samvinnu við fjármálastjóra, tekur þátt í greiningu fjárhagsupplýsinga og undirbúningi skýrslu fyrir stjórn félagsins.
Um er að ræða spennandi og krefjandi starf hjá rótgrónu alþjóðlegu fyrirtæki með góða rekstrarsögu.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Umsjón og ábyrgð á reikningshaldi og uppgjörum
- Daglegur rekstur bókhaldsdeildar
- Umsjón með Microsoft Dynamics Navision fjárhagskerfi
- Þátttaka og skipulagning ýmissa umbótaverkefna
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, meistaragráða (MACC) í reikningshaldi og endurskoðun er kostur
- Haldbær reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði
- Góð greiningarhæfni, þekking á bókhaldi og uppgjörum
- Reynsla af Microsoft Dynamics Navision fjárhagskerfi
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð

# LAUNAFULLTRÚI

**Flugfélagið Atlanta ehf. leitar af öflugum launafulltrúa til liðs við mannauðsdeild félagsins.**
Um er að ræða stöðu sem annast launavinnslu jafnt sem ýmis tilfallandi verkefni á mannauðssviði.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Vinnsla launa og dagpeninga
- Skil á skilagreinum til lífeyrissjóða, stéttarfélaga og opinberra aðila
- Afstemming launabókhalds
- Skráning og utanumhald starfsmannaupplýsinga
- Aðstoð og upplýsingagjöf til starfsfólks varðandi launamál
- Umbætur og eftirfylgni með ferlum og kerfum við launavinnslu
- Framsetning tölulegra gagna
- Önnur tilfallandi verkefni á mannauðssviði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Haldbær reynsla af launavinnslu
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Áhugi og auga fyrir umbótum
- Góð excel-kunnátta og greiningarhæfni
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Rík þjónustulund og samskiptafærni
- Reynsla af Kjarna mannauðs- og launakerfi eða sambærilegu kerfi

**Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl og sótt er um störfin í gegnum alfreð.is**

AIR ATLANTA ICELANDIC

Flugfélagið Atlanta býður uppá sérsniðnar lausnir á sviði flugrekstrar bæði á farþega- og fraktmarkaði. Félagið hefur verið starfrækt frá 1986 og stendur á sterkum grunni. Höfuðstöðvar félagsins eru í Kópavogi en flugstarfsemi fer fram um víða veröld. Við leitum eftir öflugu fólki til að ganga til liðs við sterka liðsheild.



# Verk- eða tæknifræðingur í steypuskála

**Við leitum að öflugum verk- eða tæknifræðingi í tækniteymi steypuskála Alcoa Fjarðaáls. Steypuskálinn vinnur málm í þremur hátæknivæddum framleiðslulínum. Afurðirnar eru álvírar í rafmagnskapla, melmisstangir fyrir bílaiðnað og hleifar úr hreinu áli. Tækniteymi steypuskála vinnur að stöðugri þróun búnaðar og framleiðsluferla í steypuskálanum.**

**Ábyrgð og verkefni**
- Greining, úrvinnsla og miðlun framleiðslugagna
- Hönnun og innleiðing verkferla
- Tryggja stöðugar umbætur
- Gerð framleiðslu- og fjárhagsáætlana
- Eftifylgni með framleiðsluáætlunum og gæðamálum
- Styðja og þjálfa aðra starfsmenn í steypuskála

**Menntun, reynsla og hæfni**
- Hagnýt menntun í verk- eða tæknifræði
- Þriggja ára starfsreynsla er æskileg
- Hæfni til að miðla og þjálfa
- Jákvæði og frumkvæði í starfi
- Lipurð í samskiptum og teymisvinnu
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Frekari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Már Þorsteinsson í tölvupósti á netfangið **johann.thorsteinsson@alcoa.com** eða í síma **843 7612**.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á **www.alcoa.is**.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl.**

JAFNLAUNAMERKIÐ

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

ALVERK
FRAMKVÆMDIR OG RÁÐGJÖF

Alverk er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki í mannvirkjagerð með megináherslu á framkvæmdir og verkfræðiráðgjöf. Fyrirtækið starfar að mestu sem al- og/eða aðalverktaki.

Alverk vinnur í dag að mörgum krefjandi og spennandi verkefnum, m.a. byggingu 100 námsmannaíbúða fyrir BN í Stakkahlíð, hönnun og byggingu svefnskála fyrir Landhelgisgæsluna á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar, stækkun hátæknisetur fyrir Aztiq/Alvotech í Vatnsmýri í Reykjavík og er með á undirbúningsstigi byggingu 52 íbúða í Úlfarsárdal sem ætlaðar eru ungu fólki og fyrstu kaupendum, ásamt byggingu 25-30 íbúða við Arnarbakka í Reykjavík.

## Alverk leitar nú að fleiri samstarfsaðilum/undirverktökum í tengslum við framkvæmdir félagsins

Við viljum gjarnan bæta fleiri metnaðarfullum, reynslumiklum og áhugasömum samstarfsverktökum í okkar góða hóp og horfum m.a. til eftirfarandi verkþátta:

- Uppsteypa
- Létt burðarvirki
- Utanhúsklæðningar
- Ísetningar glugga/hurða
- Raflagnir
- Loftræsting/blikksmíði
- Gifsveggir og innanhúsfrágangur
- Múrverk og flísalagnir
- Lóðafrágangur

Áhugasömum aðilum er bent á að senda fyrirspurnir og upplýsingar um sín fyrirtæki á Þorleif Kristinn Árnason (*thka@alverk.is*) og Aðalgeir Hólmsteinsson (*adalgeir@alverk.is*) fyrir 20 apríl n.k.




## Kennsluráðgjafi í málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku

Menntasvið Kópavogsbæjar sameinar málefni grunnskóla, leikskóla, íþrótta og frístunda í Kópavogi.

Kennsluráðgjafi í málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku fer með faglega forystu í málaflokknum fyrir stofnanir menntasviðs. Hann vinnur að stuðningi og ráðgjöf til stjórnenda, kennara og starfsfólks í leikskólum, grunnskólum, frístundum og félagsmiðstöðvum um móttöku barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku.

**Helstu verkefni:**
- Þróun lærdómssamfélags um fjölmenningu meðal kennara og starfsfólks þvert á skólastig, frístundir og félagsmiðstöðvar.
- Mótun heildstæðrar áætlunar um móttöku og samlögun fjölskyldna með annað móðurmál en íslensku sem flytja til Kópavogs.
- Veitir ráðgjöf og stuðning til skólastjórnenda, kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi um móttöku, og kennslu barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku.
- Hefur umsjón með því að upplýsingar og gögn séu sett fram á viðeigandi tungumálum.
- Aðstoðar kennara í leik- og grunnskólum við einstaklingsnámskrárgerð nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Stuðlar að notkun spjaldtölva við kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Heldur utan um gagnabanka fyrir kennara í leik- og grunnskólum.
- Skipuleggur þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi.
- Fylgist með og miðlar nýjungum varðandi málefni barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara.
- Reynsla af kennslu í leik – og/eða grunnskóla.
- Framhaldsmenntun (MA, M.Ed eða diploma) á sviði uppeldis- og menntunarfræða eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af kennslu og/eða móttöku barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku æskileg.
- Forystuhæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar.
- Færni til að tjá sig bæði í ræðu og riti.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2022. Ráðið verður í stöðuna eftir samkomulagi.**

**Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar https://kopavogur.alfred.is/**

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

Kópavogsbær

kopavogur.is

HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS

## Heilbrigðisfulltrúi

**Heilbrigðiseftirlit Suðurlands óskar eftir að ráða heilbrigðisfulltrúa til starfa frá 1. júní 2022 með aðsetur á Selfossi.**

Starfið felst í eftirliti með umhverfis- og mengunarvörnum og hollustuháttum í fyrirtækjum og stofnunum í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og matvælaeftirlit í samræmi við lög um matvæli nr. 93/1995. Starfssvæðið er Suðurland og nær allt frá litlu Kaffistofunni í vestri og að Skeiðarársandi í austri, að meðtöldum Vestmannaeyjum.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
Háskólanám á sviði raunvísinda, heilbrigðisvísinda, verkfræði eða sambærileg menntun. Um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa fer samkvæmt reglugerð nr. 571/2002.

**Helstu verkefni**
- Eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum
- Útgáfa starfsleyfa, skráning og skýrslugerð
- Fagleg ráðgjöf og umsagnir.
- Fræðsla og upplýsingamiðlun til fyrirtækja, stofnana og almennings.

**Hæfniskröfur**
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleiki og samstarfshæfni.
- Geta unnið vel undir álagi.
- Jákvæðni, samviskusemi og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Hafa gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Ökuréttindi og hrein sakaskrá.

Ath. að vinnustaðurinn er reyklaus.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir:
Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri í síma 8618669.
Umsóknir skal senda á netfangið: sigrun@hsl.is
**Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2022**
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**www.hsl.is**





VIÐ LEITUM AÐ

# METNAÐARFULLUM EINSTAKLINGI Í FJÖLBREYTT STARF HJÁ RE/MAX

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi til að slást í hóp starfsmanna hjá RE/MAX sem hefur verið í mikilli þróun og er með sterka stöðu á fasteignamarkaði

Við leitum að úrræðagóðum, talnaglöggum einstaklingi sem er einnig góður í mannlegum samskiptum og kann listina að skapa traust á milli aðila. Ef þú býrð yfir þeirri færni ásamt því að sýna nákvæm vinnubrögð og góða eftirfylgni hvetjum við þig til að sækja um.

Um er að ræða þjónustustarf sem felur í sér móttöku viðskiptavina, símsvörun ásamt almennu skrifstofustarfi og bakvinnslu í skjaladeild fasteignasölunnar.

*Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og hvetjum við alla sem telja sig búa yfir þeirri getu og færni sem leitast er eftir til að sækja um starfið.*

**Hjá RE/MAX starfar samhentur og skemmtilegur hópur fólks og er mikið kapp lagt á að viðhalda góðum starfsanda.**

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

— Góðir skipulagshæfileikar
— Góð færni í mannlegum samskiptum
— Jákvæð og sjálfstæð vinnubrögð
— Frumkvæði, drifkraftur og gott þjónustuviðmót
— Góð íslensku- og enskukunnátta
— Góð færni á Word og Excel

Umsóknir og starfsferilskrá má senda á netfangið
**starf@remax.is**

RE/MAX | VIÐ VINNUM **FYRIR ÞIG** **remax.is**



# Spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan leiðtoga

## Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum Efstahjalla

Efstihjalli er 5 deilda leikskóli í grónu hverfi í göngufæri við Fossvogsdal, Kópavogsdal og Digraneshæð. Leikskólinn er fjölmenningarskóli með tæplega 40% barna af erlendum uppruna. Húsnæði leikskólans og útileiksvæði er nýuppgert.

Kópavogsbær er barnvænt samfélag sem er í stöðugri þróun og staða aðstoðarleikskólastjóra við Efstahjalla er tækifæri fyrir áhugasaman stjórnanda að þróa áfram metnaðarfullt starf með börnum og öflugum starfsmannahóp.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra. Hann er leiðandi aðili í skipulagi faglegs starfs innan leikskólans og tekur virkan þátt í stjórnun og umsjón starfsmannamála ásamt virku samstarfi við foreldra.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af starfi og stjórnun í leikskóla
- Framhaldsnám í stjórnun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni

**Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2022. Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2022 eða eftir nánara samkomulagi.**

Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar **https://kopavogur.alfred.is/**

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

**Kópavogsbær**

**kopavogur.is**

VINNUMÁLA STOFNUN

# Ert þú með starfstækifæri fyrir flóttafólk?

Stór hópur einstaklinga frá ýmsum þjóðríkjum með margskonar menntun og starfsreynslu hefur komið til landsins undanfarna mánuði sem flóttafólk og fleiri eru á leiðinni. Mikilvægt er að þau fái störf sem fyrst þar sem reynsla þeirra fær notið sín og skapar þeim tækifæri til að tengjast nýju búsetulandi.

Vinnumálastofnun leitar að fjölbreyttum starfstækifærum víðs vegar um landið hjá áhugasömum fyrirtækjum og stofnunum sem geta gegnt mikilvægu hlutverki við að skapa flóttafólki tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Áhugasamir hafi samband með því að senda tölvupóst á netfangið
**flottamenn@vmst.is**



Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

Vinnumálastofnun Grensásveg 9, 108 Reykjavík Sími 515 4800 www.vmst.is



JARÐBORANIR

## VÉLSTJÓRI

Jarðboranir leita að öflugum aðila í starf vélstjóra. Um er að ræða krefjandi og spennandi starf á framkvæmdasvæðum við djúpboranir eftir jarðhita sem og aðrar borframkvæmdir, hér á landi og erlendis. Helstu verkefni vélstjóra eru viðhald og viðgerðir véla og tækjabúnaðar sem tilheyrir borflota félagsins. Um er að ræða vökvakerfi,rafbúnað, loftþrýstikerfi sem og annan búnað. Viðkomandi kemur til með að sinna vaktavinnu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Vélfræði, vélstjórn eða sambærileg menntun
- Gott vald á ensku
- Reynsla af viðhaldi og viðgerðum stórra tækja og/eða vinnuvéla
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi starfsumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð

Upplýsingar um starfið veitir Torfi Pálsson, mannauðsstjóri í síma 585-5290 eða torfip@jardboranir.is.
Sækja skal um starfið á www.jardboranir.is fyrir 11. apríl næstkomandi.

*Jarðboranir er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu sem sérhæfir sig í djúpborunum eftir jarðhita. Félagið á og rekur flota hátæknibora og er með starfsemi víðsvegar um heiminn. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.jardboranir.is.*

# Fjölskyldusvið Múlaþings auglýsir laus framtíðarstörf

Fjölskyldusvið Múlaþings leitar eftir öflugum og drífandi einstaklingum sem vilja ganga til liðs við skemmtilegan og fjölbreyttan vinnustað. Múlaþing er fjölskylduvænt og litskrúðugt sveitarfélag, bæði hvað varðar mannlíf og menningu, þjónustu við gesti og íbúa, atvinnulíf og náttúru.

Leiðarljós Múlaþings í mannauðsmálum er hvetjandi starfsumhverfi, jöfn tækifæri, starfsþróun, traust, virðing og hæfilegt vinnuálag.

## Sálfræðingar í skólaþjónustu

Múlaþing auglýsir lausa til umsóknar tvær 100% stöður sálfræðinga á fjölskyldusviði. Á fjölskyldusviði Múlaþings er rík áhersla á forvarnir og snemmtæka íhlutun með virku samstarfi fjölbreytts hóps fagaðila í teymum m.a. í Austurlandslíkaninu. Á fjölskyldusviði Múlaþings starfar öflugur hópur sem samanstendur af vel menntuðum og kraftmiklum einstaklingum.

## Skólastjóri Egilsstaðaskóla

Egilsstaðaskóli er heildstæður grunnskóli á Egilsstöðum, skólahverfi skólans nær auk Egilsstaða til fyrrum Eiða- og Hjaltastaðaþinghár, Skriðdals og Vallahrepps. Í Egilsstaðaskóla eru tæplega 400 nemendur og eru stöðugildi um 74. Leitað er að metnaðarfullum og framsýnum leiðtoga til að veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.

---

**Umsóknarfrestur er til 19. apríl nk.**

Næsti yfirmaður er fræðslustjóri Múlaþings.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Múlaþings undir „störf í boði“ eða á starfasíðu Múlaþings www.mulathing.alfred.is og þar er einnig hægt að sækja um.

**Upplýsingar um störfin veitir Helga Guðmundsdóttir fræðslustjóri á netfanginu helga.gudmundsdottir@mulathing.is**

Umsækjendum er bent á að kynna sér fræðslubréf um vinnslu Múlaþings á persónuupplýsingum starfsumsækjenda, sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins www.mulathing.is

Einstaklingar af öllum kynjum eru hvött til að sækja um störfin.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

FKA 2021

**Múlaþing**
Sími 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Kennari í dönsku
- Sérkennari
- Skrifstofustjóri

**Flataskóli**
- Umsjónarmaður frístundaheimilis

**Hofstaðaskóli**
- Kennari í dönsku
- Kennari í heimilisfræði
- Kennari í textílmennt
- Leiðbeinandi á frístundaheimili
- Skrifstofustjóri
- Stuðningsfulltrúi
- Umsjónarkennari 1. bekk
- Umsjónarkennari á miðstigi

**Urriðaholtsskóli**
- Atferlisþjálfi
- Deildarstjóri á leikskólastigi
- Íþróttakennari
- Kennari í smíði og hönnun
- Leiðbeinandi á leikskólastigi
- Leikskólakennari á leikskólastigi
- Umsjónarkennarar á yngsta- og miðstigi

**Leikskólinn Akrar**
- Leikskólastjóri

**Leikskólinn Krakkakot**
- Leiðbeinandi

**Leikskólinn Mánahvoll**
- Háskólamenntaðir starfsmenn
- Leiðbeinandi
- Leikskólakennari

**Miðskógar – heimili fyrir fatlað fólk**
- Sumarstarfsmaður

**Sigurhæð – heimili fyrir börn**
- Starfsmenn

**Ægisgrund – heimili fyrir fatlað fólk**
- Sumarstarfsmaður

*Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.*

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

# Framtíðarstörf á Akureyri

*Traustur vinnuveitandi og frábær starfsaðstaða.*

Höldur óskar eftir að ráða starfsfólk á glæsilegt bíla- og tjónaviðgerðaverkstæði að Þórsstíg 4 á Akureyri. Á verkstæðinu er tækjakostur og aðbúnaður allur í fremstu röð. Við viljum bæta við konum og körlum í frábæran hóp starfsfólks okkar.

## Tjónaviðgerðir

Hæfniskröfur: Starfsreynsla í faginu. Próf í bifreiðasmíði / bifvélavirkjun kostur eða lengra kominn nemi. Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð.

## Bílamálun

Hæfniskröfur: Starfsreynsla í faginu. Próf í bílamálun kostur eða lengra kominn nemi. Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð.

## Almennar viðgerðir

Hæfniskröfur: Starfsreynsla í faginu. Próf í bifvélavirkjun kostur eða lengra kominn nemi. Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð.

Upplýsingar um störfin veitir Áskell Þór Gíslason framkvæmdastjóri bílaþjónustu í síma 840 6011 á skrifstofutíma.

Umsóknir sendist á netfangið atvinna@holdur.is
Mikilvægt að ferilskrá og mynd fylgi umsókninni.




Höldur ehf. var stofnað árið 1974. Hjá fyrirtækinu starfa um 250 manns á starfsstöðvum vítt og breitt um landið. Bílaverkstæði Hölds er þjónustuaðili fyrir Öskju, Heklu og Bernhard. Auk þess annast verkstæðið viðgerðir á öllum tegundum bíla.

Höldur

**Höldur bílaverkstæði** • Þórsstíg 4 • Sími 461 6060 • verk@holdur.is • www.holdur.is/verk

# Rektor
## Menntaskólans í Reykjavík



**Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti rektors Menntaskólans í Reykjavík. Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2022.**

Rektor veitir skólanum forstöðu, stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Þá ber rektor ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt auk þess að hafa frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Að auki gegnir rektor mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla og er mikilvægt að umsækjendur hafi skýra framtíðarsýn hvað þetta varðar.

**Hæfni- og menntunarkröfur**

- Starfsheitið kennari ásamt viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.
- Umfangsmikil stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Þekking á fjármálum, rekstri og áætlanagerð.
- Reynsla af mannauðsmálum.
- Reynsla af verkefnastjórn og stefnumótunarvinnu.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og færni í að skapa liðsheild á vinnustað.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skýr framtíðarsýn og hæfileiki til nýsköpunar.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.

Mennta- og barnamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað er í embættið frá **1. ágúst 2022**.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Starfatorgs: starfatorg.is.

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og barnamálaráðuneytið

# ÞEKKING, REYNSLA OG FRAMSÆKNI

## SÉRFRÆÐINGUR Í GAGNAGRUNNUM OG VÖRUHÚSI GAGNA

**Viltu leika lykilhlutverk í stafrænni uppbyggingu stærsta lífeyrissjóðs landsins? Hefur þú reynslu af uppbyggingu gagnagrunna og hagnýtingu gagnavöruhúsa? Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins leitar nú að framsæknum og öflugum sérfræðingi sem er tilbúinn að taka með okkur næstu skref í stafrænni vegferð sjóðsins.**

**LSR hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í upplýsingatækni, einkum að bæta þjónustu við sjóðfélaga. Grunnurinn að árangri á þessu sviði er bætt sýn á gögn ásamt aukinni nýtingu þeirra og þar mun sérfræðingur í gagnagrunnum leika lykilhlutverk. Framundan eru fjölbreytt og spennandi verkefni með samhentum og metnaðarfullum hópi sem leiðir stafræn uppbyggingarverkefni LSR.**

### Meðal verkefna framundan

- Hagnýting gagna við stjórnun, þjónustu og afstemmingu milli kerfa.
- Áframhaldandi uppbygging á vöruhúsi gagna.
- Innleiðing á skilvirkum og öruggum gagnasamskiptum við ytri aðila sjóðsins.

### Starfssvið

- Hönnun gagnaumhverfa og gagnaarkitektúr.
- Hönnun, uppbygging og viðhald á vöruhúsi gagna og gagnavinnslu.
- Samþætting lausna.
- Smíði og viðhald á skýrslum og mælaborðum.
- Greiningar.

### Menntun og hæfni

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða skyldum greinum.
- Reynsla af sambærilegu starfi.
- Mjög góð SQL kunnátta ásamt þekkingu á högun og uppbyggingu gagnagrunna.
- Góður skilningur á tölfræði og hæfni til að túlka gögn.
- Reynsla af tólum vegna þróunar gagnavöruhúsa er kostur, s.s. TimeXtender, Azure Data Factory, exMon, PowerBI o.s.frv.
- Almenn tækniþekking er kostur, s.s. grunnskilningur á REST og SOAP vefþjónustuskilum.

**Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, katrin@hagvangur.is.**
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl 2022.**
Umsókninni þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins




SveitarfélagiðÁrborg er að leita eftir öflugum einstaklingum sem vilja ganga til liðs við skemmtilegan vinnustað sem sinnir fjölbreyttum verkefnum í þágu samfélagsins. Árborg er ört vaxandi samfélag með um 11 þúsund íbúa. Hjá sveitarfélaginu vinnur breiður hópur fólks í sameiningu að því að veita íbúum og öðrum þjónustuþegum sem besta þjónustu. Starfsfólk sveitarfélagsins eru um 1000 manns á rúmlega 30 vinnustöðum.

# Laus störf í grunnskólum Árborgar

**Vilt þú taka þátt í því að byggja upp öflugt skólastarf í barnvænu samfélagi?**

Í Sveitarfélaginu Árborg búa tæplega 11 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.

**Fjórir grunnskólar eru starfandi í sveitarfélaginu;**
**Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Stekkjaskóli, Sunnulækjarskóli og Vallaskóli.**
Okkur vantar starfsmenn í fjölbreyttar stöður grunnskólanna, s.s. grunnskólakennara, húsvörð, matreiðslumann og stuðningsfulltrúa.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem búa yfir þekkingu, reynslu og áhuga á skólastarfi.

**Nánari upplýsingar um laus störf má sjá á ráðningarvef sveitarfélagins; https://starf.arborg.is/**

Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Umsóknum fylgi leyfisbréf, yfirlit yfir nám, fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfi.

**Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins https://starf.arborg.is/**




Menntasvið Kópavogsbæjar sameinar málefni grunnskóla, leikskóla, íþrótta og frístunda í Kópavogi.

Kennsluráðgjafi í málefnum nemenda með stuðningsþarfir tekur virkan þátt í áætlanagerð og stefnumörkun skólamála í Kópavogi. Hann vinnur að innleiðingu Menntastefnu Kópavogsbæjar, framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla og innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

**Helstu verkefni:**
- Þátttaka og frumkvæði í stefnumörkun skólastarfs í Kópavogi í samvinnu við starfsmenn menntasviðs og aðra starfsmenn bæjarins.
- Frumkvæði að þróun og nýbreytni við skólaþjónustu grunnskóla.
- Tekur þátt í innleiðingu á lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.
- Eftirlit með því að lögum, reglugerðum og stefnu bæjarins um stuðning við nemendur og menntun fyrir alla sé framfylgt.
- Heldur utan um málefni nemenda með skólasóknarvanda.
- Heldur utan um ákveðin verkefni sem snúa að nemendum með miklar stuðningsþarfir, s.s. innleiðingu starfsreglna og stuðningsáætlana.
- Afgreiðir umsóknir um akstursþjónustu.
- Situr í þjónustuteymum vegna einstakra nemenda.
- Samskipti og samvinna við önnur svið bæjarins og stofnanir sem fara með málefni barna og ungmenna.
- Ráðgjöf og fræðsla fyrir nemendur, foreldra og fagfólk.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara.
- Reynsla af kennslu í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun (MA, M.Ed eða diploma) á sviði uppeldis- og menntunarfræða eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Forystuhæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar.
- Færni til að tjá sig bæði í ræðu og riti.

**Umsóknarfrestur er til og með til og með 10. apríl 2022. Ráðið verður í stöðuna eftir samkomulagi.**

Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar **https://kopavogur.alfred.is/**

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Sveitarfélagið
ÁRBORG

## Stekkjaskóli - laus störf

**Vilt þú taka þátt í því að byggja upp sterka liðsheild í nýjum grunnskóla á Selfossi?**

Stekkjaskóli er nýr grunnskóli á Selfossi sem tók til starfa haustið 2021. Í dag fer starfið fram í færanlegum kennslustofum og í lok árs verður tekin í notkun 1. áfangi nýbyggingar skólans. Á komandi hausti verða um 160 nemendur í 1.-5. bekk. Fullbyggður verður skólinn fyrir um 500 nemendur í 1.-10. bekk. Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, tækni og nýsköpun, skapandi skólastarf, umhverfismál og jákvæðan skólabrag. Stefnumörkun skólans tekur meðal annars mið af menntastefnu Árborgar sem byggir á hugmyndinni um skólann sem lifandi lærdómssamfélag.

- Verkefnastjóri og kennari í upplýsingatækni
- Umsjónarkennarar í 1.-5. bekk, fjórar stöður
- Matreiðslumaður
- Húsvörður
- Stuðningsfulltrúar, tvær 70% stöður

**Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2022.**

Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar um störfin veita
Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is, sími 480-1600 / 863-0922 og Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri, astros@stekkjaskoli.is, sími 480-1600.
Sjá einnig heimasíðu skólans www.stekkjaskoli.is .

Umsóknum fylgi leyfisbréf, yfirlit yfir nám, fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfi. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins http://starf.arborg.is/.




Skipulagsstofnun

## Umhverfismat framkvæmda

**Umhverfismatsskýrsla í kynningu**

## Framleiðsluaukning eggjabús Vallár á Kjalarnesi

Stjörnuegg hafa lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats fyrir endurnýjun búnaðar og aukna framleiðslugetu eggjabús Vallár á Kjalarnesi í Reykjavík.

**Kynning á umhverfismatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar hjá Skipulagsstofnun frá **5. apríl til 17. maí 2022.** Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is.**

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **17. maí 2022** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

# Byrjaðu hjá okkur og breyttu heiminum

**Eftirfarandi kennarastöður eru lausar til umsóknar hjá Tækniskólanum:**

- » Kennarar í vefþróun
- » Kennari í raftækni
- » Kennari í skipstjórn
- » Kennari í byggingagreinum
- » Kennari í íþróttum
- » Kennari í íslensku sem annað tungumál

**Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Tækniskólans www.tskoli.is**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

FLOTGÓLF
BYGGINGAVERKTAKAR

# Verkefnastjóri og véla- og tækjamaður

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða kraftmikla einstaklinga til liðs við samhent teymi Flotgólfs. Annars vegar reyndan verkefnastjóra og hins vegar reyndan véla- og tækjamann með tækja- og meirapróf.

## Verkefnastjóri

**Helstu verkefni:**

- Stýrir og hefur eftirlit með byggingaframkvæmdum
- Kostnaðareftirlit og gerð verkáætlana
- Þátttaka í hönnunar- og verkfundum sem og öryggis- og gæðamálum
- Samskipti við leyfisveitendur, eftirlitsaðila mannvirkis, hönnuði, iðnmeistara og aðra hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á byggingasviði, s.s. tækni-, verk- eða iðnfræði
- Byggingastjóraréttindi æskileg
- Reynsla eða menntun í iðngrein er mikill kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Skipulagshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta er skilyrði

## Véla- og tækjamaður

Við óskum eftir að ráða tækjamenn og bílstjóra með reynslu. Viðkomandi þurfa að hafa tækjaréttindi eða meirapróf, reynslu við stjórn vinnuvéla og getu til að vinna sjálfstætt. Einnig er góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg. Flotgólf leggur mikið upp úr góðri mætingu og reglusemi.

**Um Flotgólf ehf:**

Flotgólf ehf. er traust byggingarfélag sem vinnur að stórum jafnt sem smáum fasteignaverkefnum bæði á útboðsmarkaði sem og í eigin verkefnum. Fyrirtækið hefur á að skipa öflugu starfsfólki, stjórnendum og tækjabúnaði og getur því tekist á við verkefni af hvaða stærðargráðu sem er. Vegna aukinna umsvifa og spennandi verkefna á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni leitar fyrirtækið að kraftmiklum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni og skemmtilegar áskoranir.

Umsóknarfrestur er til og með **11. apríl 2022.** Starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi, skal senda á netfangið flotgolf@flotgolf.is.

Reykjavík
Velferðarsvið

# Málstjórar í þágu farsældar barna

Viltu taka þátt í samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna? Á Velferðarsviði stendur yfir innleiðing á verkefninu ***Betri borg fyrir börn*** í öllum borgarhlutum í nánu samstarfi við starfsfólk skóla- og frístundasviðs. Málstjóri stýrir þjónustu vegna barns sem hefur þörf fyrir samþætta annars og þriðja stigs þjónustu.

Velferðarsvið leitar að öflugum málstjórum í nýjar deildir barna og fjölskyldna á fjórum þjónustumiðstöðvum sviðsins. Verkefni deildanna eru stuðningur og þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra, félagsleg ráðgjöf, sálfræðiþjónusta vegna leik- og grunnskólabarna, unglingaráðgjöf, forvarnir og málstjórn í þágu farsældar barna.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í starfsumhverfi þar sem reynir á stjórnun verkefna, skipulags- og samskiptahæfni.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
- Greining á þjónustuþörfum barns og fjölskyldu þess.
- Bera ábyrgð á málstjórn í stuðningsteymum þar með talið ráðgjöf og upplýsingar um samþættingu þjónustu.
- Gerð og eftirfylgd stuðningsáætlana og mat á árangri.
- Samstarf og samvinna við lykilstofnanir og hagsmunasamtök í málefnum barna.

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem félagsráðgjöf, þroskaþjálfun eða sálfræði.
- Framhaldsmenntun æskileg.
- Víðtæk þekking og reynsla af þjónustu við börn og fjölskyldur
- Þekking á lagaumhverfi og stjórnsýslu sveitarfélaga og ríkis er kostur.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Íslenskukunnátta B2 (samkvæmt samevrópskum tungumálaramma).
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Kristjana Gunnarsdóttir í síma 411-1111 eða tölvupósti kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

Í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og velferðarstefnu er lögð áhersla á að starfsstaðir velferðarsviðs endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Við hvetjum því fólk af öllum kynjum, fatlað fólk og fólk með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn til að sækja um starfið.

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Laugasól – Endurbætur og breytingar á húsnæði og lóð,** Útboð nr. 15421
- **Hagaborg – Alútboð – Færanlegar leikskólaeiningar,** Útboð nr. 15466
- **Gangstéttaviðgerðir, útboð 2,** Útboð nr. 15475
- **Malbiksyfirlagnir, útboð 1 vestan Reykjanes brautar,** Útboð nr. 15476
- **Malbiksyfirlagnir, útboð 2 austan Reykjanes brautar,** Útboð nr. 15477

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
**Sími 411 1111**
Netfang: utbod@reykjavik.is

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

## Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

**MALBIKUN 2022**

Helstar magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Malbik | 1336 tonn |
| Útlögn | 11.460 $m^2$ |
| Fræsing | 3.540 $m^2$ |

Verklok eru 1. júlí 2022.

Útboðsgögnin verða aðgengileg á rafrænu formi á útboðsvef Faxaflóahafna; https://faxafloahafnir.ajoursystem.is/

frá og með 5.apríl kl.12:00.

Tilboðum skal skila á útboðsvef fyrir **miðvikudaginn 20. apríl 2022 klukkan 10:00.** Ekki verður haldinn opnunarfundur. Niðurstöður opnunar verða birtar á útboðsvef.

HNIT VERKFRÆÐISTOFA

# Færanlegt húsnæði til sölu

Reykjavíkurborg

**Reykjavíkurborg óskar eftir tilboðum í færanlegt húsnæði sem staðsett er við Ingunnarskóla í Grafarholti.**

Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að sérstakrar árvekni sé gætt við skoðun og úttekt á húsnæðinu og veitir Reykjavíkurborg allan nauðsynlegan aðgang til þess. Áhugasamir geta skoðað húsnæðið þann 7. apríl nk. kl. 14:00. Húsnæðið selst í því ástandi sem það er við skoðun.

Kaupandi þarf að fjarlægja húsið af lóðinni fyrir 15. maí 2022. Kaupandi þarf að afla tilskilinna leyfa fyrir flutningi og/eða niðurrifi hússins. Fyrirspurnir má senda til eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar á netfangið esr@reykjavik.is.

Tilboði í umslagi merkt „Lausar stofur“ skal skila til þjónustuvers Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14. Tilboðsblað fyrir eignina má nálgast hér: Vefslóð
Frekari upplýsingar og tilboðsblað er að finna á vefslóðinni https://2021.reykjavik.is/sala-og-leiga-eigna



**Tilboðsfrestur er til 14. apríl nk. kl. 12:00.**
**Ekki verður haldinn formlegur opnunarfundur.**











Fjallabyggð AVH ARKITEKTÚR · VERKFRÆÐI · HÖNNUN

## ÚTBOÐ

Fjallabyggð óskar eftir tilboðum í að byggja anddyri, búningsklefa og tengibyggingu við núverandi sundlaugarbyggingu og íþróttahús á Siglufirði, samtals 292,3 m² á tveimur hæðum ásamt rifi á tengigangi skv. útboðsgögnum AVH.

Verktími er frá apríl 2022 til síðla árs 2023 en sérstaklega er bent á að frávikstilboð eru heimil m.t.t. þess hvernær verkinu verði lokið.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gröftur | 1.200 m³ |
| Steypumót | 1.400 m² |
| Steypustyrktarstál | 10.000 kg |
| Steinsteypa | 190 m³ |
| Kerfisloft | 260 m² |
| Málun | 600 m² |
| Flísalögn samtals | 600 m² |

**Ósk um afhendingu rafrænna útboðsgagna skal senda á netfangið avh@avh.is og verða þau afhent frá og með 6. apríl n.k.**

Tilboð skulu berast rafrænt á netfangið avh@avh.is fyrir **kl. 13:00 þriðjudaginn 20. apríl** og verða tilboðin opnuð kl. 13:30 sama dag í ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska. Bjóðendum mun gefast kostur á að fylgjast með opnun tilboða á fjarfundi óski þeir þess.

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

## Leikskólinn Álfasteinn, Hörgársveit – Útboð á framkvæmdum

Sveitarstjórn Hörgársveitar óskar eftir tilboðum í verklegar framkvæmdir við gerð viðbygginga við Leikskólann Álfastein, Hörgársveit. Viðbyggingar eru norðan og austan við núverandi húsnæði og er heildar stærð viðbygginga 335,6 fermetrar.

Verkið er áfangaskipt skv. útboðslýsingu og verklok eru 20. júlí 2023.

**Helstu verkþættir eru;**
- Jarðvinna
- Steypa grunn og reisa burðarvirki úr timbri
- Frágangur utanhúss
- Frágangur innanhúss og uppsetning á föstum búnaði
- Uppsetning og fullnaðarfrágangur allra lagna og rafkerfa

Útboðsgögn verða aðgengileg í gegnum tölvupóstfangið ts@opusehf.is frá 28. mars 2022.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Hörgársveitar, Þelamörk, **fyrir kl. 11:00 þann 22. apríl 2022** og verða tilboð opnuð á sama stað og tíma að viðstöddum þeim bjóðendum sem óska þess.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

## **Styrkir** til gæða- og nýsköpunarverkefna

**Heilbrigðisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki til gæða- og nýsköpunarverkefna í heilbrigðisþjónustu.**

Veittir verða styrkir til afmarkaðra verkefna og tæknilausna sem stuðlað geta að umbótum, nýbreytni eða auknum gæðum. Ekki eru veittir ferðastyrkir.

Að þessu sinni er sérstök áhersla lögð á heilsueflingu og nýtingu nýrra lausna til að auka gæði þjónustu og hagkvæmni. Verkefnin þurfa að hafa skýran ávinning fyrir heilbrigðisþjónustuna og þann hóp sem þjónustan beinist að.

Styrkirnir eru veittir til stofnana á sviði heilbrigðismála, einstaklinga og fyrirtækja. Fyrirtæki eða einstaklingar sem sækja um styrki þurfa að gera það á grundvelli samstarfs við heilbrigðisstofnanir.

Vakin er athygli á að einungis er unnt að sækja um á rafrænu formi. Umsóknarform ásamt reglum um úthlutun styrkjanna eru á vefslóðinni www.stjornarradid.is/gogn/styrkir-og-sjodir/

**Umsóknarfrestur er til og með 1. maí 2022**

**Stjórnarráð Íslands**
Heilbrigðisráðuneytið

reitir.is



## Rekstraraðili óskast að Hótel Grími í Grímsbæ

**Til leigu:** Tuttugu herbergja, 695 fermetra, gistihús/hótel á þriðju hæð. Hótelið er fullbúið og getur leigst með húsgögnum og búnaði, vefsíðu, vörumerki o.fl. Húsnæðið var innréttað 2017.

Nánari upplýsingar á **reitir.is/hotel-grimur**

**REITIR** FASTEIGNAFÉLAG

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

**OPIÐ HÚS**
6. apríl 17:00-18:00





## Hverafold 112

112 Reykjaík

Einbýlishús | 256 fm | 5 herb.

**159.900.000**



**Lárus Ómarsson**
Löggiltur fasteignasali
larus@eignamidlun.is
824 3934





## Skildinganes 15

102 Reykjavík

Einbýlishús | 387 fm | 9 herb.

**285.000.000**



**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
824 9093



## Vatnsstígur 22

101 Reykjavík

Fjölbýli - bílageymsla | 132,6 fm | 3 herb.

**104.900.000**



**Ólafur H. Guðgeirsson**
MBA Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
olafur@eignamidlun.is
663 2508



## Laugarásvegur 75

104 Reykjavík

Hæð með bílskúr | 115 fm | 3ja herb.

**78.900.000**



**Magnea Sverrisdóttir**
MBA og löggiltur fasteignasali
magnea@eignamidlun.is
861 8511

**OPIÐ HÚS**
4. apríl 17:00-17:30



## Hvassaleiti 28

103 Reykjavík

Fjölbýli með bílskúr | 169,2 fm | 5 herb.

**74.900.000**



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is
861 8511

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588 9090** | **eignamidlun.is**

## OPIÐ HÚS

sunnudaginn 3. apríl
frá kl. 13:00 - 17:00

**– Verið velkomin**



# Nýjar íbúðir í Urriðaholti, Garðabæ

Eignamiðlun og ÞG Verk kynna með stolti nýjar og fallegar íbúðir í Maríugötu 13-15, Garðabæ.

Um er að ræða bjartar og rúmgóðar 3ja - 5 herb. íbúðir.

Stærð frá **89-160 fm**.

Verð frá: **64,9 m**.





**Ólafur H. Guðgeirsson**
MBA Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
663 2508



**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur / Löggiltur fasteignasali
694 6166



**Kári Sighvatsson**
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
899 8815



**Ragnhildur Anna Gunnarsdóttir**
Lögfræðingur / löggiltur fasteignasali
861 1197

ÞG VERK




**OPIÐ HÚS**
sunnudaginn 3. apríl
frá kl. 13:00 - 15:00
– Verið velkomin

# Valshlíð 10-16

Glæsilegar og vandaðar íbúðir eru nú til sölu á Hlíðarenda við rætur Öskjuhlíðar í Reykjavík. Frábær staðsetning nálægt miðpunkti miðbæjarins í glænýju póstnúmeri, 102 Reykjavík. Stutt er í alla helstu þjónustu, frábærar gönguleiðir, íþróttir, samgöngur, iðandi mannlíf, skóla og stóra vinnustaði. Garðurinn er einstaklega fallegur og skjólgóður. Hann er lokaður af með húsunum sem gefa gott skjól og frið frá iðandi umferð miðbæjarins. Í hönnun garðs var gert ráð fyrir skemmtilegum runnum og trjám ásamt borðum og bekkjum og upplýstu leiksvæði fyrir börn, sem gerir svæðið mjög fjölskylduvænt.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á

## 102HLIDARENDI.IS

- Innréttingar frá JKE Danmörku
- Boðið er upp á þrjár gerðir innréttinga
- Innanhússhönnun MSTUDIO Reykjavík
- Steinborðplötur
- Bílskúrar fylgja ákveðnum íbúðum
- Tvö baðherbergi
- Þaksvalir/þakgarðar með einstöku útsýni
- Lofthæð 280 cm
- Gólfsíðir VELFAC-gluggar
- Miele-tæki
- Lokaður og skjólgóður garður
- Bílastæði í bílakjallara
- Rafmagn í gluggatjöldum
- Myndavéladyrasími sem tengist við snjallsíma
- Álklætt og einangrað að utan
- Aukin hljóðvist
- Rafmagnshönnun og innfelld lýsing hússins hönnuð af Lúmex
- Allar íbúðir með LED-lýsingu
- Rafbílaheimtaug í bílakjallara
- Arkitektar hússins, ALARK arkitektar













**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali / sölustjóri
899 1882



**Bjarni T. Jónsson**
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
895 9120



**Lárus Ómarsson**
Löggiltur fasteignasali
824 3934



**Lilja Guðmundsdóttir**
Viðskiptafræðingur og nemi til löggildingar fasteignasala
649 3868



**Unnar Kjartansson**
Löggiltur fasteignasali
867 0968



**Brynjar Þór Sumarliðason**
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
896 1168



**NÝTT** Í SÖLU







# Einimelur 1

**107 Reykjavík**

**Fallegt og vel skipulagt 278,5 fm einbýli við Einimel**

- 5 svefnherbergi
- Bílskúr
- Stór lóð með tveimur pöllum, heitum potti og útisturtu
- Vandað hús í hjarta Vesturbæjarins þar sem stutt er í skóla og alla helstu þjónustu

Verð: **Tilboð**



Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 899 5856**
gunnar@miklaborg.is

**NÝTT** Í SÖLU



# Hávallagata 24

**101 Reykjavík**

## HAMRAGARÐAR eitt af „HÚSUM" miðborgarinnar ...

- Einstaklega glæsilegt 380 fm einbýlishús
- Teiknað af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, árið 1941
- Aukin lofthæð
- Möguleiki á auka íbúð í kjallara
- Einstaklega vandað og vel við haldið hús

Verð: **Tilboð**







Nánari upplýsingar veita:



**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 899 5856**
gunnar@miklaborg.is



**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

**569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is


Runólfur Gunnlaugsson
lögg. fast.


Ásmundur Skeggjason
lögg. fast.


Brynjar Baldursson
sölufulltrúi


Jóhann Friðgeir Valdimarsson
lögg. fast.


Kristinn Tómasson
lögg. fast.


Þórarinn Friðriksson
lögg.fast.

## Víkurgata 15 - Garðabæ

**Frábærlega vel staðsett einbýlishús í byggingu á einstökum útsýnisstað við Urriðavatn í Garðabæ.**

- Húsið er hannað og teiknað af Baldri Ó. Svavarssyni hjá Úti og Inni Arkitektum.
- Húsið er að hluta til "sjónsteypt" og gert er ráð fyrir svartri læstri álklæðningu.
- Húsið afhendist í núverandi ástandi sem miðast við fokheldi.
- Möguleiki er að fá húsið lengra komið í samráði við kaupanda og breytist verð í samræmi við það.
- Innra skipulag hússins er úthugsað og sérlega fjölskylduvænt.
- Möguleiki er á 5 svefnherbergjum og gert er ráð fyrir 3 baðherbergjum.

**Verð kr. 210 millj.**

**Hringdu núna og bókaðu skoðun hjá Ásmundi Skeggjasyni Lögg. fasteignasala, as@hofdi.is, Gsm 895 3000**



**FOLD FASTEIGNASALA**

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

**Rakel Viðarsdóttir**
lögg. fast.
rakel@fold.is / 699-0044

**Einar Marteinsson**
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

**Hlynur Ragnarsson**
löggildingarnemi
hlynur@fold.is / 624-8080

**Rögnvaldur Örn Jónsson**
löggildingarnemi
rognvaldur@fold.is / 660-3452

### Þingvað 43, 110, Rvk.
**ENDARAÐHÚS.**




Þingvað: 203,7 fm endaraðhús á frábærum stað í Norðlingaholti. Húsið skiptist í neðri hæð þar sem er eldhús, baðherbergi, stofa, borðstofa, bílskúr sem búið er að breyta í tvö herbergi og geymsla. Á efri hæð eru 4 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og útgengt út á 31,3 fm svalir. **Verð 134,9 millj.**

### Gullsmári 9, 201 Kópavogur.
**3JA HERBERGJA FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI.**




Góð og talsvert endurnýjuð 72,3 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli fyrir 60 ára og eldri. Mikil þjónusta innanhúss og í nærumhverfi. Parket og flísar á gólfum. Yfirbyggðar svalir í suður. Íbúðin er tóm og afhending við kaupsamning. Velkomið að panta tíma fyrir skoðun. **Verð 56,9 millj. Nánari upplýsingar gefur Gústaf Adolf lgf., gustaf@fold.is / 895-7205.**

### Skipholt 50c, 105 Rvk.
**SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI MEÐ MIKLA MÖGULEIKA.**



Glæsilegt og vandað 264.5 fm skrifstofuhúsnæði að Skipholti 50c í Reykjavík til sölu. Eignin er á efstu hæð hússins og er með mikið útsýni yfir borgina til norðurs. Fullbúin eign með skrifstofum, eldhúsi, ræstiherbergi, skjalageymslu og tveim salernum og þar af annað með aðgengi fyrir fatlaða. Lyfta er í húsinu og einnig eru tröppur upp á hæðina. Næg gjaldfrí bílastæði. **Verð 130 millj. Nánari upplýsingar, rognvaldur@fold.is / 6603452.**

### Sumarhúsalóð í landi Heyholts
**Í BORGARFIRÐI V/GLJÚFURÁ.**



Tæplega 0,4 hektara lóð mjög vel staðsett á jaðarlóð innarlega í landi Heyholts í Borgarfirði. Lóðin er mjög vel staðsett nálægt Gljúfurá. Stutt í alla þjónustu til Borgarness. Lyng og kjarrivaxin lóð með góðri fjallasýn. Kalt vatn og rafmagn við lóðarmörk. **Verð 3,9 millj.**

### Sætún - eignarland,
**116 KJALARNES - REYKJAVÍK.**



Sætún Lóð B . Ca. 5.546 fm. atvinnulóð við þjóðvegin. Teikningar að ca. 2.900 fm. geymsluhúsnæði með 20 bilum. Teikningar eru skv. tillögum um geymslu/atvinnuhúsnæði sem mögulegt er að skipta í allt að 20 hólf með stórum innkeyrsludyrum á hverju hólfi. Heildarflatamál hvers bils með ca. 35 fm. millilofti er um 145 fm. Staðsetning frábær með tilkomu Sundabrautar. Fold er einnig með til sölu svæði A með 630 fm atvinnuhúsæði og byggingarrétti.
**Verð 97,4 millj.**

## Óskum eftir

**- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila**
**- traustar greiðslur**
**- langur leigutími**
**- nánari upplýsingar á skrifstofu**

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

***Þú finnur okkur á fold.is***



# BESTI TÍMINN TIL AÐ FJARLÆGJA HÁRÆÐASKEMMDIR Í ANDLITI

Við á Snyrtistofunni Hafblik sérhæfum okkur í árangursríkum háræðaslitsmeðferðum. Við lokum skemmdum háræðum, háræðastjörnum og blóðblöðrum í andliti. Tækið sem unnið er með er eina sinnar tegundar á Íslandi og vinnur með hljóðbylgjum. Hljóðbylgjurnar þurrka upp blóðprótein í veilu háræðunum og loka þeim af mikilli nákvæmni punkt fyrir punkt. Yfirleitt næst bati eftir 3 skipti. 4-5 vikur þurfa að líða á milli meðferða.

Við bjóðum upp á ókeypis skoðunartíma sem þarf að bóka fyrirfram. Myndir eru teknar af háræðaskemmdunum sem viðkomandi vill láta fjarlægja, tímalengd meðferðar og kostnaður áætlaður og meðferð og eftirmeðferð kynnt.

Nú er besti tíminn framundan að láta drauminn rætast að losna við háræðaskemmdirnar. **Þetta er lausnin.**

Guðrún Jóhanna eigandi Snyrtistofunnar Hafbliks þekkir þetta böl sem háræðaskemmdir valda á eigin skinni. Hjá henni komu þær í kjölfar rósroða en þær geta komið af margs konar öðrum ástæðum líka. Ár eftir ár þurfti hún að fara í lasermeðferðir hjá húðlæknum í tilraun til að laga háræðaskemmdir sem gaf lítinn sem engan árangur þrátt fyrir að vera eina lausnin á þeim tíma. Nú er lausnin komin með þessari tækni sem þetta hljóðbylgjutæki býður upp á. Hér á myndunum er dæmi um árangur háræðaslitsmeðferðanna hjá Snyrtistofunni Hafblik.



Fyrir



Fyrir



Eftir

**Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur**

**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

**Snyrtistofan Hafblik**

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

# Þema fermingarbarnsins tekið alla leið

Mæðginin Bjarni Gabríel Bjarnason og Eva Dögg Sigurgeirsdóttir hafa síðustu vikur verið að undirbúa fermingardag Bjarna Gabríels, en hann er með sínar hugmyndir um hvernig hann vill hafa draumafermingardaginn.

sjofn@frettabladid.is

Í þættinum Matur og heimili á dögunum gaf Bjarni Gabríel áhorfendum innsýn í hvernig góða fermingarveislu gjöra skal. „Á fermingardaginn langar mig að allir sem mér þykir vænt um séu með mér að halda upp á daginn. Ég vil að allir séu glaðir og að það sé mikið stuð í veislunni. Mig langar að hafa skemmtilegar veitingar bæði fyrir mig og vini mína og svo líka fyrir fullorðna. Mig langar að hafa poppvél, nammibar og selfí-box þar sem fólk getur tekið myndir.

Svo langar mig bara að hafa geggjað stuð allan daginn og bara eiga frábæran dag," segir Bjarni Gabríel sem valdi líka draumaveitingarnar í veisluna í samráði við móður sína. Bjarni Gabríel valdi að vera með hollustuhorn fyrir vinina og Fabrikkuborgara, svo vildi hann vera með eitthvað fyrir heldra fólkið eins og hann orðar svo vel og þá komu canapésnitturnar frá Jómfrúnni sterkar inn. „Svo langar mig að bjóða upp á flotta fermingartertu á gamla mátann, eins og var í veislum hér áður, fyrir svona eitís."

**Uppáhaldslitirnir í forgrunni**

„Þema veislunnar er smá í bland, mig langaði að hafa uppáhaldslitina mína, blöðruskreytingar og falleg lifandi blóm í forgrunni. Síðan ætla ég að stilla upp takkaskónum mínum og fótbolta á borðið þar sem gestabókin verður. Mamma var alveg sammála þemanu og því sem mig langar að hafa í veislunni. Það má segja að þetta sé smá retró, bóhó þema þar sem blár og silfurlitaður blær svífur yfir," segir Bjarni Gabríel enda er hann með sjálfstæðar skoðanir og veit hvað hann vill. Hann valdi sér líka falleg grá jakkaföt með svörtu vesti í Kingsman-stíl svo það má segja að hann hafi hugsað fyrir hverju smáatriði.

„Við fengum fallegar blöðruskreytingar og selfí-myndabox frá Partýbúðinni og blöðrulengjur frá Confetti Sisters, ásamt fleira skemmtilegu skrauti og poppuðum þetta upp með lifandi blómum," segir Eva, og sá í hendi sér að það væri upplagt að fá aðstoð við að setja skreytingarnar þar sem þau völdu að halda upp á stóra daginn í Cavasalnum. „Ég fékk stelpurnar í Balún til setja upp skreytingar, eins og blöðrulengjurnar og stilla upp nammibarnum. Frábært að geta pantað þjónustu þeirra gegnum heimasíðuna þeirra, balun.is."




Bjarni Gabríel hugsar vel um mataræðið og vill bjóða upp á hollar veitingar fyrir íþróttafólkið, sjálfur æfir hann fótbolta af fullum krafti. Hann valdi því Lemon-samlokur og -djúsa sem eru í miklu uppáhaldi hjá honum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Lifandi blóm mynda heildarstemninguna**

Eva fékk Hrafnhildi Þorleifsdóttur, blómaskreyti frá Blómagalleríinu við Hagamel, til að aðstoða við val á blómum og ná heildarútkomunni á umgjörð veislunnar.

„Til að binda veitingaborðið saman eru lifandi blóm fullkomin og í þessu tilfelli gerði ég eina stóra skreytingu með fallegri samsetningu af afskornum blómum – það verður allt fallegra þegar blóm lenda á borðinu," segir Hrafnhildur og bætir við að það sé ótrúlega gaman að leika sér með blóm þegar kemur að því að skreyta í veislum.

„Það er líka mjög fallegt að vera með skreytingar á gestaborðunum, til að mynda misstóra glæra vasa þar sem villtir blómvendir eða stök falleg blóm raðast saman við og verða í raun upphafið að óskrifuðu ævintýri veislunnar, blóm eru svo mikið augnakonfekt." ■



Veitingaborðið er hið glæsilegasta og mikið um náttúrulegan efnivið, blómaskreytingin er frá Blómagallerí og fallegu viðarbrettin, bæði kringlóttu og ílöngu, eru frá Bakó Ísberg. Canapé-snitturnar eru frá Jómfrúnni og makkarónurnar eru frá Tertugallerí Myllunnar eins og fermingartertan.



Girnilegar litlar snittur gleðja gesti.



Nammibar er orðinn algengur í fermingarveislum.



## Bílar & Farartæki

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Þjónusta

### Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er rösk og vandvirk. Upplýsingar í síma 845 6231, Margrét.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Bókhald

**FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA**

Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

**Uppl. í síma 8548080/5168080 retta.is olafur@retta.is**

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

+++ EÐALVERK +++
- Hellulagnir
- Grjóthleðsla
- Húsaviðgerðir
- Þak
- Gluggaskipti
- Múr
- Málningavinna
- Steinsögun

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkið í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@edalverk.is

## Keypt & Selt

### Til sölu



Vandað rimlarúm til sölu með luxus dýnu. Tilboð S. 663 3313

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

# Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

# HÚSBÍLASÝNING UM HELGINA!

## Sýningarafsláttur allt að 500.000 kr!

## Öllum seldum bílum fylgir 190 W sólarsellupakki, með ásetningu!




**Carado T 135**
**Árgerð 2020.** Bakkmyndavélapakki, leiðsögukerfi, markísa, hjólagrind, champagne litaðar hliðar, innfelldir gluggar, 16" álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, LED lýsing, samlit áklæði á framsætum ofl. ofl.
**Tilboðsverð: 12.290.000.**




**Carado T 348**
**Árgerð 2020.** Bakkmyndavélapakki, leiðsögukerfi, markísa, hjólagrind, champagne litaðar hliðar, innfelldir gluggar, 16" álfelgur, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, LED lýsing, samlit áklæði á framsætum, fellirúm í toppi, stór ísskápur, flugnanet í hurð, gott geymslupláss ofl. ofl. **Tilboðsverð: 12.980.000**




**Sunlight T 64**
**Árgerð 2020.** Bakkmyndavélapakki, leiðsögukerfi, markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, 16" álfelgur, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, LED lýsing, samlit áklæði á framsætum, fellirúm í toppi, stór ísskápur, flugnanet í hurð, gott geymslupláss ofl. ofl.
**Verð: 13.490.000.**




**Sunlight T 67**
**Árgerð 2020.** Bakkmyndavélapakki, markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, aðskilin rúm með útdragi á milli, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur, leiðsögukerfi o.fl. o.fl.
**Verð: 13.750.000.**




**Carado T 448**
**Árgerð 2020.** Bakkmyndavélapakki, leiðsögukerfi, markísa, hjólagrind, champagne litaðar hliðar, innfelldir gluggar, lestarlúga báðum megin, aðskilin rúm með útdragi á milli, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur o.fl. o.fl. **Verð: 13.790.000.**




**Sunlight T 68**
**Árgerð 2020.** Bakkmyndavélapakki, markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, aðskilin rúm með útdragi á milli, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur, leiðsögukerfi o.fl. o.fl.
**Verð: 13.890.000.**




**Dethleffs Trend T 7057 DBM**
**Árgerð 2020.** Bakkmyndavélapakki, leiðsögukerfi, markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, breið inngangshurð með glugga og samlæsingu, rafmagnsdrifið fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur o.fl. o.fl. **Tilboðsverð: 14.490.000.**




**Carado T 459**
**NÝR – árg. 2022.** Bakkmyndavélapakki, markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, hjónarúm með aðgengi beggja vegna, stór setukrókur, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. **Verð: 15.890.000.**

**OPIÐ UM HELGINA**
**2.-3. APRÍL FRÁ 12-16**

P. KARLSSON EHF.

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur. Afsláttur gildir á völdum tækjum.

**P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ |517 5200**

**www.pkarlsson.is**

## Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi


Notað TV 20" flatskjár verð 3.000,-kr Útvarp verð 1.000. Tala ensku. Uppl. síma: 776 3667 /554 6286. Tómas.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 788 1590**

## Heilsa

## Heilsuvörur




## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is






HRINGBRAUT

Í KVÖLD



FRÉTTAVAKTIN
Kl. 18.30 og kl. 20.30




DRAUGASÖGUR
Kl. 19.00 og kl. 21.00



UNDIR YFIRBORÐINU
Kl. 19.30 og kl. 21.30



VÍSINDIN OG VIÐ
Kl. 20.00 og kl. 22.00



Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —


# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


**LOK Á HEITA POTTA**



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
*www.fjardarbolstrun.is*

Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is


Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@frettabladid.is


VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -




Sinnum viðhaldinu saman og notum öruggar lausnir við framkvæmdir

Vinnupallar • Smiðsbúð 10 • s. 7879933 • vpallar.is • vpallar@vpallar.is



ÞAÐ SEM EITT SINN VAR
VERÐUR
SKJÁLFTI
KVIKMYND EFTIR TINNU HRAFNSDÓTTUR
KOMIN Í BÍÓ
- Harrastuskriitikud
- The Reviews Hub
- The Hollywood News
- En Primera Fila
Industry Selects
tiff
Toronto International Film Festival 2021
2021
OFFICIAL SELECTION
Göteborg Film Festival
OFFICIAL SELECTION
32. TROMSØ
INTERNATIONAL
FILM FESTIVAL
Film
URSUS PARVUS
Freyja
alief.
Film Centre
sena
RÚV



Lovísa Arnardóttir
lovisa
@frettabladid.is

# Hugsar til pabba síns í pontu

Eva Dögg Davíðsdóttir hefur síðustu vikur setið sem varaþingmaður á þingi og segir starfið hafa komið sér rækilega á óvart. Hún missti pabba sinn í slysi fyrir þremur árum en hefur vel fundið fyrir áhrifum hans á þinginu.



Eva Dögg segir að það sem hafi mest komið á óvart við þingmannsstarfið séu nefndastörfin FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ég hef alltaf tengst Vinstri grænum á einhvern hátt en ekki tekið beint þátt. Svo ákvað ég í fyrra að skrá mig á Zoom málefnafund um umhverfismál. Ég hafði oft hugsað um að láta að mér kveða en aldrei látið af því verða,“ segir hún.

Hún segir að henni hafi strax verið vel tekið og að eftir þátttökuna í málefnahópnum hafi hún verið beðin um að vera með í því að skrifa upp umhverfis- og loftslagsstefnuna fyrir kosningabaráttuna sem þá var fram undan.

„Ég ákvað svo bara að láta slag standa og taka þátt í forvali. Sem var líka á Zoom. En allt í einu var ég komin í pallborðsumræður með forsætisráðherra á Zoom og hitti eiginlega ekki sálu. Ég fékk þriðja sætið í Reykjavíkurkjördæmi norður eftir forvalið. Ég var ekki með væntingar eða miklar kröfur, verandi ný, en ég átti greinilega einhvern hljómgrunn. Því það á ekki að vera þannig í pólítík að fólk eigi sín sæti,“ segir Eva Dögg og að það verði að vera fjölbreytni.

Hún segir að það hafi verið gaman í kosningabaráttunni því þá hafi þau fengið tækifæri til að hitta fólkið í landinu, fyrirtæki og aðra og að hún hafi fengið innsýn í alls konar málefni og það sé dálítið eins og starf þingmannsins sem þarf að koma sér inn í mörg og fjölbreytt mál og koma inn í alls konar umræður.

Hún segir starfið krefjandi, vinnudagana langa en að hún njóti þess mikið að starfa inni á Alþingi og skemmtilega stemmningin í þingflokknum spilar stóran þátt í því að gera langa daga fjöruga.

**Þrjú ár frá missi**

Eva Dögg missti pabba sinn í slysi fyrir þremur árum og segir að hann hafi alltaf hvatt hana til að taka þátt í stjórnmálum.

„Það voru núna í mánuðinum þrjú ár frá því að pabbi minn lést í slysi. Hann var alltaf að segja mér að fara í pólitík og var viss um að ég ætti heima þar. Ég var aldrei eins viss um að það væri minn vettvangur,“ segir Eva Dögg, sem á sínum yngri árum hafði meiri áhuga á alþjóðastofnunum og mannúðarsamtökum.

„Hann hefði verið mjög stoltur af mér. Ég hugsa mikið til hans í pontu og ég fæ alltaf smá svona í hjartað þegar ég sé Davíðsdóttir á skjánum eða það er lesið upp,“ segir Eva Dögg sem er elst fimm systkina.

„Það er mikill stuðningur í mömmu. Hún er skólastjórnandi og ég leita mikið til hennar um þann málaflokk, sem ég hef líka mikinn áhuga á,“ segir Eva, og að hún vonist til þess að málaflokkurinn verði tekinn föstum tökum á kjörtímabilinu og nefnir sérstaklega börn með fjölþættan vanda.

Eva Dögg hefur ferðast nokkuð og búið víða. Hún hefur verið búsett í Noregi, Bandaríkjunum og Indlandi.

„Við fluttum út til Noregs þegar ég var tvítug en mamma kom aftur heim eftir að pabbi dó. Hann dó hér á Íslandi í hestaslysi. Fjölskyldan er um víðan völl. Tvö systkini mín eru enn í Noregi. Einn bróðir minn í Bandaríkjunum og einn hér á Íslandi,“ segir Eva Dögg og að þrátt fyrir fjarlægðina séu þau mjög náin.

**Fékk símtalið í Tansaníu**

Hún segir að eftir andlát föður hennar hafi hún leitað mikið heim.

„Ég var í Tansaníu á fundi þegar ég fæ þessar fréttir. Ég fæ þetta símtal þar. Pabbi minn var ungur í líkama og í anda. Hann var bara 56 ára og afskaplega sprækur og lifandi maður. Þetta var rosalegt áfall og sorgin er eitthvað sem fylgir manni alltaf. Fyrst er maður í algeru „survival mode“ og í púpu með sínum nánustu og rússíbanaflæði. En svo af því að við erum búsett á víð og dreif förum við í sitthvora áttina og höfum tekist á við þetta á ólíkan hátt, en mér finnst mikilvægt að finna tóninn. Eins og dánardagurinn hans, ég er enn að reyna að finna hvernig maður á að tækla það.“

Hún segir að minning pabba hennar sé sterk og að vegna þess hve aktívur hann var þá sé hann alltaf stór partur af hestamennsku hennar og öðrum tómstundum eins og sjósundi.

„Og svo auðvitað hef ég hugsað sterkt til hans hérna á þingi. Ég heyri röddina og hversu stoltur hann myndi vera af mér. En svona missir breytir manni og kannski til hins betra. Maður verður einhvern veginn næmari og vex.“

Eva Dögg segir að í gegnum tíðina hafi hún verið hvatvís og oft látið vaða, eins og með ferðalög, en eftir að hún missti pabba sinn þá hafi lífið fengið nýtt samhengi og hún meiri kjark til að gera það sem hana langaði að gera.

„Það kom því ekkert endilega fjölskyldunni á óvart að ég færi fram en mig hefði aldrei getað órað fyrir því hversu afdrifarík ákvörðunin var.“

**Umhverfismálin alls staðar**

Spurð um umhverfisstefnu VG segir Eva Dögg að henni þyki mikilvægt að stefna þess flokks sem hún tilheyrir sé framsækin og að í gegnum tíðina hafi hún alltaf tengt mest við stefnu VG.

„Það var ekki spurning hvar ég myndi enda. Ég sá ekki fyrir mér að beita mér neins staðar annars staðar en með Vinstri grænum, auk þess sem það er auðvitað spennandi að vera hluti af stjórnarflokki og hafa þannig fleiri tækifæri til að hafa áhrif. Okkar nálgun er þannig að þetta er málefni sem að skarar alla málaflokka og það þarf að hugsa um það þannig,“ segir hún.

*En manni finnst stundum eins og það þurfi ekki mikið til að þessi mál endi í aftursætinu? Nú er enn heimsfaraldur og svo er stríð í Evrópu.*

„Já, það er fátt verra fyrir samfélag og umhverfið en að vera í stríðsrekstri. Ég hef auðvitað áhyggjur af því en ég vona að stríðið verði til dæmis til þess að það skapist aukinn þrýstingur á orkuskipti. Því það er ekki sjálfbært, í mörgum skilningi, að treysta á jarðefnaeldsneyti. En ég hef áhyggjur, því vísindin eru skýr. Við höfum ekki mörg ár til að bregðast við og við þurfum skýra stefnumótun sem er fylgt eftir,“ segir Eva Dögg, sem þó bendir á að enn er tími til að snúa þessari þróun við.

**Stundaði rannsóknir á átakasvæði**

Samhliða því að vera á þingi er Eva Dögg í doktorsnámi í umhverfis- og þróunarfræðum.

Sem hluti af doktorsverkefni hennar fór hún til Indlands og gerði rannsókn í ríki sem kallast Jharkhand.

*Fannstu til ábyrgðar?*

„Auðvitað. Indland er þannig að þú ert mætir ójöfnuðinum og finnur fyrir þinni stöðu í samfélaginu. Það var hálfsúrrealískt að búa í þorpi þar sem er ekki að finna nein nútímaþægindi. Fólk er kannski með sólarsellu en það er ekkert rafmagn eða rennandi vatn. Þarna voru margir, og sérstaklega konur, sem hafa aldrei farið út fyrir kannski 40 ferkílómetra svæði. Þá upplifir maður sterkt hversu heppinn maður er.“ ■

Nánar á frettabladid.is



Eva Dögg var við rannsóknir í Indlandi MYND/AÐSEND



Eva missti pabba sinn í hestaslysi fyrir þremur árum

> Ég hugsa mikið til hans í pontu og ég fæ alltaf smá svona í hjartað þegar ég sé Davíðsdóttir á skjánum eða það er lesið upp.

> Ég ákvað svo bara að láta slag standa og taka þátt í forvali. Sem var líka á Zoom. En allt í einu var ég komin í pallborðsumræður með forsætisráðherra á Zoom og hitti eiginlega ekki sálu.

> En ég hef áhyggjur, því vísindin eru skýr. Við höfum ekki mörg ár til að bregðast við og við þurfum skýra stefnumótun sem er fylgt eftir.

JS WATCH CO. REYKJAVIK

# Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi






HJÁ GILBERT ÚRSMIÐ SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLU ÚRA

ÁRATUGA REYNSLA, METNAÐUR OG FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

ISLANDUS DAKOTA
SILFUR SKÍFA MEÐ SVÖRTUM SJÁLFLÝSANDI STÖFUM OG VÍSUM

ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á WWW.GILBERT.IS




SIF NART 1948 MEÐ BLÁRRI BURSTAÐRI SKÍFU, SJÁLFLÝSANDI STÖFUM OG VÍSUM

ARC-TIC ICELAND

## ARCTIC ÚRIN ERU TILVALIN FERMINGARGJÖF, GÆÐA ÚR Á GÓÐU VERÐI, ÍSLENSK HÖNNUN




ARC-TIC ÚR
MEÐ LEÐURÓL
**29.900.-**

ARC-TIC ÚR
MEÐ STÁLÓL
**34.900.-**

GILBERT ÚRSMIÐUR

**GILBERT ÚRSMIÐUR**
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.GILBERT.IS
SÍMI: 551 4100

# Algengt að allir hoppi á sama trendið



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

**Ísak Freyr Hinriksson er einn alfærasti förðunarfræðingur sem Ísland hefur alið. Hann hefur gert það gott erlendis og farðað fyrir stór tímarit og farið með penslum sínum um andlit stórstjarna á borð við Katy Perry og Dua Lipa.**



Ísak Freyr hefur starfað sem förðunarfræðingur í London í rúman áratug. MYND/SAGA SIG

Ísak sem lærði förðun hér á landi það herrans ár 2007 flutti þremur árum síðar til London og þar hefur hann nú verið síðastliðin tólf ár og gert það gott sem förðunarfræðingur.

Aðspurður um stærstu verkefnin segist Ísak hafa unnið fyrir ýmiss konar tímarit, svo sem Vogue, I-D, W, Elle, Modern Matter og einnig með tónlistarmönnum á borð við Katy Perry, Dua Lipa, Charli XCX, Professor Green, JP Cooper, Of Monsters and Men, Nicole Scherzinger og fólki á borð við Monicu Lewinsky, Anja Rubik, Eva Herzigova, Sophie Dahl, Cara Delevingne og Poppy Delevigne svo fátt sé nefnt.

Ísak segir að í sínu fagi skipti mestu að byggja sjálfan sig upp sem listamann. „Það er mikilvægt að vita hvert þú vilt fara í bransanum, skapa sinn eigin stíl og þora að hugsa út fyrir rammann. Fyrir mér tengi ég förðun við það að mála og skapa út frá listrænu sjónarhorni,“ segir hann og bætir við að hann noti tilfinningar líka í hvert sinn og innblásturinn sem hann fái frá því andliti sem hann er að farða í það skiptið.

### Instagram-förðun úti

Ísak er sannarlega með puttann á púlsinum þegar kemur að því heitasta í förðun hverju sinni því þó einhverjum grunnreglum sé ávallt fylgt er mikið um tískustrauma í förðun eins og öðru. Aðspurður hvaða förðunartrend sé helst á útleið þessa dagana svarar hann ákveðinn: „Instagram-förðun, Instagram-förðun, Instagram-förðun, var ég búinn að segja Instagram-förðun?“ segir hann ákveðinn en í léttum tón og heldur áfram:

„Ísland er lítið land og það er oft þannig að ef það kemur inn eitthvert trend eins og til dæmis Kim Kardashian/Instagram-förðun þá hoppa allir á það. Þá mála allir sig eins og hálfgerða dragdrottningu með hvíta línu niður nefið og fimm mismunandi tóna af farða á andlitinu.

> Þá mála allir sig eins og hálfgerða dragdrottningu með hvíta línu niður nefið og fimm mismunandi tóna af farða á andlitinu.

Vitaskuld eru til förðunarfræðingar sem fíla svoleiðis farðanir og vilja feta þann veg í bransanum sem er bara hið besta mál. Allir hafa rétt á sínu tjáningarfrelsi,“ segir Ísak en bendir á að slík förðun eigi þó ekki upp á pallborðið í hinum stóra tískuheimi sem hann starfar við.

„Mín reynsla er líka sú að þegar ég hef fengið aðstoðarfólk frá Íslandi til að aðstoða mig í verkefnum í London hef ég þurft að stýra því í burt frá allt of miklum farða og miklum skyggingum. Það er eitt að mála sig fyrir símann sinn heima hjá sér og annað að mála fyrir sjónvarpsauglýsingu þar sem er verið að selja húðvöru.“

> „No makeup makeup“ en með sterkum augum eða vörum eins og hefur til dæmis sést á síðastliðnum tískuvikum.

### Falleg húð og sterk augu og varir

*En hvað ætli sé það heitasta í þessum efnum?*

„No makeup makeup“, en með sterkum augum eða vörum eins og hefur til dæmis sést á síðastliðnum tískuvikum. Húðin er þá eins og silki, lítil skygging en allt gert ótrúlega vel. Smá eins og verið sé að farða fyrir Edwardian-kvikmynd frá árinu 1910. Við erum þá að tala um farða sem sést ekki en húðin er falleg með smá lit í kinnum og smá skyggingu.“

Aðspurður hversu hratt heitustu trendin nái hingað til lands svarar Ísak að við séum náttúrlega ekki vélmenni sem geri allt eins.







Ísak hefur farðað margar stórstjörnurnar og tekið þátt í verkefnum fyrir stóru tímaritin eins og Vogue, I-D, W og Elle.

„Allir hafa sína rútínu og farða sig eins og þeim líður best, sem er frábært. Þegar ég var yngri elskaði ég að meika mig með þykkum farða, mála augun kolsvört og hafa varirnar nude. Mér leið ótrúlega flottum þannig,“ segir hann og hlær.

Ísak segir förðunarfræðinga ekki endilega eltast við trend en mikilvægt sá að hafa skilning á því til hvers er ætlast af manni ef maður ætli sér að gera það gott erlendis.

### Sjá eftir að hafa plokkað

„Það er mikilvægt að skilja að Instagram-förðun á ekki heima í bransanum nema auðvitað í einstaka tilfellum, til dæmis í Los Angeles er ennþá mikið í þessum stíl. En jafnvel þar hefur hann breyst, það er allt orðið mikið léttara, minni farði, meira glow, náttúrulegri skyggingar og svo framvegis.“

Það er ekki hægt að sleppa Ísaki án þess að spyrja hann út í augabrúnirnar sem þykkst hafa jafnt og þétt undanfarin ár. Sögusagnir hafa verið á kreiki um að örfínu augabrúnirnar, í ætt við þær sem Pamela Anderson skartaði þegar hún var á toppnum, séu að koma aftur. Ljóst er að hann er ekki hrifinn.

„Ég vona svo sannarlega ekki, því ég get ekki sagt þér hversu oft ég heyrt frá konum hvað þær sáu eftir því að hafa plokkað á sér augabrúnirnar „in the 90's“.“ ■


Eucerin®
NÆSTA KYNSLÓÐ
HYALURON-
FILLER
3x EFFECT
1 FYLLIR
2 ÖRVAR
3 VERNDAR
NÝTT
99%* STAÐFESTA:
MINNI HRUKKUR
Eucerin
HYALURON-FILLER
+ 3x EFFECT
* Vörupróf með 120 konum í janúar 2021, niðurstöður eftir 4 vikna notkun.



Ekki komast allir fótgangandi til Medyka. Meira en tvær og hálf milljón hafa farið yfir landamærin til Póllands síðasta mánuðinn.

# Landamæri lífs og dauða

■Fréttablaðið í Póllandi

Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Sigtryggur Ari Jóhannsson
sigtryggur
@frettabladid.is

**Blaðamenn Fréttablaðsins í landamæraþorpinu Medyka í suðausturhluta Póllands lýsa upplifun af veru sinni í þorpinu sem og í höfuðborginni Varsjá.**

Á rúmum mánuði hafa Pólverjar tekið á móti nærri tveimur og hálfri milljón flóttamanna frá Úkraínu. Engin önnur þjóð hefur tekið á móti fleiri flóttamönnum frá því að Rússar réðust inn í Úkraínu í febrúarlok. Þetta eru skuggalegar tölur, ekki síst þegar litið er til þess að flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir að ríflega tíu milljónir úkraínskra borgara hafi yfirgefið heimili sín frá því stríðsátök brutust út.

Þegar við Björn Þorláksson blaðamaður stigum út úr bílaleigubíl í miðborg Varsjár á sólbjörtum mánudagsmorgni mátti svo sem gera ráð fyrir hverju sem var. Hvernig gengur Pólverjum að taka á móti öllum þessum fjölda fólks? Ráða innviðirnir við álagið?

Það var rólegt yfir borginni. Umferðin var viðráðanleg og göngutúrinn á aðalbrautarstöðina notalegur. Þar innandyra var umferð fólks, kannski eins og eðlilegt er á járnbrautarstöð. Helstu vísbendingar um þessa miklu fólksflutninga voru hópar af sjálfboðaliðum í gulum vestum sem tóku á móti fólki og aðstoðuðu við að veita upplýsingar um úrræði og áframhaldandi ferðalag. Ekkert mátti sjá á götum úti sem benti til þess að samfélagið réði ekki við ástandið.

Það kom enda á daginn þegar ferðalaginu vatt fram að margir Pólverjar hafa opnað heimili sín fyrir úkraínskum flóttamönnum og öflugt net sjálfboðaliða var að störfum víðs vegar í samfélaginu við að afla nauðsynja fyrir allt þetta fólk. Sjálfsprottin aðstoð heimfólks er mun meira áberandi en starfsemi skipulagðra alþjóðlegra hjálparsamtaka.

Eins og oft hefur komið fram þá samanstendur flóttamannahópurinn einkum af konum og börnum og svo eldra fólki. Karlmenn eru í herþjónustu. Þetta blasti svo við okkur þegar við komum í landamærabæinn Medyka, eftir nokkurt ferðalag. Þar var stöðugur straumur fólks yfir landamærin og flest sem komu voru mæður með börn sín.

Við ræddum við Olenu með börn sín fjögur. Þau voru að koma frá Kænugarði eftir nokkurra daga ferðalag með rútu. Olena útskýrði fyrir okkur að hún ætti ekki lengur heimili og eina úrræðið hefði verið að flýja borgina með börnin. Bóndinn hefði orðið eftir til að berjast. Hún brast svo í grát þegar hún útskýrði fyrir okkur að yngsta dóttirin, hin þriggja ára Nadíía, ætti erfitt núna. Hún óttaðist öll hljóð eftir að hafa þurft að upplifa sprengjuregnið í Kænugarði.

Og jafnvel þótt blaðamenn Fréttablaðsins hafi aldrei þurft að flýja heimili sín í sprengjuregni þá er hinn sammannlegi harmur alveg skýr.

Sem aftur kann að endurspeglast í þeim ótrúlega fjölda sjálfboðaliða hvaðanæva að úr veröldinni sem nú starfa um allt Pólland, bæði við landamærahliðin og annars staðar í landinu. »



Medyka er smábær á landamærum Póllands og Úkraínu. Þar er hægt að fá helstu nauðsynjar.




Veggspjöld sem lýsa hatri Pólverja á Pútín má víða sjá á húsveggjum í Varsjá.



Straumur fótgangandi flóttamanna frá Úkraínu hefur legið um landamærin.

# GLÆSILEG BÍLASÝNING Í DAG

## VERIÐ VELKOMIN Í SÝNINGARSAL OKKAR Í DAG KL. 12–16.



### HVAÐ NÆRÐU AÐ GERA Á FIMM MÍNÚTUM?

Það tekur Fiat 500e aðeins fimm mínútur í hraðhleðslu að ná 50km akstursdrægni. Fiat 500e sameinar gæði og tímalausa ítalska hönnun sem hentar vel fyrir þá sem þurfa að komast örugglega á milli staða innanbæjar.

**100% RAFMÖGNUÐ ÍTÖLSK HÖNNUN OG ALLT AÐ 433 KM DRÆGNI**

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • FIAT.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

FIAT




Sjálfboðaliðar sjá um að hlúa að flóttafólki við komuna til Póllands, sjá þeim fyrir brýnustu nauðsynjum og upplýsingum.

## Sigrar mannsandans

- Því verður ekki lýst með orðum að horfa á úkraínska flóttakonu koma fótgangandi yfir einskismannslandið, leiðandi börnin sín við Medyka.
- Greina feginleika í andlitsdráttum þegar skrjáfar í pólskum jarðvegi undir fótum fjölskyldunnar.
- Sjá móðurina bresta í grát þegar hún loks er örugg.
- Sjá hana fagna von um framtíð, heyra hana svo gráta nokkrum mínútum síðar.
- Sjá hana lýsa því hve sakbitin hún sé af söknuði, sakbitin af því að hafa bjargað eigin lífi og barnanna á langri eyðimerkurgöngu. Vegna þess að hún vill ekki vera byrði á öðrum.
- Við hittum fólk sem hafði bjargað lífinu með því að hafast við í helli á meðan sprengjur féllu alls staðar í kring.
- Við sáum björgunarfólk stumra yfir konu sem var nýbúin að fá þær fréttir að maður hennar hefði fallið í stríðinu.
- Við sáum konur sigrast á ómanneskjulegum aðstæðum með því að ganga yfir landamæri lífs og dauða við Medyka.
- Við sáum þær hlæja, sigra og fagna.

**»**

**Á rúmum mánuði hafa Pólverjar tekið á móti nærri tveimur og hálfri milljón flóttamanna frá Úkraínu.**

## Stundir sem aldrei gleymast

Eitthvað segir okkur að augnablikin í Medyka muni fylgja okkur áfram.

Kannski þurfa augu barnanna og mæðra þeirra að fylgja okkur áfram. Vegna þeirrar sögu sem þau hafa að geyma.

Okkur hafði verið sagt að fjöldi hjálparsamtaka og einstaklinga yrði við landamærin til að taka á móti flóttafólkinu. En það var enginn venjulegur svipur á þessu fólki. Ekki frekar en að svipurinn á fólkinu sem kemur gangandi yfir landamærin var ekkert venjulegur.

Þótt Pútín sé hataður og fyrirlitinn af flestum í Póllandi (eins og merkja má af veggspjöldum í Varsjá) verður ekki annað séð en göfugar tilfinningar líkt og samhygð og mannúð keyri björgunarstarfið áfram.

Við höfum kannski aldrei séð eins mild og góðleg andlit og þarna voru samankomin.

Kannski hefur heimsbyggðin aldrei sameinast af eins miklu afli og nú um að mæta í sameiningu því hrottalegu ofbeldi sem íbúar Úkraínu hafa mátt þola. Kannski er það sem er að gerast við Medyka til marks um breytta tíma.



Mikill fjöldi flóttamanna frá Úkraínu hefur komið fótgangandi yfir landamærin til Medyka.



Tjaldbúðir fyrir utan Medyka.



Pawel Siedecki og Magdalena Kulik hjá miðstöð félagslegs stuðnings í Gorskiego í Varsjá ræða úrræði fyrir flóttafólk frá Úkraínu í Varsjá.



Forsetahöllin í Varsjá. Bílalest yfirgefur höllina.

## Áfangastaður ókunnur

- Eitt andartak fannst okkur kannski eins og upplifunin við landamæri lífs og dauða sendi íslenskan hégóma út í hafsauga.
- Við vitum ekki hvernig þessar sögur munu enda.
- Við vitum það eitt líkt og flest úkraínska flóttafólkið.
- Að áfangastaður er ókunnur.



ORKAN

# 10kr.

# AFSLÁTTUR

## MEÐ ORKULYKLI

SÆKTU UM ORKULYKIL Á **ORKAN.IS**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**Önnu Sólmundsdóttur**
Vesturási 43.

**Geir Geirsson**
**Guðjón Geirsson**
**Kjartan Orri Geirsson** — **S. Kolbrún Indriðadóttir**
**Herbert Geirsson** — **Þóra Rós Guðbjartsdóttir**
**og ömmubörn.**



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hörður Guðmundsson**

lést miðvikudaginn 23. mars á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 5. apríl klukkan 13.

**Geirlaug Þorgrímsdóttir**
**Vífill Harðarson** — **María Rún Bjarnadóttir**
**Vilborg Ámundadóttir** — **Yngvi Sindrason**
**Helena Ísaksdóttir** — **Erlingur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Nærgætni, hlýja og virðing — Við andlát ástvinar





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is ◆ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is ◆ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Hrefna segir virkilega mikilvægt fyrir sjálfstætt ríki að halda vel utan um lykilgögn þess. MYND/AÐSEND

# Aldagamall hornsteinn á flakki

**Þjóðskjalasafn Íslands fagnar 140 ára afmæli á morgun. Í tilefni þess verður haldinn hátíðarfundur á mánudag þar sem stofnuð verða hollvinasamtök tengd safninu auk þess sem ný stefna safnsins verður kynnt.**

arnartomas@frettabladid.is

„Það má segja að starfsemi Þjóðskjalasafns hvíli á tveimur stólpum, annars vegar menningarstarfsemin og hins vegar stjórnsýsluhlutverkið,“ segir Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður. „Við erum að draga fram þessar áherslur og hvað þarf að gera til að standast kröfur samtímans í rafrænum og stafrænum veruleika. Við ætlum okkur að stíga stærri skref en áður í þeim efnum.“

Hrefna segir skjalasafn vera hornstein hvers sjálfstæðs ríkis.

„Þau geyma og tryggja varðveislu til framtíðar á lykilgögnum samfélagsins, á borð við stjórnarskrá, þjóðskrá, manntöl og réttindi einstaklinga,“ útskýrir hún. „Þannig er það virkilega mikilvægt fyrir sjálfstætt ríki að halda utan um slík gögn.“

Þegar forveri Þjóðskjalasafns var stofnaður 1882 var hann eitt af landskjalasöfnum dansk-norska ríkisins. Árið 1915 var safninu breytt í Þjóðskjalasafn og hefur starfað undir því heiti síðan. „Safnið hefur alla tíð lagt áherslu á öll gögn Íslandssögunnar, allt frá Reykholtsmáldaga á 12. öld og til rafrænna vörsluútgáfa af virðisaukaskattskýrslum samtímans,“ segir Hrefna.



Hrefna segir skjalasafn hornstein ríkis.

**Víðförult safn**

Í gegnum sögu þess hefur verið talsvert flakk á Þjóðskjalasafni sem hefur verið til húsa á ýmsum stöðum. Landsskjalasafn var upprunalega hýst á lofti Dómkirkjunnar, var síðar flutt í Alþingishúsið og þaðan í Safnahúsið við Hverfisgötu þar sem geymslur voru fullnýttar. Árið 1985 var Hús Mjólkursamsölunnar við Laugaveg 162 keypt og hófst flutningur þangað tveimur árum síðar. Í dag er unnið að þarfagreiningu að nýju húsnæði fyrir Þjóðskjalasafn.

Aðspurð um hvað einkenni starf skjalavarðar segir Hrefna að það sé bæði unnið inn á við og út á við.

„Hér skráum við skjalasöfn, tökum á móti nýjum söfnum, miðlum, rannsökum og gefum út, sinnum einstaklingum og stjórnsýslunni, ráðuneytum og stofnunum,“ segir Hrefna. „Hér eru um fimmhundruð aðilar sem eru skilaskyldir til Þjóðskjalasafns á gögnum sínum svo við tryggjum að þau varðveitist og séu aðgengileg á lestrarsal eða eftir beiðnum.“

***Hefur stafræna byltingin á rafrænum skjölum ekkert skemmt sjarmann sem fylgir rykföllnum möppum?***

„Það gæti verið að einhverjum finnist það en aðrir eru ánægðir með aukið aðgengi að gögnum þjóðarinnar í margar aldir,“ svarar Hrefna hlæjandi. ■



Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðrúnar Helgadóttur**
alþingismanns og rithöfundar,
Túngötu 43, Reykjavík,

verður gerð frá Dómkirkjunni þann 11. apríl næstkomandi klukkan 14.00. Streymi má nálgast á streyma.is

**Hörður Hauksson** — **María Guðfinnsdóttir**
**Þorvaldur Sverrisson** — **Aðalheiður Ámundadóttir**
**Helga Sverrisdóttir** — **Bjarni Ármannsson**
**Halla Sverrisdóttir** — **Egill Axelsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Ástkær faðir minn og afi okkar,

**Þórhallur Birgir Jónsson**
Vesturströnd 6, 170 Seltjarnarnesi,

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 27. mars. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 11.00.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Gyða Þórhallsdóttir**
**Arna Gyðudóttir**
**Bjarki Gyðuson**



✝

Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Ólafsdóttir**
frá Bolungarvík,

lést hinn 14. mars sl. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Ólafur Jónsson** — **Soffía R. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Ólöf Hjörleifsdóttir**

lést 24. febrúar á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Skjóls fyrir góða umönnun.

**Hjörleifur Hjörtþórsson, Rannveig Hjörtþórsdóttir og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Hulda Guðrún Filippusdóttir

Hlaðbæ 18, 110 Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 29. mars. Útförin verður frá Árbæjarkirkju, fimmtudaginn 7. apríl kl. 13.00. Sérstakar þakkir til Starfsfólks líknardeildar Landspítalans.

**Guðrún Björnsdóttir**
**Kristín Björnsdóttir** **Magni Jónsson**
**Guðbjörg Árnadóttir** **Þráinn Örn Ásmundsson**
**Árni Þór Árnason** **Agneta Lindberg**



✝

Hjartans þakkir fyrir hlýhug og alla þá samúð sem okkur var sýnd við andlát, minningarathöfn og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

## Guðrúnar Sigríðar Guðmundsdóttur

Hlíðargötu 18, Neskaupstað.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir veitta aðstoð og einstaka umönnun.

**Gígja Sólveig Guðjónsdóttir**
**Guðný Steinunn Guðjónsdóttir** **Einar Bridde**
**María Guðjónsdóttir** **Karl Jóhann Birgisson**
**Hólmfríður G. Guðjónsdóttir** **Jón Ásgeir Tryggvason**
**Guðjón Dagbjörn, Guðrún Júlía, Guðrún Dagmar, Guðríður Elísa, Sigurlaug María, Guðrún Sigríður, Guðjón Birgir, Guðrún Stella og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, amma, dóttir, systir og mágkona,

## Ágústa Rut Sigurgeirsdóttir

Grænlandsleið 25,

lést í Reykjavík föstudaginn 25. mars. Útförin verður auglýst síðar. Sérstakar þakkir fær starfsfólk blóðmeinadeildar Landspítalans fyrir hlýju og góða umönnun.

**Úlfar Árnason**
**Margrét Hugrún Gústavsdóttir**
**Edda Ágústa Björnsdóttir**
**Sigurgeir Jónasson**
**Sigrún Sigurgeirsdóttir** **Guðni Einarsson**
**Halla Sigurgeirsdóttir**
**Sigurgeir Orri Sigurgeirsson** **Heiðrún Gígja Ragnarsdóttir**
**Jónas Sigurgeirsson** **Rósa Guðbjartsdóttir**
**Rögnvaldur Kristinn Úlfarsson**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Guðrún Edda Júlíusdóttir

Furugrund 38, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, miðvikudaginn 23. mars. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 13. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða fyrir hlýju og góða umönnun. Streymt verður frá vef Akraneskirkju, www.akraneskirkja.is

**Björgvin Hólm Hagalínsson**
**Ásdís Emilía Björgvinsdóttir** **Pétur Pétursson**
**Lára Hagalín Björgvinsdóttir** **Garðar Jónsson**
**Júlíus Björgvinsson** **Bergdís Saga Gunnarsdóttir**
**Jónas Björgvinsson** **Guðfinna Helgadóttir**
**ömmubörnin og langömmubörnin.**



✝

Elsku hjartans pabbi okkar, sonur, bróðir og vinur,

## Árni Guðjónsson

Gunnlaugsgötu 6, Borgarnesi,

er látinn. Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju þriðjudaginn 5. apríl kl. 14. Þeim sem vildu minnast Árna er bent á styrktarreikning til stuðnings börnum hans, nr. 0370-22-043542, kt. 290858-2409. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Streymi frá athöfninni má nálgast á vef mbl.is/andlat

**Guðjón, Ísak Atli, Alexander Aron, Elísa, Þorsteinn og Kristján Ingibjörg Hargrave og Guðjón Árnason Bjarni, Freyja, Hreinn og fjölskyldur Brynja Þorsteinsdóttir**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

## Ingimar W. Antonsson

Buddi

lést sunnudaginn 27. mars á HSN Sauðárkróki. Útförin mun fara fram í kyrrþey, að ósk hins látna.

**Gíslína K. Helgadóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær dóttir mín, móðir, vinkona, tengdamóðir og amma,

## Sólrún Ósk Sigurðardóttir

lést á Líknardeild Landspítalans þann 26. mars. Útförin fer fram frá Lindakirkju þriðjudaginn 12. apríl kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið. Kærar þakkir til starfsfólks Landspítalans fyrir hlýja og góða umönnun.

**Svala Aðalsteinsdóttir**
**Þorgeir Lárus Árnason**
**Árný Árnadóttir** **Jens Jóhannsson**
**barnabörn og aðrir ástvinir.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

## Sigurbjört Vigdís Björnsdóttir

frá Breiðabólstöðum, Álftanesi,

lést mánudaginn 28. mars á Hrafnistu Hafnarfirði. Útförin auglýst síðar.

**Ingibjörg H. Þórisdóttir**
**Helgi Þórisson**
**Dagbjartur Björnsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

## Guðrúnar Eyjólfsdóttur

Aflagranda 40.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Litlu Grundar, Hjúkrunarheimilinu Grund, fyrir einstaka umhyggju og hlýlegt viðmót.

**Brynjólfur Á. Guðbjörnsson** **Sigríður S. Halldórsdóttir**
**Gunnar Þórólfsson** **Jóhanna Friðgeirsdóttir**
**Elísabet Þórólfsdóttir**
**Meyvant Þórólfsson** **Rósa Guðbjartsdóttir**
**Bjarni Þ. Þórólfsson** **Hrefna S. Briem**
**barnabörn og aðrir afkomendur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi, langafi og bróðir,

## Guðlaugur Liszt Pálsson

Ásbúð 76,

lést á heimili sínu 22. mars sl. Hann verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 4. apríl kl. 13.00.

**Eyrún Magnúsdóttir**
**Eiður Ottó Guðlaugsson** **Berglind Jónsdóttir**
**Lilja Sigríður Guðlaugsdóttir**
**Ásthildur Björk Guðlaugsdóttir** **Auðun Jakob Pálsson**
**Bjarklind Aldís Guðlaugsdóttir** **Stefán Úlfarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Sveina María Sveinsdóttir

Sólvallagötu 18, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, föstudaginn 25. mars. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, þriðjudaginn 5. apríl klukkan 14.00. Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar og starfsfólks D-Deildar HSS fyrir hlýja og góða umönnun.

**Runólfur J. Sölvason**
**Linda María Runólfsdóttir** **Guðni Arason**
**Birgir Þór Runólfsson** **Guðlaug B. Matthíasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Bergljót Halldórsdóttir

áður til heimilis að Haðalandi 1,

lést 1. apríl á hjúkrunarheimili Hrafnistu Sléttuvegi.

**Halldór Leifsson**
**Grétar Leifsson** **Anna Linda Aðalgeirsdóttir**
**Trausti Leifsson** **Guðbjörg Jónsdóttir**
**Ísleifur Leifsson** **Gróa Ásgeirsdóttir**
**Lárus Leifsson** **Fríða Mathiesen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðurbróðir okkar og vinur,

## Otti Pétursson

Orrahólum 5, Reykjavík,

andaðist fimmtudaginn 24. mars á Hrafnistu Laugarási. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 4. apríl klukkan 11.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Miklatorgi fyrir frábæra umönnun og aðhlynningu.

**Guðrún Guðbjartsdóttir** **Guðjón Þ. Sigfússon**
**Kristinn H. Guðbjartsson** **Laufey Ó. Hilmarsdóttir**
**Álfheiður J. Guðbjartsdóttir** **Olaf Sveinsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær sonur okkar,

## Brynjar Logi Barkarson

lést 9. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð.

**Marta Karlsdóttir** **Börkur Ólafsson**



✝

Faðir minn, tengdafaðir, afi okkar og bróðir,

## Sigurður Jósef Björnsson

frá Hólum í Hjaltadal,

sem lést mánudaginn 21. mars, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 4. apríl kl. 13. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Ari Björn Sigurðsson** **Rebekka Stefánsdóttir**
**Ynja Mist Aradóttir, Óðinn Arason, Urður Aradóttir**
**Ragnar Björnsson, Björn Friðrik Björnsson, Gunnhildur Björnsdóttir**



✝

Elsku mamma mín, amma okkar og langamma,

## Sólveig Jónsdóttir

hjúkrunarfræðingur,

til heimilis að Birkimel 6 í Reykjavík, lést á Landakotsspítala föstudaginn 25. mars.

Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 8. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Örninn, minningar- og styrktarsjóð.

**Lilja Ósk Úlfarsdóttir, Benjamín Mark Stacey, Camilla Ann Stacey, Þórir Fannar Þórisson og barnabarnabörn.**



✝

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Sigríður Pétra Þorvaldsdóttir

Lindargötu 57, Reykjavík,

lést 15. mars sl. á Landspítalanum. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum hlýjar kveðjur og vinarhug.

**Katrín Guðjónsdóttir** **Teitur Gústafsson**
**Þorvaldur Sigurðsson** **Lára Kristín Traustadóttir**
**Gústaf Elí Teitsson**
**Katrín Dögg Teitsdóttir**
**Kristinn Páll Teitsson**
**Sigríður Lára Þorvaldsdóttir**
**Guðrún Margrét Þorvaldsdóttir**
**Guðmundur Trausti Þorvaldsson**
**Kristín Brynja Þorvaldsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

**Þórir Indriðason**

lést þann 26. mars.

**Þórdís Ása Þórisdóttir**
**Sigvaldi Elís Þórisson**
**börn, barnabörn og barnabarnabarn.**



Elskulegur sonur minn,
bróðir okkar, mágur og frændi,

**Davíð Örn Kjartansson**

Bláhömrum 2,

lést á krabbameinsdeild LSH
17. mars síðastliðinn. Útför fer fram
frá Vídalínskirkju 6. apríl kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjálparsveit skáta
í Kópavogi. Kt. 410271-0289, reikn.nr: 0322-26-000446.

**Emma Arnórsdóttir**
**Petra Björg Kjartansdóttir**
**Bjarni Þór Kjartansson Klara Karlsdóttir**
**Emma Ösp og Kjartan Karl**



Okkar ástkæri

**Trausti Hvannberg Ólafsson**

rafmagnsverkfræðingur,
Sturlu-Reykjum, Reykholtsdal,

lést af slysförum við Bröttubrekku
þriðjudaginn 29. mars.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni
föstudaginn 8. apríl klukkan 13.

**Elísabet Jóna Ingólfsdóttir**
**Nanna Kristjana Traustadóttir Ólafur S. Jóhannesson**
**Elís Traustason Edda Marín Einarsdóttir**
**Ragnheiður Traustadóttir Mikkel Kjær Regnér**
**Ragnheiður Salóme Kristjónsd.**
**Brynjólfur Þ. Brynjólfsson**
**Valdimar Páll Brynjólfsson**
**og barnabörn.**



Ástkær bróðir okkar,
móðurbróðir og mágur,

**Magnús Gerðarsson**

Rangárseli 16, 109 Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans
við Hringbraut, laugardaginn 19. mars sl.
eftir skammvinn veikindi.
Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju í Grafarholti,
þriðjudaginn 5. apríl kl. 13.00.

**Gyða Hrönn Gerðarsdóttir Hallur Helgason**
**Jónína Ingibjörg Gerðarsdóttir**
**Gunnhildur Snorradóttir**
**Lilja Bára Steinþórsdóttir Kristinn Gunnarsson**
**og aðrir aðstandendur.**



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Ester Úranía Friðþjófsdóttir**

frá Rifi,

lést á Hrafnistu mánudaginn 28. mars.
Útförin fer fram frá Ingjaldshólskirkju
í Snæfellsbæ laugardaginn 9. apríl kl. 14.

**Baldur Freyr Kristinsson Guðrún Elísabet Jensdóttir**
**Elvar Guðvin Kristinsson Þórdís Bergmundsdóttir**
**Dóra Sólrún Kristinsdóttir Guðbrandur Jónsson**
**Jóhann Rúnar Kristinsson Katrín Gísladóttir**
**Helena Sólbrá Kristinsdóttir Guðmundur Gunnarsson**
**Snædís Elísa Kristinsdóttir Andrés Helgi Hallgrímsson**
**Guðbjörg Huldís Kristinsd. Óskar Guðjónsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055 .



Kjartan Ólafsson tónskáld heima í Einarsnesinu þar sem slökunartónlistin varð til, með harmkvælum í fyrstu: „Ég endaði í algerri mótsögn við sjálfan mig.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Rannsakar framtíðarmúsík sem gæti leyst lyf af hólmi

Kjartan Ólafsson tónskáld varð að brjóta eigin tónsmíðareglur til að semja nógu hæga og afslappaða slökunartónlist, en í ljós kemur að hún hefur lækningamátt, að hans sögn.

ser@frettabladid.is

Það eru tímamót í lífi Kjartans Ólafssonar tónlistarmanns sem hvað kunnastur er fyrir sígilda lagið sitt La líf, en fyrir skömmu hóf hann að semja hugleiðslu- og heilunartónlist, eitthvað sem hann ætlaði sér aldrei að gera í lífinu.

En svona er þá la líf í rauninni. „Ég varð fyrir miklum þrýstingi frá konunni minni sem er á fullu í þessum andlegu málum eins og svo margir í dag, svo ég varð bara að svara kallinu. Og hana nú,“ segir raftónlistarmaðurinn kunni, sem lærði fræði sín í Hollandi um árið.

**Nokkrar atlögur**

En það gekk ekkert í fyrstu. Konan hafnaði hverri hugmyndinni af annarri. „Henni þótti efnið ekki vera nógu hugleiðslulegt,“ heldur Kjartan áfram og ekki er laust við að greina megi nokkra höfnunartilfinningu í þessum orðum tónskáldsins.

„Svo þetta voru nokkrar atlögur, vittu til, eða öllu heldur nokkuð margar atlögur,“ bætir hann við, en það kom þó að því að konan gaf honum grænt

> ” Og það er líka svo merkilegt að músíkin virðist virka mjög vel á börn sem eru með þroskafrávik og eru jafnvel á einhverfurófi.

ljós. „Þá hitti ég sumsé á réttu taugina,“ útskýrir þolinmóði eiginmaðurinn á heimili þeirra hjóna í Einarsnesi – og kveðst með öðrum orðum hafa komist að leyndarmálinu. „Mér tókst að lokum að semja laglínur sem voru nógu hægar og mjúkar, eða mér liggur við að segja afslappaðar.“

**Braut eigin reglur**

En þetta var tónskáldinu erfitt, raunar afar þungt, því fyrir vikið þurfti það að breyta öllum þeim reglum sem Kjartan Ólafsson tónsmíðakennari hefur kennt nemendum sínum í tónlistarskóla um langt árabil.

„Ég endaði í algerri mótsögn við sjálfan mig, ef svo má segja. Ég neyddist bókstaflega til að brjóta allar mínar helgu tónlistarreglur til að hægja nógu mikið á músíkinni. Og það tókst með semingi, skulum við segja,“ rifjar Kjartan upp, en vel að merkja, konan var ánægð, loksins ánægð – og það skiptir auðvitað máli á heimilinu í Einarsnesi.

„Á endanum var þetta svolítið eins og að semja á nýjaleik lagið La líf sem fólst einmitt í því að brjóta reglurnar,“ og Kjartan líkir þessu við að fara út í eyðimörkina, einn með sjálfum sér og uppgötva innri mann upp á nýtt.

**Læknandi músík**

Útkoman liggur fyrir á Spotify og hentar að sögn tónskáldsins – og konu þess, vel að merkja – alveg einstaklega vel til slökunar og jafnvel gott betur, djúpslökunar, en Kjartan notast við nýstárlega gervigreind við smíðarnar.

„Og viti menn,“ segir hugleiðslutónskáldið splunkunýja, „tónlistin hefur þegar vakið umtal og marga til umhugsunar. Og það er líka svo merkilegt að músíkin virðist virka mjög vel á börn sem eru með þroskafrávik og eru jafnvel á einhverfurófi.“

Þetta langar hann að rannsaka frekar – og er í því efni kominn í kompaní við Friðrik Karlsson, einn helsta frumherja landsmanna í slökunartónlist svo að hugmyndin upphaflega er heldur betur farin að vinda upp á sig.

„Ég geri mér vonir um að tónlist af þessu tagi geti í framtíðinni komið að einhverju leyti í stað lyflækninga,“ segir Kjartan Ólafsson. ■



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ingibergur Þór Kristinsson**

Vallargötu 21, Keflavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á
heimili sínu, fimmtudaginn 24. mars.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju,
fimmtudaginn 7. apríl klukkan 13.

**Guðrún Júlíusdóttir**
**Lárus Kristján Ingibergsson Amal El Idrissi**
**Kamilla Ingibergsdóttir**
**Ingi Þór Ingibergsson Anna Margrét Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín
og amma okkar,

**Sigrún Guðmundsdóttir**

Sléttuvegi 29, Reykjavík,

lést á Hrafnistu við Sléttuveg
þriðjudaginn 28. mars. Útför hennar fer
fram frá Seljakirkju 8. apríl klukkan 13.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu fyrir hlýja
og góða umönnun.

**Kristján Sigtryggsson**
**Aðalbjörg Skúladóttir Árni Kristinn Skúlason**
**Halldóra Þórdís Skúladóttir Kristján Pálmi Ásmundsson**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðni Garðarsson**

lést miðvikudaginn 23. mars.
Útförin fer fram frá Áskirkju
fimmtudaginn 7. apríl kl. 15.00.

**Garðar Guðnason Anna Jónsdóttir**
**Andri Guðnason**
**Bjartur Logi Guðnason Jóhanna Ósk Valsdóttir**
**Dögg Guðnadóttir Svavar Þór Einarsson**
**barnabörn og langafabörn.**



Kæri bróðir okkar,

**Kristján Karl Sigmundsson**

Suðurhólum 16,

sem lést mánudaginn 7. mars sl.
verður jarðsunginn frá Fella- og
Hólakirkju föstudaginn 8. apríl kl. 13.

**Freyja Helgadóttir Kjartan Tómasson**
**Heiður Helgadóttir**
**Drífa Helgadóttir Guðbrandur Kristvinsson**
**Erla Kristjánsdóttir**
**Ásgeir Ásgeirsson Ásta S. Halldórsdóttir**
**vinir og vandamenn.**

unicef | fyrir öll börn

# Heimsins mikilvægasta kvöld

## Kl. 19:45 á RÚV

Heimsforeldraátak UNICEF á Íslandi nær hámarki með söfnunar- og skemmtiþætti í beinni útsendingu á RÚV í kvöld. Fram koma Kanarí, Birgitta Haukdal, Páll Óskar, Jón Gnarr og Bassi Maraj ásamt landsliði hátt í hundrað skemmtikrafta. Einstök og fjölskylduvæn dagskrá sem skemmtir og kveikir von – kvöldstund sem þú mátt ekki missa af!

KVIKA LINDEX vodafone



## Krossgáta



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum birtist skemmtilegt fyrirbæri fyrir alla fjölskylduna (13)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „2. apríl “.

Lausnarorð síðustu viku var

**SKAGAFJÖRÐUR**



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

1 Grundvallaröryggi: Sekkur eins og togari? (13)
11 Dottum út frá vel hvíldum mannskap (8)
12 Birtu texta um birtingu texta (9)
13 Skrifleg skilaboð eru af og frá þótt skrifuð séu enn og aftur (7)
14 Vísa um dý er ekki dýr/dýs þó aur sé nægur (9)
15 Tíu sinnum tíu þættir um tíu ljós á hverjum þræði (6)
16 Tel mig hliðhollan Jötum þrátt fyrir belginginn og ofsann (7)
17 Krossa við höfnun til marks um höfnun? (9)
18 Kemst hálfpotturinn yfir landamærin? (6)
19 Skrúfu fylgir frægur skati (7)
22 Feður mæðra ýta á fræknar konur öðrum fremri (10)
27 Æ iðar óþekktur auðmaður er ákveðinn ávöxt ber á góma (6)
31 Þarf brauð alltaf að mæta eftirspurn? (5)
33 Máttleysislegar greinar um húskofana atarna (8)
34 Rek selmann vegna óreiðu og opinbers uppnáms (7)
35 Þurrkaðu nú af borðinu og taktu í lurginn á þessum sóða! (7)
36 Ræð vinnukonu til að gæta dætra minna (8)
37 Gott er að sötra þetta sem hraðast til að forðast rugl (5)
38 Hengi nýþvegnar ristilsbleiur á línurnar (9)
41 Róttæk verkalýðshetja kyndir byltingarbálið uns glóir stálið (9)
45 Svona brakandi suðuhljóð er eins og versta dóp (5)
48 Ákæra vegna viðurkenningar raddar (7)
51 Ætli svona gersemi taki eftir verðlaunum? (9)
52 Getur verið að þú hafir skoðað þetta áður? (6)
53 Byrjendur byggja meðal fokheldra húsa (7)
54 Stækka ræsi með öðru ræsi? (7)
55 Þessir sauðir skilja ekki sífellt ruglið í mér (6)
56 Sængin breiða ekkert geymir/ekkert fyllir hana (9)

### LÓÐRÉTT

1 Þarf að skoða betur froðu hinna skrýtnu skúfa (9)
2 Bleikir tittir stórra trjáa vitna um tign þeirra og reisn (9)
3 Blásarar með vott af þveng er þvengur snýr þeim áfram (9)
4 Ef bending er hending og hending er spil er þetta mín lending hér um bil (9)
5 Tvídd rekur tungu milli efri og neðri (9)
6 Sviptum önd nú öllum sínum eiginleikum (8)
7 Brún sem ryð er tóft sú tóm sem hér má sjá (8)
8 Þið reykið helst meðal eins dónalegra svola (9)
9 Kærkomin lausn er þessu bandi sleppir (9)
10 Bolabíturinn Tvistur! (9)
20 Flónska þeirra sem skilur groms frá öli eykur söun (7)
21 AA mótar sundrun hringtengdra kolvetna (7)
23 Ég hyggst sækja fræga menn sem fátt vita (7)
24 Upphófst nokkuð nöldur er þið byggðuð bæinn? (7)
25 Hressandi, að því gefnu að brugg sé í boði (7)
26 Mun verk Bachs setja blett á heimspekinginn landa hans? (7)
28 Óþarflega stór mæri við við enda vídda þriggja (7)
29 Þetta fag mun lifa og afrakstur þess líka (7)
30 Gaf amerískri stofnun grip sem óþekk trippi mega stundum þola (7)
32 Einhvern veginn unnu mat úr lífsins lystisemdum (7)
39 Finnst ég muni mar á vængnum tætta (7)
40 Svo hvein einn fýldur karl og beiskur (7)
41 Glaður finnur geggjað orð (6)
42 Hvað skal segja um hulið ljós? (6)
43 Fiskur mun trufla fylgju (6)
44 Sáttar gráta sundrungu (6)
46 Hleypur vart fyrr en hlánar (6)
47 Víst hef ég pressað líníð og lökin og líka silkið (6)
49 Kvalahljóð í gellum kallar á lyf (5)
50 Rifa klauf í sund (5)

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli





### VEGLEG VERÐLAUN




Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Vargar í véum eftir Hans Rosenfeldt** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Elín Sigurbjörg Jónsdóttir, Akureyri.**

Heimsferðir 30 ára 1992-2022

# 30 ára afmælisafsláttur!

## Mallorca



Flug & hótel frá **77.900**

Verð frá kr. **104.800**

**Lækkaðu ferðina um 30.000 kr. á mann með kóðanum "30ARA"**

**Sjá dæmi um verð með afslætti hér að neðan.**

Athugið: Afsláttur gildir í allar brottfarir til Mallorca sumarið 2022 sem bókaðar eru fyrir 10. apríl. TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ!

BÓKAÐU SÓL ALLUR PAKKINN – Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

### Palmanova ★★★★
Aquasol Aparthotel



10. júní í 7 nætur

**Frá kr. 77.900** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **104.800** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Alcudia ★★★
Ses Roquetes Apartmentos



17. júní í 7 nætur

**Frá kr. 93.950** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **130.900** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Alcudia ★★★
Sand Beach apartments



24. júní í 7 nætur

**Frá kr. 96.250** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **137.500** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Alcudia ★★★★
Eix Lagotel



1. júlí í 7 nætur

**Frá kr. 99.900** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **117.200** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Alcudia ★★★★
Palm Garden



15. júlí í 7 nætur

**Frá kr. 110.750** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **166.500** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Alcudia ★★★★
Prinsotel La Dorada



29. júlí í 7 nætur

**Frá kr. 125.625** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **190.250** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* heimsferdir.is

Heimsferðir – *fáðu meira út úr fríinu*

# Laugardagur

## Hringbraut

**18.30 Vísindin og við (e)** er ný þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknastarf innan Háskóla Íslands.
**19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
**19.30 Veiðin með Gunnari Bender** Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
**20.00 Bíóbærinn (e)** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
**20.30 Vísindin og við (e)**
**21.00 Undir yfirborðið (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**10.00 Endurfundir í náttúrunni**
**10.45 Gettu betur - Á bláþræði**
**11.50 Vikan með Gísla Marteini**
**12.45 Kastljós**
**13.00 Sue Perkins í Japan - Seinni hluti**
**13.50 Húsið okkar á Sikiley**
**14.20 Dagur í lífi þjóðar**
**15.15 Pangólín - Dýr í bráðri hættu**
**16.10 Í saumana á Shakespeare - Ríkharður þriðji - Sir Antony Sher**
**17.05 Hringfarinn - einn á hjóli í Afríku**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Allt um dýrin**
**18.25 SOS**
**18.42 Dansinn okkar** Stepp
**18.45 Hvað getum við gert?** Orkuskipti í heiminum.
**18.52 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Heimsins mikilvægasta kvöld. Söfnunar- og skemmtiþáttur UNICEF** Bein útsending frá söfnunar- og skemmtiþætti UNICEF, barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Í þættinum koma leikarar, grínistar, tónlistar- og fjölmiðlamenn saman og sýna hvernig heimsforeldrar UNICEF hjálpa börnum um allan heim.
**23.00 Bandaríska söngvakeppnin. American Song Contest**
**01.35 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**11.30 Dr. Phil**
**12.15 The Block**
**13.30 Burnley - Man. City** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.30 Spin City**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Liar, Liar** Grínmynd frá 1997 með Jim Carrey í aðalhlutverki. Fletcher Reede, er lipurmæltur lögmaður, og hikar ekki við að ljúga ef það hjálpar málinu.
**19.05 mixed-ish**
**19.30 Venjulegt fólk**
**20.00 The Boys Are Back**
**21.45 The Gift** er spennutryllir um hjónin Simon og Robyn sem í upphafi myndarinnar flytja inn í nýtt hús í nýju hverfi.
**23.35 Our Idiot Brother**
**01.05 The Sixth Sense** Spennutryllir frá 1999 með Bruce Willis í aðalhlutverki. Malcom Crowe er barnasálfræðingur sem fær verðlaun sama kvöld og hann fær heimsókn frá mjög óánægðum sjúklingi. Eftir þetta, þá tekur Crowe að sér að lækna ungan dreng með sama einkenni og þessi fyrrum sjúklingi. Þessi drengur sér látið fólk.
**02.50 21 Jump Street** Spennandi gamanmynd frá 2012.
**04.35 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.35 Impractical Jokers**
**12.05 Bold and the Beautiful**
**13.30 Bold and the Beautiful**
**13.50 Ultimate Veg Jamie**
**14.35 Bob's Burgers**
**15.00 The Goldbergs**
**15.20 Kviss**
**16.10 First Dates Hotel**
**17.00 Hvar er best að búa?**
**17.40 Fyrsta blikið**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**19.00 Top 20 Funniest**
**19.40 Garfield. A Tail of Two Kitties**
**21.00 Miss Peregrine's Home for Peculiar Children**
**23.05 Blinded by the Light**
**00.55 Hurricane**
**02.40 Hunter Street**
**03.05 Impractical Jokers**
**03.30 Ultimate Veg Jamie**
**04.15 Bob's Burgers**

# Sunnudagur

## Hringbraut

**18.30 Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum
**19.30 Útkall (e)** er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
**20.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**20.30 Mannamál (e)**
**21.00 Stjórnandinn með Jóni G.**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**10.00 Reikningur**
**10.15 Ferðastiklur** Austfirðir.
**11.00 Silfrið**
**12.10 Okkar á milli**
**12.45 Bikarúrslit í blaki** Bein útsending frá bikarúrslitum kvenna í blaki.
**15.00 Bikarúrslit í blaki** Bein útsending frá bikarúrslitum karla í blaki.
**17.30 Íþróttagreinin mín - Sleðar**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Stundin okkar**
**18.25 Menningarvikan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Söngkeppni framhaldsskólanna** Bein útsending frá Söngkeppni framhaldsskólanna 2022 sem haldin er í íþróttahúsinu á Húsavík.
**21.50 Hringfarinn - einn á hjóli í Afríku** Þriðja þáttaröðin um hringfarann Kristján Gíslason og ferðalög hans um heiminn á mótorhjóli. Upphaflega var stefnan sett á rólyndisferð eftir Balkanskaga en fyrr en varði var hringfarinn á leið til Afríku. Á ferðalaginu fékk hann að reyna allt frá borgarastríði til stórbrotinnar náttúru, kynntist einstökum ættbálkasamfélögum og komst í kynni við hættulegustu dýr heims.
**22.45 Eldflaugasumar. Summer of Rockets**
**23.40 Gómorra. Gomorrah**
**00.25 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**11.30 Dr. Phil**
**12.15 Dr. Phil**
**13.00 Dr. Phil**
**13.45 Dr. Phil**
**14.30 The Block**
**16.30 Spin City**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**18.40 Young Rock**
**19.10 Heil og sæl?**
**19.40 MakeUp**
**20.10 This Is Us**
**21.00 Law and Order. Special Victims Unit**
**21.50 Billions**
**22.50 Godfather of Harlem**
**23.50 Berlin Station**
**00.45 FBI. International**
**01.35 Blue Bloods**
**02.20 Mayans M.C.**
**03.20 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.35 Simpson-fjölskyldan**
**12.00 Nágrannar**
**13.25 Nágrannar**
**13.50 Famili Law**
**14.35 Grand Designs. Australia**
**15.25 DNA Family Secrets**
**16.25 Um land allt**
**16.55 Top 20 Funniest**
**17.40 60 Minutes**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Hvar er best að búa?** Halla flutti til Frakklands með frönskum eiginmanni og tveimur börnum. Þau skildu – en hún ákvað að búa áfram í ægifögru Ardeche héraði þar sem hún landaði draumastarfi á náttúruverndarsvæði.
**19.50 The Heart Guy**
**20.40 Shetland** Fimmta þáttaröð þessara vönduðu bresku sakamálaþátta frá BBC. Jimmy Perez og félagar fá á borð til sín afar snúin sakamál í samhelda samfélaginu í Hjaltlandseyjum.
**21.40 Grantchester**
**22.30 Leonardo**
**23.20 Tell Me Your Secrets**
**00.05 The Blacklist**
**00.45 Shameless** Tíunda þáttaröðin af þessum bráðskemmtilegu þáttum um Gallagher fjölskylduna.
**01.40 Are You Afraid of the Dark?**
**02.25 Simpson-fjölskyldan**
**02.45 Famili Law**
**03.30 DNA Family Secrets**

# Mánudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá
**19.00 Draugasögur** Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu að handan.
**19.30 Undir Yfirborðið**
**20.00 Vísindin og við** er ný þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknastarf innan Háskóla Íslands.
**20.30 Fréttavaktin (e)**
**21.00 Draugasögur (e)**



Steinunn Jakobsdóttir, kynningarstjóri UNICEF á Íslandi.

## Safnað fyrir bágstödd börn

Heimsins mikilvægasta kvöld er söfnunarþáttur UNICEF, sem sýndur er í beinni útsendingu á RÚV í kvöld klukkan 19.45. Þættinum er ætlað að vekja gleði og von og fjölga í hópi Heimsforeldra á Íslandi. Fjallað verður um stríðið í Úkraínu og neyðaraðgerðir UNICEF. Þá verður einnig fjallað um áhrif heimsfaraldursins á líf barna í Malaví, Síerra Leóne, Indónesíu, Bangladess, í Sýrlandi og Jemen.

Sigurlaug Margrét Jónasdóttir og Einar Örn Jónsson stýra kvöldinu í félagi við Björgu Magnúsdóttur og Guðmund Pálsson. Kvöldið verður opnað með endurgerð af smellinum Diskó friskó, þar sem Birgitta Haukdal og Daníel Ágúst leiða landslið poppsöngvara, en þar má finna Pál Óskar, Helgu Möller, Elísabetu Ormslev, Jón Jónsson, Friðrik Dór, Þórunni Antoníu, Óttarr Proppé, Gunnar Helgason, auk upprunalegu flytjenda lagsins Ellen Kristjánsdóttur og Stefán S. Stefánsson.

Kanarí-hópurinn sér um létt grín inni á milli, auk þess sem þjóðþekkt andlit koma fyrir í sketsunum. Þar á meðal eru Annie Mist og Jón Gnarr. ■






# Carrey lýgur og lýgur

## ■ Við tækið

Ef menn eru í ferlegasta fýlukasti heima í stofu og sjá ekki sólina sem fer hækkandi með hverjum deginum þá er ekki úr vegi að staldra við bíómyndina Liar, Liar með gamanleikaranum Jim Carrey frá 1997, já, það er aldarfjórðungur frá því ræman var frumsýnd, en hún er á dagskrá Sjónvarps Símans á laugardagskvöld.

Þetta er án efa einhver eftirminnilegasta kvikmynd háðfuglsins, sem er hvað frægastur fyrir að stela öllum senunum sem eru í boði í myndunum sem hann leikur í – og tilþrifin hafa á stundum verið meiri en svo að myndavélin hafi getað fangað þau.

Nema hvað.

Í þessari bíómynd leikstjórans Tom Shadyac leikur Carrey lög-



Carrey fór algjörlega á kostum í hlutverki sínu sem lögmaðurinn sem gat ekki logið fyrir sitt litla líf.

» Þetta er án efa einhver eftirminnilegasta kvikmynd háðfuglsins.

fræðing sem lýgur sig í gegnum hvert verkefnið af öðru og kemst upp með það, svo mjög að lífið leikur við hann, allt þar til að hann fær góðkynja sannleiksást og getur ekki logið lengur.

Þetta er bíó. ■



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
Hjólafesting
á bíl
frá 3.995
Viðgerðar-
kollur
9.995
Viðgerðarbretti
9.995
Jeppatjakkur
2.25T
19.999
Vélagálgi 2T
44.995
Hjólatjakkur
2T m/tösku
4.795
1.999
Álskóflur
9.985
Vélastandur 500kg
AirBrush
loftdæla
19.995
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
frá 795
Mikið úrval af
verkfæratöskum
Steðjar í
miklu úrvali
Mikið úrval af bensínbrúsum
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
4.995
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
15.995
Ranamyndavél
Bón og bílavörur
í miklu úrvali
Verðmæta-
skápar
frá 4.995
2xLED
kastari á
standi
9.999
Lyklabox
í miklu
úrvali
4.995
Verkfærasett
2.985
Barnaverkfærasett
Lím-
byssur
frá 995
Vasaljós og lugtir,
yfir 30 gerðir
13.995
Flísasög 80mm
Stigar og
tröppur í úrvali
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
Útskurðarsett
24.995
Súluborvél 350W
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13 mm
19.995
Metabo
KS216 bútsög
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:
Listverslun.is
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, laugardagur kl. 10-17, sunnudagur kl. 12-16







EV9-rafbíllinn mun líklega ekki breytast mikið frá tilraunaútgáfu sinni.

# Kia EV9 kemur til Íslands

**Kia hefur staðfest að framleiðsluútgáfa EV9-tilraunabílsins muni fara á sölu í Evrópu. Að sögn Þorgeirs R. Pálssonar, sölustjóra Kia, kemur EV9 einnig hingað til lands, væntanlega í lok næsta árs.**

njall@frettabladid.is

Bíllinn er enn í tilraunaútfærslu sinni en búast má við að bíllinn breytist ekki mikið frá framúrstefnulegri hönnun sinni. Hann er ekki líkur EV6 að sjá með hvössum línum og kassalaga framenda en hann mun þó samt vera með litla loftmótstöðu vegna hönnunar loftinntaka á framenda bílsins. Hvort sólarsellan á húddinu fái að halda sér á eftir að koma í ljós.

Bíllinn er stór og svipaður að stærð og Kia Telluride sem er á Ameríkumarkaði. Lengdin er 4.930 mm, hann er 2.055 mm breiður og hæðin er 1.790 mm. Þannig getur hann boðið upp á þriðju sætaröðina eins og systurbíllinn Hyundai Ioniq 7 sem er væntanlegur á svipuðum tíma. Þeir byggja báðir á E-GMP-undirvagninum svo að EV9 verður allavega með 77,4 kWst rafhlöðu eins og EV6 svo að drægið ætti að vera í kringum 500 km með þeirri rafhlöðu. Hvort stærri rafhlaða verði í boði hefur ekki verið gefið upp ennþá. ■


Hægt verður að nálgast 95 prósent upplýsinga með aðeins þremur aðgerðum frá skjánum.


Um nokkuð stóran bíl er að ræða en hann er 5.100 mm á lengd en aðeins 1.600 mm á hæð.

# Lotus kynnir sinn fyrsta jeppling

njall@frettabladid.is

Lotus-merkið hefur hingað til verið þekkt fyrir framleiðslu sportbíla og hefur undanfarið einbeitt sér að rafbílamarkaðinum. Þar er enginn maður með mönnum nema í boði sé jepplingur af stærri gerðinni.

Nýi bíllinn kallast Eletre og er með 800 volta rafkerfi og rafhlöðu sem er yfir 100 kWst þó að nákvæm stærð hennar hafi ekki verið gefin upp ennþá. Bíllinn verður með tveimur rafmótorum og er samtals 592 hestöfl svo að hann verður snöggur af stað, og búast má við að sneggsta útgáfa hans verði innan við þrjár sekúndur í hundraðið.

Lotus hefur notast við mikið af léttmálmum og koltrefjum við hönnun bílsins og byggt á þekkingu sinni við smíði sportbíla í þeim efnum.

Að sögn Lotus er drægi bílsins 600 km og hraðhleðsla að 350 kW möguleg svo hægt verður að hlaða 400 km á aðeins 20 mínútum. Að innan verða skjáir fyrir hliðarmyndavélar í stað hefðbundinna spegla og tveir aðrir skjáir verða í innréttingunni. Fyrir framan ökumann verður 30 mm þunnur upplýsingaskjár en fyrir miðju 15 tommu margmiðlunarskjár. Tækni bílsins kemur frá Geely sem er eigandi Lotus-merksins. ■

**»**

**Bíllinn verður með tveimur rafmótorum og er samtals 592 hestöfl.**

# Mercedes-Benz T-lína á mynd

njall@frettabladid.is

Frumsýning nýrrar T-línu frá Mercedes-Benz verður í lok apríl og í tilefni þess hefur framleiðandinn sent frá sér myndir af framenda bílsins, svona til að minna á hann. Um svipaðan bíl og VW Caddy er að ræða sem leysa mun af hólmi Citan Tourer-útgáfuna. Bíllinn er hugsaður fyrir fólk sem þarf fjölhæfan bíl með góða flutningsgetu og verður með rennihurðum á hliðum.

Bíllinn kemur á sama undirvagni og Renault Kangoo enda er bíllinn afurð samstarfs við Renault og Nissan, og fær hann því bæði bensín- og dísilvélar frá þeim. Um er að ræða 1,5 lítra dísilvél eins og í síðustu kynslóð Qashqai og 1,3 lítra bensínvél eins og í nýjum Qashqai. Sérstök rafdrifin útgáfa er á prjónunum sem heita mun EQT en kemur ekki fyrr en á næsta ári. ■


T-línan verður bíll fyrir fólk með fjölbreyttan lífsstíl.




ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



Sigurður Flosason er gestur á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Verk af ýmsum toga flutt í Hörpu

kolbrunb@frettabladid.is

Á tónleikum í Norðurljósasal Hörpu á morgun, sunnudaginn 3. apríl klukkan 16.00, má heyra kammerverk af ýmsum toga, flest samin á síðustu fimmtíu árum. Eitt verkanna hefur aldrei heyrst áður, sum verða flutt í fyrsta sinn hér á landi og önnur í nýjum búningi.

Tónleikarnir verða án hlés og standa í um það bil eina klukkustund.

» **Eitt verkanna hefur aldrei heyrst áður, sum verða flutt í fyrsta sinn hér á landi.**

Á efnisskránni verða Russian Rag eftir Elenu Kats-Chernin, fjögur lög úr Children's Songs eftir Chick Corea, sönglög eftir Jóhann G. Jóhannsson við ljóð Halldórs Laxness og Þórarins Eldjárns, Þrjú stykki fyrir strengjakvartett eftir Igor Stravinsky, Stefnumót eftir Jóhann G. Jóhannsson (frumflutningur) og Stef úr Fellini-myndum – kvikmyndatónlist eftir Nino Rota.

Flytjendur eru Bryndís Pálsdóttir og Hildigunnur Halldórsdóttir (fiðlur), Herdís Anna Jónsdóttir (víóla), Sigurður Halldórsson (selló) og Steef van Oosterhout (marimba).

Sérstakir gestir eru Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) sópran og Sigurður Flosason saxófónleikari. ■



Þátttaka í smiðjunni er ókeypis og efniviður er á staðnum. MYND/AÐSEND

## Vatnslitasmiðja fyrir börn

kolbrunb@frettabladid.is

Ljósbrot í hafinu er yfirskrift vatnslitasmiðju sem fram fer í Sjóminjasafninu í Reykjavík sunnudaginn 3. apríl kl. 14-15. Smiðjan er ætluð börnum og fjölskyldum þeirra. Í lok smiðjunnar taka börnin síðan listaverkin með sér heim. Þátttaka er ókeypis og allur efniviður er á staðnum. Myndlistarkonan Andrea Ágústa Aðalsteinsdóttir sér um smiðjuna. ■



Aldís og Ágústa með grímur sem leikarar nota í sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sjónrænt og ljóðrænt verk

Skýjasmiðjan setti árið 2013 á svið grímuleikinn Hjartaspaða en sú sýning var fyrsta heilgrímusýningin á íslensku leiksviði. Nú sýnir hópurinn nýjan sjónleik, Hetju!

kolbrunb@frettabladid.is

Verkið, sem frumsýnt er í dag, laugardaginn 2. apríl, er samið af hópnum. Ágústa Skúladóttir er leikstjóri og leikarar eru Aldís Davíðsdóttir, Ellen Margrét Bæhrenz, Fjölnir Gíslason, Orri Huginn Ágústsson og Stefán Benedikt Vilhelmsson.

„Við erum að vinna með heilgrímuformið sem er sérstök áskorun því þá er öll sagan sögð án orða og allt byggist á líkamsbeitingunni," segir Ágústa Skúladóttir.

Spurð hvaða sögu sé verið að segja í verkinu segir hún: „Hjartaspaðar gerðist á dvalarheimili aldraðra, stað þar sem enginn vill enda ævi sína. Þar kynntust þrjár persónur og mynduðu vinabönd. Nú erum við að segja litla einfalda sögu sem gerist inni á spítala þar sem starfsfólk og sjúklingar bindast böndum. Þetta er líka staður sem enginn vill vera á en byggist samt á umhyggju og umönnun allan sólarhringinn og allan ársins hring."



Öll sagan er sögð án orða. MYND/AÐSEND

**Að tjá með hjartanu**

Aldís Davíðsdóttir fer með tvö hlutverk í verkinu, leikur langveikt barn og yfirhjúkrunarfræðing og gerir auk þess grímur, búninga og leikmynd. Hún segir frábært að leika án orða. „Það er gríðarlega skemmtilegt og gefur manni tækifæri til að tjá svo margt með hjartanu og flytja átakalaust til áhorfenda."

„Það sem er svo spennandi við þetta form er að það er aðgengilegt öllum og skilst hvar sem er í heiminum. Þess vegna höfum við í þessum tveimur verkum, Hjartaspöðum og Hetju! valið að lýsa aðstæðum sem eiga við hvar sem er í heiminum, eins og á spítala og dvalarheimili. Upplifunin byggir á hinu sjónræna og tónlistarupplifuninni," segir Ágústa, en tónlistin í verkinu er eftir Eggert Hilmarsson og Sigurjón Sigurðsson.

” **Þessi heimur er nokkuð óræður og einkennist af tímaleysi en er samt svo skyldur okkar heimi.**

Aldís

**Óræður heimur**

Aldís er spurð hvernig heim hún sé að leitast við að skapa með grímunum, búningunum og í leikmyndinni. „Þessi heimur er nokkuð óræður og einkennist af tímaleysi en er samt svo skyldur okkar heimi," segir hún.

Hver er hetjan í verkinu? spyr blaðamaður. „Starfsmennirnir, verkið er óður til þeirra sem eru á þessum vöktum á sjúkrahúsum og í þessum aðstæðum," segir Ágústa. „Á sjúkrahúsum skapast ótrúlegar tengingar, þar ríkir manngæska og vinátta myndast milli sjúklinga og starfsfólks. Þessu lýsum við í sjónrænu og ljóðrænu verki þar sem einfaldleikinn ræður ríkjum." ■

# Afmælisfögnuður Voces Thules

kolbrunb@frettabladid.is

Næstkomandi þriðjudag 5. apríl kl. 19.30 brestur á með söng, hljóðfæraleik og dansi í tilefni 30 ára afmælis Voces Thules.

Á tónleikunum flytja þeir gamlar og góðar perlur úr eigin ranni en frumflytja jafnframt tvö verk sem samin eru sérstaklega fyrir Voces Thules. Verkin eru Gekk ég í gljúfrið dökkva, eftir Arngerði Maríu Árnadóttur og Agnus Dei, eftir Svein Lúðvík Björnsson. Í lok tónleikanna bjóða þeir upp á óvissuferð í land Söngdansanna.

Voces Thules skipa þeir Einar Jóhannesson, Eiríkur Hreinn Helgason, Eggert Pálsson, Eyjólfur Eyjólfsson, Pétur Húni Björnsson og Sigurður Halldórsson.

» **Sérstakir gestir Voces Thules á tónleikunum verða Sverrir Guðjónsson og Guðlaugur Viktorsson.**

Sérstakir gestir Voces Thules á tónleikunum verða Sverrir Guðjónsson og Guðlaugur Viktorsson. Steef van Oosterhout slagverksleikari heldur uppi stuðinu í nokkrum lögum og dansnúmerunum og til stuðnings verða Atli Freyr Hjaltason og Elízabeth Katrín Mason. ■



Voces Thules fagnar stórafmæli. MYND/AÐSEND




30%



**LISSABON** hornsófi með tungu. B137xD363xL257cm.
319.900 kr. **Nú 219.900 kr.**

20%



**DC8900** 3ja sæta sófi. B86xH80xL224cm. 299.900 kr. **Nú 239.920 kr.**

30%



**SCOTT** hornsófi með tungu og opnum enda. B207xH78xL352cm.
429.900 kr. **Nú 299.900 kr.**

30%



**TORONTO** 3ja sæta sófi. B94xH67xL230cm. 219.900 kr. **Nú 153.930 kr.**

20%



**VOLANTI** tungusófi. B238xH73xL325cm. 599.900 kr. **Nú 479.920 kr.**

30%



**RIA** 3ja sæta sófi. B83xH79xL192cm. 129.900 kr. **Nú 90.930 kr.**

**ILVA Garðabæ**, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

**ILVA Akureyri** Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

**FACEBOOK**.COM/ILVAISLAND
**INSTAGRAM** .COM/ILVAISLAND

# Hvert partípinnar landsins fara að faraldri loknum

ninarichter@frettabladid.is

Á dögunum sköpuðust heitar umræður á samfélagsmiðlum um hvernig ætti að velja skemmtistaði í miðbænum fyrir góða kvöldstund. Þó nokkrir sögðust hafa misst algjörlega af lestinni eftir heimsfaraldur, og höfðu ekki hugmynd um hvaða staðir stæðu til boða. Blaðamaður teiknaði upp nokkrar erkitýpur og leitaði næst á náðir tveggja grínista, en fáar stéttir eru færari í að greina manntegundir og háttalag fólks. Villi Netó og Vigdís Hafliðadóttir leitast hér við að leiðbeina lesendum.




Vigdís Hafliðadóttir

Villi Neto

**Derhúfan, afslappaða týpan sem á hvorki jakkaföt né sparikjól.**
„Ég myndi segja Húrra (1), eða Bravo (2) jafnvel, ef þú ert mega kasjúal þá kannski Drunk Rabbit (3).“ -Villi

„Þessi á að fá sér góðan bjór á Brewdog (4). Ef viðkomandi er minna „derhúfa“ og meira „hárið út í loftið“ er Ölstofan (5) kannski málið. Þar er öllum fullkomlega sama um hvernig þú ert eða lítur út. Bara hægt að spjalla og hafa það næs“. – Vigdís

**Anorakkurinn, nýkominn niður af Esjunni.**
„Skuggabaldur? (12) Ég held það, kannski Spánski (13) líka.“ – Villi

„Veður? (18) Af því að það er kómískt.“ – Vigdís

**Hárblásarinn, nýkominn úr Hörpu og fer sjaldan á lífið.**
„Myndi segja Skuggabaldur (12) bara því mér finnst svo gaman hvað margar mismunandi týpur af fólki blandast þar, algjört Tutti Frutti. Annars myndi ég kannski líka segja Kaldi (25) og Veður (18).“ – Villi

„Mögulega gæti þessari týpu liðið vel á einhverjum hótelbar, svona eins og að vera í stórborg. Þá gæti Héðinn (17) verið rétt orka.“ – Vigdís

**Spray-tanið, fólkið sem er duglegt á Instagram.**
„Auto (6), eða ef þú átt kort á Bankastræti Club (7) þá ferðu þangað.“ – Villi

„Bankastræti Club (7) og Petersen svítan (8): Góð myndatækifæri og þar hitta þau eflaust „réttа“ fólkið.“ – Vigdís

**Ullarpeysan, listaspíran sem mætir með bók.**
„Húrra (1), fyrripartinn eða Loft (19). Líka Prikið fyrir kl. 18.“ – Villi

„Röntgen (20), 12 tónar (21), Kaffibarinn – í röð eftir aldri og snyrtileika listaspírunnar. Aðeins meiri kyrrð snemma kvölds og svo byrjar týpuálagið upp úr kl. 21 ef fólk vill vera með í svoleiðis. Svo eru kaffihús eins og Kaffibrennslan (22) og Rósenberg (23) sem gætu hentað introvertunum, eða Lúna Flórens (24) á Granda.“ – Vigdís

**Sólgleraugun, atvinnupartýpinni sem veit hvar klósettin eru alls staðar.**
„Prikið (14) og Kaffibarinn (15), allir þessir sígildu staðir sem er ekki búið að taka niður fyrir hótel. Myndi jafnvel setja Lemmy (16) á þennan lista, enda er hann með geggjaða stemningu sem fólk sem hefur reynslu af djamminu þekkir.“ – Villi

„Það þarf varla að segja þessum hvert hann á að fara. Prikið (14) kannski svona heimabarinn, annars bara þar sem er lengst röð en hægt að blikka dyraverðina.“ – Vigdís




NÝTT!

NÝJAR ÍBÚÐIR

# MARÍUGATA 13-15

URRIÐAHOLTI - GARÐABÆ



- 3ja til 5 herbergja íbúðir
- Verð frá 64,9 millj.
- Stærðir frá 89,7 fm til 192,0 fm
- Margar útsýnisíbúðir
- Bílskúr með nokkrum íbúðum
- ÞG Verk traustur byggingaraðili



## NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

**Bókaðu** einkaskoðun
**Sýnum** samdægurs

**Heimir**
Lögg. fasteignasali
**849 0672**
heimir@fastlind.is

**Hrafnkell**
Lögg. fasteignasali
**690 8236**
hrafnkell@fastlind.is

**Sævar**
Í námi til löggildingar
**844 1965**
saevar@fastlind.is

**Gunnar**
Lögg. fasteignasali
**776 3848**
gunnarvil@fastlind.is

**Auður**
Lögg. fasteignasali
**848 2666**
audur@fastlind.is

**Dagrún**
Í námi til löggildingar
**866 1763**
dagrun@fastlind.is

**Elvar**
Í námi til löggildingar
**659 6606**
elvar@fastlind.is

**Hrafn**
Lögg. fasteignasali
**845 9888**
hrafn@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Allir kaupendur og seljendur fá
**Vildarkort Lindar**
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum

VILDARKORT LIND FASTEIGNASALA

**Húsgagnahöllin:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z-brautir & gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

birta
landssamtök

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ FYRIR SKYNDILEGUM BARNSMISSI?

Birta landssamtök foreldra/forráðamanna sem misst hafa barn/ungmenni skyndilega, standa fyrir fyrirlestri **þriðjudaginn 5. apríl n.k. þegar**
**sr. Vigfús Bjarni Albertsson**
**mun heimsækja okkur í Grafarvogskirkju kl. 20:00.**

Boðið verður upp á kaffi og léttar veitingar.

Ókeypis er á erindið og allir velkomnir.

***Stjórn Birtu.***
***www.birtalandssamtok.is***

Landssöfnun Lions
Rauða fjöðrin 31. mars - 3. apríl
Til styrktar leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins



Hringdu núna!

Söfnunarsímar:
908-1101 fyrir 1000 kr.
908-1103 fyrir 3000 kr.
908-1105 fyrir 5000 kr.



BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

# Aflitaður á fermingunni til að líkjast Limahl

Útvarpsmaðurinn góðkunni Þórður Helgi Þórðarson, eða Doddi, fagnaði 39 ára fermingarafmæli á dögunum með myndbirtingu frá árinu 1983. Þar má sjá hann hárprúðan með heimalagaða hárgreiðslu sem Doddi segir hafa verið tilraun til að líkja eftir stíl tónlistarmannsins Limahl.

ninarichter@frettabladid.is



Útvarpsmaðurinn Þórður Helgi Þórðarson eða Doddi, á fermingardaginn 1983. MYND/AÐSEND

„Ég er þarna búinn að ákveða að hætta að vera Drumbur,“ segir Doddi, aðspurður um fermingardaginn. „Ég var ekkert voðalega vel til hafður og ákvað að breyta um stíl og vera töff,“ segir hann. „Þetta er áður en það þekkist að karlmenn liti á sér höfuðið. Ég og vinur minn aflýstum sjálfir á okkur hluta hárs. Við vorum ekki góðir í því fagi,“ segir Doddi glettinn.

**Aflitaði skellur á vin sinn**

Doddi segist hafa fengið ljósbaug í hárið. „Hann gerði svona baug á mig og ég setti skellur á hann og hélt að það væru strípur.“ Hann segir myndina þó fela ástandið nokkuð vel.

Doddi klæddist gráum jakkafötum við tilefnið, sem amma hans hafði keypt handa honum. „Hún splæsti í glæsileg grá jakkaföt og vesti, eitthvað sem ég hafði aldrei farið í áður,“ segir Doddi. „Og rautt leðurbindi. Ég er viss um að þarna hafi verið rauðir skór líka,“ segir hann og hlær.



Þórður Helgi Þórðarson

**Limahl býttað af brjálsemi**

Doddi segist hafa fengið áhuga á tónlist um þetta leyti, en segist hafa verið gríðarlega hrifinn af Depeche Mode, Kajagoogoo og Limahl. „Þarna uppgötvaði ég að tónlistin væri málið. Ég held líka að ég sé sá eini á landinu sem á þrjár plötur með Kajagoogoo!“

Hann segir hárgreiðsluna hafa verið tilraun til að ná Limahl greiðslunni. „Limahl var það sem allar konur þráðu, en hann átti samt bara tvö vinsæl lög. Þetta var á þeim tíma þegar maður safnaði Bravo-plakötum og fólk býttaði Limahl-myndum eins og brjálæðingar,“ segir Doddi. „Hann var ekki merkilegur söngvari og alveg vonlaus tónlistarmaður.“

**Vindlingar í glösum**

Hvað minningar úr fermingarveislunni varðar, segir Doddi: „Þetta var heima hjá ömmu og afa, ég bjó þar sjálfur.“

Hann minnist vindlinga í glösum og hugsanlega hafi verið áfengi í boðinu, eins og tíðkaðist á þeim tíma. „Ef ég man rétt þá voru að minnsta kosti vindlingar í glösum, hvort að það hafi verið áfengi þori ég ekki að fara með. Það var ekkert fyllerí, en mig minnir að það hafi verið standardinn þarna.“

**Fimm Biblíur og þrjú þúsund krónur**

Doddi segir hafa sviðið mest að hafa ekki fengið jafn mikinn pening og jafnaldrar hans. „Ég held að ég hafi fengið fimm Biblíur og sjö Passíusálma og heilar þrjú þúsund krónur. Allir vinir mínir fengu að minnsta kosti hundrað þúsund. Og ég fékk tvær utanlandsferðir og engan gjaldeyri. Það voru samt engar „fancy“ utanlandsferðir, heldur fór ég með Hvassafelli til Danmerkur, og til Ítalíu með ömmu sem var að skúra.“ Þannig átti Doddi ekki gjaldeyri til að kaupa plötur, sem hann segir hafa verið aðaltilganginn með ferðum sem þessum.

„Ég man samt að uppáhaldsgjöfin mín var frá Krumma frænda, hann gaf mér upphitunargallann sem A-lið Njarðvíkur æfði í. Þeir voru Íslandsmeistarar og voru hetjurnar mínar,“ segir Doddi. „Það þekktist ekkert þá að eiga æfingabúning. En ég var geggjað töff, með þetta hár í gallanum.“ ■

# Eldgos, kóf og kosningar á uppskeruhátíð blaðaljósmyndara

ninarichter@frettabladid.is

Árleg ljósmyndasýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands verður opnuð í dag og við sama tækifæri eru verðlaun afhent í sjö flokkum og ljósmynd ársins valin.

Í ár voru 789 myndir sendar inn og þar af 102 valdar á sýninguna sem haldin er í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Fyrsta sýningin var árið 1980.

Að sögn Kristins Magnússonar, formanns Blaðaljósmyndarafélags Íslands, eru þrjú meginstef í innsendingum ársins. „Þetta er rosa misjafnt, en þetta var ár eldgossins, Covid og kosninga,“ segir hann. „Svo blandast þetta íþróttaviðburðum, myndum af daglegu lífi og þarna er líka fullt af frábærum portrett myndum. Verðlaun eru veitt í sjö mismunandi flokkum. Þar á meðal er tímaritaflokkur sem er með uppstilltum og stíliseruðum myndum, til dæmis, þannig að sýningin er þar af leiðandi mjög fjölbreytt og ætti að höfða til sem flestra.“



Kvöldvakt á tveimur Covid19-deildum Landspítala Fossvogi, heitir vinningsmynd síðasta árs. MYND/ÞORKELL ÞORKELLSSON.

Dómnefndin starfar sjálfstætt og er skipuð af stjórn Blaðaljósmyndarafélagsins. Meðlimir dómnefndar þetta árið voru Aldís Pálsdóttir, Árni Torfason, Sigríður Elva og Pétur Sigurðsson, ljósmyndarar. Þá eru einnig Gísli Helgason frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Hrund Þórsdóttir fréttastjóri.

Í dómnefnd situr erlendur yfirdómari á hverju ári. Að þessu sinni er þar David Guttenfelder ljósmyndari. Guttenfelder hefur að sögn Kristins unnið 8 sinnum til World Press Photo-verðlaunanna. „Hann er margverðlaunaður ljósmyndari og hefur verið mikið í Norður-Kóreu. Hann átti þátt í að stofna fyrstu vestrænu fréttastofuna þar,“ segir Kristinn. Guttenfelder heimsótti landið í febrúar þegar dómnefndin lauk störfum.

Blaðamannafélagið gefur sigurvegurum peningaverðlaun. „Þá eru verðlaun veitt fyrir bestu myndina, sem eru stærstu verðlaunin. Í fyrra var besta myndin ljósmynd Þorkels Þorkelssonar, sem var með ljósmynd frá Landspítalanum, portrettmynd af hjúkrunarfræðingi,“ segir Kristinn.

Sýningin verður opnuð kl. 15 í dag og stendur til 29. maí. Borgarstjóri Reykjavíkur verður viðstaddur opnunina og allir eru velkomnir. ■




# LINSUR Í ÁSKRIFT
# HJÁ LYFJU

**10% afsláttur af linsum í áskrift**

Einfaldaðu lífið og fáðu linsurnar heimsendar
eða sæktu þær í næstu verslun Lyfju.

Hugaðu að augnheilsunni. Hjá okkur færð þú fjölbreytta
fræðslu, ráðgjöf, bætiefni, augnvörur, gleraugu og linsur.

**Pantaðu linsur í áskrift.**
Allar frekari upplýsingar
á lyfja.is/linsur

Sjáumst í Lyfju

LYFJA

# Eitt gull og tvö silfur

## Frétt vikunnar

Einar Bárðarson

arnartomas@frettabladid.is

Það sem situr þyngst á manni eftir vikuna eru þessar erfiðu lýsingar kvennanna sem stigið hafa fram og sagt sögur sínar af heilbrigðiskerfinu. Kerfið stendur vörð um sjálft sig í stað þess að mæta þessum erfiðu málum af meiri auðmýkt. En af öðrum og ögn léttari málum þá fannst mér mjög gaman að fylgjast með Íslensku tónlistarverðlaununum. Um skeið var ég framkvæmdastjóri þeirra og þetta er sannarlega hápunktur í íslensku tónlistarlífi.

Það var líka áhugavert að fylgjast með gagnrýni Bubba á þau. Því í sjálfu sér eru tónlistarverðlaunin ein risastór gagnrýni. Það sem dómnefnd þykir best er verðlaunað og annað ekki. Þannig geta tónlistarverðlaunin ekki verið yfir gagnrýni hafin sjálf og eðlilegt að hlutverk þeirra sé til umræðu. Ef þau væru ekki rædd og ef fólk hefði ekki misjafnar skoðanir á þeim þá myndi það þýða að þau skipti engu máli og það gera þau svo sannarlega.

En svo fannst mér bestu fréttir vikunnar frábær árangur íslensks matreiðslufólks á Norðurlandamótinu í matreiðslu í Danmörku í vikunni. Eitt gull og tvö silfur, þannig að allir íslensku keppendurnir toppuðu. ■

> Í sjálfu sér eru tónlistarverðlaunin ein risastór gagnrýni.



Einar Bárðarson.




# Bert á milli og brjáluð augnförðun

ninarichter@frettabladid.is

Leikkonan og fyrirsætan Julia Fox skaust rækilega upp á stjörnuhimininn í byrjun árs þegar hún átti í skammlífu sambandi við rapparann Kanye West. Hún er einnig þekkt fyrir leik í kvikmyndinni Uncut Gems frá 2019, og var í kjölfarið tilnefnd til Gotham-kvikmyndaverðlaunanna og Breakthrough Actor-verðlaunanna einnig. Julia Fox er þekkt fyrir óvenjulegan og ögrandi fatastíl og áberandi augnförðun sem einkennist af þykkum svörtum augnskugga. Hún tekur „bert á milli“-tískunni fagnandi eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.









Ljósmyndarar fylgja Fox við hvert fótmál og hún bregst ekki aðdáendum sínum hvað stílinn varðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Sænsku poppgoðin hyllt í Hörpu

arnartomas@frettabladid.is

Sænsku poppgoðsagnirnar í Abba fagna fimmtugasta starfsári sínu í ár. Tímamótunum verður fagnað með sérstakri afmælistónleikasýningu í Hörpu í kvöld þar sem öllu verður tjaldað til.

„Við ætlum að flytja fullt af lögum af þessum fimmtíu ára gamla katalóg,“ segir Selma Björns sem stígur á svið í Eldborgarsalnum í kvöld. „Það var erfitt að velja en við flytjum einhver tuttugu og þrjú lög og mögulega einhver af nýju plötunni sem kom út í fyrra.“

Ásamt Selmu koma fram söngkonurnar Jóhanna Guðrún, Stefanía Svavarsdóttir og Regína Ósk ásamt hljómsveit undir stjórn Jóns Ólafssonar. Abba-tónleikarnir hafa verið fluttir nokkrum sinnum frá árinu 2012 en var ítrekað frestað í faraldrinum. Selma segir að tónleikarnir í kvöld verði sérstaklega veglegir í tilefni afmælisins enda hafa Abba snert við mörgum í gegnum árin.

„Ég man eftir því að ég var bara lítil stelpa inni í stofu og mamma elskaði Abba,“ segir hún. „Ég var bara pínu pons þegar ég var að dansa við Waterloo og Dancing Queen.“

Velgengni Mamma Mia! á sviði og á hvíta tjaldinu segir Selma sýna fram á hversu víðtækar vinsældir sveitarinnar séu. „Abba virðist höfða til þriggja ára og upp í hundrað og þrettán ára,“ segir hún og hlær.

Miðasala fer fram á heimasíðu Hörpu. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

ICELANDAIR




## Það er gott að hlakka til

Hressandi skíðavetur er að líða undir lok – nú er hárrétti tíminn til að huga að næstu skíðaferð. Jafnast eitthvað á við austurrísku Alpana í allri sinni dýrð? Njóttu lífsins í brekkunni yfir hátíðarnar eða kynntu þér söguslóðir hins heilaga Jakobs. Það er jólalegt.

Finndu þína draumaferð til Salzburg frá 21. desember.




# Nú er tíminn

## BOSCH HEKKKLIPPUR

Léttar og meðfærilegar. Fullkomnar til að klippa lítil limgerði. 420 W mótor sem tryggir öflugan, hraðan og hreinan skurð. Blaðlengd er 45cm og 16mm er á milli tanna. Hlíf fylgir með vélinni.

Vnr. 74890146
**14.995**
BOSCH

BYKO LEIGA
**Þú færð öll tækin og tólin í garðvinnuna hjá okkur og svo er líka alltaf hægt að leigja!**

## RYOBI MOSATÆTARI

Mosatætari 35cm 18V+18V Fusion ONE+. Drifinn áfram a (2x) 18V Lithium+ rafhöðum. Kolalaus mótor. Fjórar dýptarstillingar. Samanbrjótalnlegur. Rafhlaða og hleðslutæki fylgja ekki.

Vnr. 7133004548
**82.995**
RYOBI






## EINHELL HEKKSNYRTIR

Þægilegur hekksnyrtir sem er hluti af Power X-Change fjölskyldunni - þar sem ein rafhlaða passar í öll tæki. Rafhlaða og hleðslutæki fylgja ekki.

Vnr. 74828012
**10.495**
Einhell

## RYOBI MOSATÆTARI

18V kantskeri sem tryggir beinar línur í garðinum. Handfangið er stillanlegt og þægilegt til notkunar í lengri tíma. 22cm blað. Fjórar hæðar stillingar sem auka dýptarstjórnun. Skvettvörn er á blaðinu ásamt hjóli sem auðveldar stýringu. Rafhlaða og hleðslutæki fylgja ekki.

Vnr. 7133004548
**82.995**
RYOBI






## EINHELL HEKKKLIPPUR

Léttar og þægilegar rafmagnsklippur sem vega aðeins 2,5kg. Til þess að gæta að öryggi er vélin búin öryggishnappi og hlífum.

Vnr. 74830003
**12.995**
Einhell

Skannaðu kóðann
og sjáðu allt úrvalið á byko.is

## MCCULLOCH KEÐJUSÖG

Mjög kraftmikil keðjusög sem hentar fyrir erfiðustu verkefnin. OxyPower mótorinn er kraftmikill og eyðir minna eldsneyti. Mjúkstart, bensíndæla og bensíngluggi sem sýnir hver staðan er á tanknum. Hægt að herða á keðjunni án verkfæra.

Vnr. 53322827
**46.995**
McCULLOCH




**Verslaðu á netinu** byko.is






## BROIL KING GEM 310

Þrír brennarar úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni og grillkerfi með ryðfríu Flav-R-Wave™ grillkerfi. Rafstýrður Sure-Lite™-kveikibúnaður og felliborð á hliðum.

Kílóvött 6,8 | Brennarar 3

Vnr. 50657519
**39.916**
Almennt verð: 49.895
Þú sparar: 9.979

Skannaðu kóðann
og sjáðu allt úrvalið á byko.is

## BROIL KING ROYAL

Þriggja brennara grill frá Broil King með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum, og postulínshúðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við. Í lokinu á grillinu er innbyggður hitamælir og hliðarhillur sem hægt er að leggja niður.

-36%
Vnr. 50657513
**55.595**
Almennt verð: 85.595
Þú sparar: 30.000



Kílóvött 8,8 | Brennarar 3

## BROIL KING SIGNET 320

Gasgrill með þremur brennurum úr ryðfríu stáli, postulínshúðaðar grillgrindur og grillkerfi með ryðfríum Flav-R-Wave™ bragðburstum og fellanlegum hliðarborðum.

-20%
Vnr. 50657506
**105.276**
Almennt verð: 131.595
Þú sparar: 26.319



Kílóvött 11,4 | Brennarar 3

## BROIL KING MONARCH

Þriggja brennara grill frá Broil King með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum, og postulínshúðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við. Það er innbyggður hitamælir á grillinu og hliðarhillur sem hægt er að setja niður.

-20%
Vnr. 50657511
**71.988**
Almennt verð: 89.985
Þú sparar: 17.997



Kílóvött 8,8 | Brennarar 3

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is




## Bakþankar



Lindu
Blöndal

# Svínað á sálartetrið

Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Þessi orð Einars Ben. eiga ekki við í umferðinni. Ekki það að maður sé beinlínis vondur þar við fólk, heldur brjótast fram mestu og verstu brestir manns nánast daglega á leið heim í umferðaröngþveiti.

Ein sem ég vinn með var í 75 mínútur á leið heim til sín eftir vinnu í gær upp í Árbæ. Þegar þyngslin eru sem mest á leið heim verð ég vond inni í mér af óþolinmæli og algerri fjarveru einhvers konar æðruleysis. Sjálf finn ég hreinlega hatursfullar hugsanir heltaka mig gagnvart bílstjóranum sem gefur mér ekki séns til að skipta um akrein eða komast inn á eina þeirra og fer kannski ruddalega fram fyrir mig.

Þessar ömurlegu kenndir eru sérstaklega gagnvart flottu bílunum, Range Roverum og Land Rover, Teslu og þessum dýru flottu sem mér finnst montið fólk aka á – sjaldnar gegn Yaris, eins og ég er á sjálf – en kemur þó líka fyrir á verstu dögunum. Eftir góðan nætursvefn fer ég stundum að velta fyrir mér yfir morgunkaffinu af hverju maður lætur svona.

Þessi hamskipti og þessar eitruðu neikvæðu hugsanir sem gera mann sjálfan svo örmagna að maður getur varla eldað kvöldmat þegar heim er komið. Maður þarf að aðgæta sitt eigið sálartetur. Sumt er bara eins og það er. ■




